



Hug- og félagsvísindasvið

Þjóðfélagsfræði

2014

„Þeir verða að finna...annað til að láta ástúðina bitna á“:

Saga hundahalds í Reykjavík 1924-1984

Martha Elena Laxdal

Lokaverkefni við Hug- og félagsvísindasvið



Hug- og félagsvísindasvið

Þjóðfélagsfræði

2014

„Þeir verða að finna...annað til að láta ástúðina bitna á“:

Saga hundahalds í Reykjavík 1924-1984

Martha Elena Laxdal

Lokaverkefni til 180 eininga B.A.-prófs við Hug- og félagsvísindasvið

Leiðbeinandi: Andrea Hjálmsdóttir

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna.

Martha Elena Laxdal

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A-prófs við Hug- og félagsvísindasvið.

Andrea Hjálmsdóttir

Ágrip

Hundahald hefur á stuttum tíma aukist til muna innan þéttbýlis á Íslandi með tilheyrandi kröfum hundeigenda til sveitarfélaga um aukna þjónustu. Samhliða hefur félagsleg staða hundsins innan vestræns samfélags breyst töluvert. Í ljósi þessarar þróunar er vert að rýna nánar í sögulega þróun hundahalds og er Reykjavík kjörinn vettvangur til þess að varpa ljósi á þróunina hérlandis.

Á árunum 1924 til 2006 ríkti bann við hundahaldi í Reykjavík. Að vísu var reglunum hagrætt árið 1984 á þann veg að hundahald var enn bannað en einstakir hundaeigendur gátu sótt um leyfi til undanþágu að uppfylltum ströngum skilyrðum og hélt það fyrirkomulag til ársins 2006, þegar hundahald var loks gert leyfilegt. Fjölmargir hundar voru engu að síður haldnir í Reykjavík alla tíð, í trássi við lög. Ólöglegt hundahald olli reglulega tilfinningaríkkum samfélagsdeilum sem rötudu gjarnan á síður dagblaðanna. Tókust „hundavinir“ og „hundafjendur“ oft svo harkalega á að deilan um hundana var á tímabili talin til hvössustu deilumála þjóðarinnar. Dagblöð þessa tíma geyma áhugaverða orðræðu sem lýsir ekki aðeins sögulegum viðhorfum Reykvíkinga til hundahalds, heldur veitir hún okkur innsýn í hversdagslegt tilfinningalíf borgarbúans og samspili þess við borgarlíf í örri mótun.

Abstract

Urban dog ownership in Iceland has increased to the point that in some areas the numbers of dog registrations have doubled in a relatively short span of time. Accordingly dog owners in Reykjavík have claimed increased service from the city council in the form of inner city dog parks. Over the years the changing social roles of dogs have been apparent along with historical changes in attitudes to dogs and urban dog ownership. But this has not always been the case. In the years 1924 -1984 dogs were banned from Reykjavík. Nevertheless dogs were always present in the city. The majority of Reykjavík's citizens were against dog keeping in the city and illegal dogs and their owners were often the cause of public dispute which mainly took place on the pages of Iceland's most read newspapers. After years of public debate over the legitimate status of dogs in the fast expanding capital city of Iceland, regulation changes were made in 1984 that allowed the dog owning public to apply for exemption but the principle rule was as before that dogs were banned. It was not until the year 2006 that the city council cancelled the ban over dogs and dog keeping in the city was finally fully legitimized. The focus of this paper is to look into the changing attitudes to the meaning of dogs and urban dog keeping against the backdrop of fast paced social changes that occurred in Reykjavik during the period of the dog ban.

Þakkarorð

Bestu þakkir fær leiðbeinandi minn, Andrea Hjálmsdóttir, fyrir hvatningu og góðar ráðleggingar.
Sérstakar þakkir fær Dr. Níels Einarsson fyrir lán á bókum og góðar uppástungur sem eru geymdar en ekki gleymdar.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Rannsóknarspurningar	5
SAGA HUNDAHALDS Í REYKJAVÍK	5
Forsagan: Hin skæða sullaveiki	7
Tilskipun um hundahald frá 25. júní 1869.....	8
Lög um hundaskatt o. fl. frá 23. maí 1890.....	10
Hundalækningar koma til skjalanna.....	11
Fleiri smitsjúkdómar berast til landsins með dýrum	13
Innflutningsbann kvikfénaðs og húsdýra.....	13
Hundapestin, innflutningsbann hunda og afnám bannsins	15
Sullaveikinni útrýmt.....	16
1924-1959: Hundarnir í Reykjavík	16
Hundahald bannað: Lög nr. 8/1924 og reglugerð nr. 61/1924.....	18
Útrýming hunda hafin	19
Hundar sjaldséð sjón í Reykjavík.....	20
1960-1969: Barátta hundavina fær byr undir báða vængi	21
Hundavinafélagið og Hundaræktarfélag Íslands stofnuð 1969	22
1970 – 1984: Deilan um hundana tekur að stigmagnast.....	22
„Allir hundar sem sjást á almannafæri aflífaðir“	23
Aukinn þrýstingur á borgarstjórn.....	24
„Hundamálið“ fer fyrir Mannréttindanefnd Evrópu.....	25
Heilbrigðismálaráð mælir gegn hundahaldi.....	26
Borgarstjórn hafnar tillögu um takmarkað hundahald.....	27
Hundaeigendur kærðir og fólk situr af sér dómssektir í fangelsi	27
„Fólki fannst það fjári ósvífið að...leyfa sér að eiga hund“	29
Viðhorfsbreyting yfirvalda	30
Albert og Lucy í „lögregluríki Íslands“	32
Hundaneftindin skilar áliti sínu: 4 leiðir færar	33
Hundar á undanþágu	34
Eftirmáli: Kosið um hundahald árið 1988	34
Hundahald loks heimilað í höfuðstaðnum árið 2006.....	35
Samantekt	36
VIÐHORF TIL HUNDA OG HUNDAHALDS Í REYKJAVÍK 1924-1984	38

Heilbrigðis- og hreinlætissjónarmiðið.....	39
Lausir hundar: Verstu óvinir borgarbúans?	39
Ábyrgðarlausir hundaeigendur og tvíræðni hundahaldsins	42
Dýraverndunarsjónarmiðið	45
„Þeir verða að finna sér...annað til að láta ástúðina bitna á“	45
„Þar sem maðurinn er, þar er hamingja hundsins“	47
Samband manns og hunds	50
Hundar sem félagslegir staðgenglar	51
„Hundar samkvæmt lyfseðli“	54
Hundar og börn: Jákvætt uppeldisgildi?	57
Besti vinur mannsins	59
Hundar sem fjölskyldumeðlimir	61
Réttindasjónarmiðið	64
Samantekt	68
NIÐURSTÖÐUR.....	69
UMRÆÐUR OG LOKAORÐ	72
HEIMILDASKRÁ.....	74

Inngangur

Á síðasta áratug hefur hundahald innan þéttbýlis færst mjög í vöxt hér á landi (Heilbrigðiseftirlit, e.d.; „Hundar og kettir líklega aldrei fleiri“, 2014; „Sprenging í hundahaldi“, 2010) og eru dæmi um allt að helmingisaukningu á skráðum hundum innan fjölmennustu sveitarfélaganna (Félag ábyrgra hundaeigenda, e.d.-a.). Rekja má þessa þróun að meginhluta til rýmri reglugerða og breytinga á hundasamþykktum margra sveitarfélaga („Sprenging í hundahaldi“, 2010). Einnig má ætla að breytt viðhorf til hundahalds í þéttbýli sé veigamikill skýringarþáttur.

Í kjölfarið hafa hundaeigendur í þéttbýliskjörnum stofnað með sér hagsmunafélög sem öll hafa það að markmiði að standa að bættri hundamenningu innan þeirra bæjarfélaga sem þau starfa. Þannig var Félag hundaeigenda á Akureyri (FHA) stofnað árið 2010 (Félag hundaeigenda á Akureyri, e.d.-a), Félag ábyrgra hundaeigenda var stofnað af hundaeigendum á Reykjavíkursvæðinu árið 2011 (Félag ábyrgra hundaeigenda, e.d.-b) og einnig hafa hundaeigendur á Akranesi („Fjölmenni endurvakti“, 2010.) og Ísafirði („Hundaeigendur stofna“, 2013) stofnað með sér félög í sama anda. Félögin leggja áherslu á að hundaeigendur séu meðvitaðir um þær skyldur sem fylgja hundahaldinu og taki fulla ábyrgð á dýrum sínum með því að virða ákvæði hundasamþykktu, reglna og annarra lagasetninga hins opinbera sem lúta að hundum almennt.

Í allflestum sveitarfélögum er leyfisveiting til hundahalds háð skráningargjaldi, auk árlegs eftirlitsgjalds eftir það, taumskyldu og annarra ákvæða. Undanfarið hafa hundaeigendur, í krafti félagsþrýstings, farið fram á að sveitarfélögin mæti þessari gjaldinnheimtu með aukinni þjónustu, en hingað til hafa leyfisgjöld runnið í sameiginlegan rekstrarsjóð hvers sveitarfélags fyrir sig og hundaeigendur þar af leiðandi talið sig hafa borið skarðan hlut frá borði. Nokkur fjölmenn sveitarfélög hafa nú þegar tekið vel í óskir hundaeigenda og orðið við kröfum þeirra með tilheyrandi breytingum á deiliskipulagi. Á síðustu 2 árum hafa til að mynda sprottið upp hundagerði innan íbúðahverfa í Reykjavík (Félag ábyrgra hundaeigenda, e.d.-c.) og á Akureyri (Félag hundaeigenda á Akureyri, e.d.-b). Voru þau nauðsynleg og kærkomin viðbót við þau hundasvæði, ætluð hundum til lausagöngu, sem þegar voru til staðar og flest staðsett við ystu mörk íbúabyggðanna.

Þrátt fyrir þróun hundahaldsmála í jákvæða átt er lítið samræmi í gildandi hundasamþykktum á milli sveitarfélaga hérlendis og misjafnt hvort hundahald er heimilað, háð takmörkunum eða jafnvel bannað. Árni Stefán Árnason (2013), hefur í því tilliti bent á að ríkjandi lagalegt misræmi skapi óþarfa réttaróvissu á meðal hundaeigenda:

Hundeigandi í einum kaupstað veit ekki hvernig hann má haga sér með hund sinn í öðrum kaupstöðum. Lendi hann í ógöngum vegna óvæntra uppátækja hjá hundinum getur hann búist við ólíkum viðbrögðum á suður-, vestur-, norður- og austurlandi. Reglur eru ekki þær sömu (Árni Stefán Árnason, 2013).

Telur Árni núverandi fyrirkomulag vera „andstætt stjórnarskrá lýðveldisins um, að allir skulu vera jafnir fyrir lögum“ og misræmið sé bæði „óþolandi og vanvirðing við hundaeigendur“ (2013). Að mati Árna hafa þessar brotalamir, á samræmi hundasamþykktá á landsvísu, staðið í vegi fyrir frekari framþróun því enn sem komið er telst hundamenning hérlendis „mjög skammt á veg komin hér miðað við það sem þekkist erlendis. Sú hugsun að hundar eigi hvergi heima nema í sveit er allt of ríkjandi. Fólk hefur ennþá takmarkaðan skilning á þörfum hunda.“ (Árni Stefán Árnason, 2011). Aðspurður um hvort Reykjavík sé hundavæn borg, tekur Jón Gnarr, núverandi borgarstjóri Reykjavíkur, í sama streng og Árni:

Nei, hún er ekki hundavæn. Reykjavík er aðallega bílvæn borg. Hún er ekki nógu barn-, fjölskyldu- eða hundavæn. Hér hefur allt verið miðað mjög mikið við þarfir bílsins, og þetta er mjög sérkennilegt. Ef þú ferð í bæinn með hund sem almennur borgari, þá veistu í rauninni ekki almennilega hvar þú mátt vera og hvar þú mátt ekki vera með hund. Þetta eru mjög ógreinilegar og skringilegar reglur. En ef þú ert á trukk niðri í bæ, þá þarftu ekki að hafa neinar áhyggjur. Þú ert alls staðar velkominn (Betri borg fyrir hunda, 2011).

Er höfundur fór að kynna sér nánar sögu hundahalds á Íslandi kom það henni á óvart að tiltölulega stutt er síðan hundahald var heimilað í Reykjavík, fjölmennasta þéttbýli landsins. Árin 1924-1984 ríkti algert hundabann í höfuðstaðnum. Eftir töluverðar deilur, sem spönnuðu 60 ár, voru reglur um hundahald loks rýmkaðar árið 1984. Samkvæmt lögum var hundahald þó enn bannað, en þeir hundaeigendur sem þegar héldu hunda, gátu sótt um sérstaka undanþágu fyrir dýr sín að uppfylltum ströngum kröfum og greiðslu sérstakra leyfisgjalda. Fjórum árum síðar fór fram borgaratkvæðagreiðsla um hvort leyfa ætti hundahald eða banna það áfram og urðu niðurstöður þær að hundahald var áfram bannað en undanþáguákvæðið framlengt. Allt frá upphafi hundabannsins spunnust stigmagnandi deilur á meðal íbúa borgarinnar og fóru þær helst fram á síðum dagblaðanna í formi innsendra erinda og blaðagreina, auk annarrar fréttaumfjöllunar. Reykvískir hundaeigendur urðu engu að síður að bíða til ársins 2006 eftir að barátta þeirra skilaði árangri.

Rannsóknarspurningar

Efni ritgerðarinnar fjallar um sögu hundabannsins í Reykjavík á árunum 1924-1984, eins og hún birtist á síðum dagblaðanna. Stuðst er við heimildir úr helstu dagblöðum tímabilsins sem fengnar voru af gagnagrunni timarit.is, sem er rafræn þekkingarveita Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Einkum verður leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- a) Af hverju var banni við hundahaldi komið á í Reykjavík 1924? Hvers vegna varð það eins langt og raun bar vitni?
- b) Hver voru helstu rök þeirra sem voru á móti hundahaldi í borginni? Hvaða viðhorf til hunda og hundahalds voru áberandi? Hvernig þróuðust þessi viðhorf?
- c) Hver voru helstu rök þeirra sem voru fylgjandi hundahaldinu? Hvaða viðhorf til hunda og hundahalds voru áberandi? Hvernig þróuðust þessi viðhorf?

Þrátt fyrir mikilvægi blindra-, spor- og leitarhunda fyrir mannlegt samfélag var nauðsynlegt að afmarka efni ritgerðarinnar við helstu atburði hundadeilunnar í Reykjavík, 1924-1984, með áherslu á hundahald almennings og félagslega stöðu heimilishundsins innan þéttbýlis.

Ennfremur verða aðeins þau viðhorf sem voru hvað mest áberandi í umræðunni tekin til efnislegrar umfjöllunar.

SAGA HUNDAHALDS Í REYKJAVÍK

Af hverju að velja sögu hundanna í Reykjavík sem umfjöllunarefni? Þorkell Bjarnason hefur bent á mikilvægi þess að skrá og halda til haga sögu alþýðumenningar. Hann bendir á að þeir fjölmörgu þræðir fortíðar sem vefa saman ríkjandi þjóðfélagsástand koma gjarnan úr mörgum áttum samfélagsins sem ekki allar öðlast jafnt vægi á ritvelli sögubókanna:

Margar breytingar tímans geymir sagan að vísu, en þó venjulega aðeins hinar mikilvægari. Smábreytingarnar hverfa með kynslóðunum sem þær fara fram hjá. Þær hafa þótt of litlar til þess, að nokkur hafi fært þær í letur, og grafast því að eilífu með þeim, sem lifðu þær. En þó hafa þær að mörgu leyti myndað ástandið, sem á eftir (*sic*) kom, og eru því í sjálfu sjer (*sic*) næsta þýðingarmiklar (Þorkell Bjarnason, 1892:271).

Íslenskur sagnaarfur er þó ríkur af ólíkum heimildum um samfélagslega og persónulega hagi landsmanna. Sigurður G. Magnússon (1993) bendir á að fjölmargar mikilvægar heimildir um íslenska alþýðumenningu hafi varðveist í sjálfsævisögum, dagbókum og persónulegum

bréfum fólks frá ýmsum tímum. Þar sem flestar þessar heimildir byggja á beinum vitnisburði einstaklinga lýsa þær gjarnan þeim *innri aðstæðum* fólks, þ.e. heimsmynd þeirra, gildismati og tilfinningum, sem ekki eru jafn aðgengilegar og hinar *ytri aðstæður* mannlífsins sem almennar sögubækur fjalla gjarnan um (Sigurður G. Magnússon, 1993:270).

Saga hundanna, á tímum hundabannsins í Reykjavík, er mikilvæg heimild um slíkar *innri aðstæður* íslenskrar alþýðumenningar, enda gjarnan sagt að saga hundsins sé í raun saga mannsins (Swart, 2003). Líkt og með önnur þjóðfélagsleg þrætuepli var hundahaldið í höfuðborginni gjarnan rætt á vettvangi dagblaðanna þar sem þeir, sem voru ýmist með eða á móti hundahaldinu, tókust á með ýmsum rökum. Deilunni um hundana í Reykjavík hefur verið lýst sem einu af „hvössustu deilumálum þjóðarinnar“ („Þeir verða“, 1971), svo tilfinningarík varð umræðan – og jafnvel hatrömm á tímabili. Sú umræða er ómetanleg heimild um þau viðhorf sem almenningur hafði, ekki aðeins gagnvart hundum, hundaeigendum og réttmæti hundahalds í höfuðstaðnum, heldur einnig um náungann, nútímann, sjálfan sig og mannlegt eðli. Því fannst höfundi áhugavert að rýna efnislega í þá umræðu og taka hana til umfjöllunar hér.

Þrátt fyrir hundabannið voru hundar alla tíð hluti af borgarlífinu þar sem fjölmargir hundaeigendur virtu bannið að vettugi og héldu áfram að halda hunda sína í trássi við bæði lög og neikvæð viðhorf þeirra sem voru ekki hlyntir dýrahaldi innan borgarmarkanna. Engu að síður hefur saga hundanna og eigenda þeirra af einhverjum ástæðum ekki fengið sinn stað í flestum þeim sögubókum sem fjalla um sögu Reykjavíkur, nema þá ef vera skyldi í mýflugumynd. Þorsteinn Thorarensen ritaði þó ágæta samantekt, yfir helstu punkta hundadeilunnar í Reykjavík, í kafla sem ber heitið Samfélagið og lögin og er aftast í *Stóru Hundabók Fjölva* og er eftir Joan Palmer. Bókin var gefin út í íslenskri þýðingu árið 1985. Einnig fjallar Þórunn Erla Valdimarsdóttir (1986) um hunda borgarinnar og sögulegar rætur þeirrar íslensku andúðar sem oft gætir í garð þeirra í bók sinni *Sveitin við Sundin*. Segir Þórunn andúðina upphaflega tilkomna vegna þess nána sambýlis manna, hunda og sauðfés sem tíðkaðist hér fyrir á tímum. Samspilið skapaði kjörlendi fyrir sullaveikisbandorminn sem ógnaði lífi og heilsu manna um langan tíma (Þórunn Erla Valdimarsdóttir, 1986:186-192; „Tolla skyldi“, 1986). Það er því ekki úr vegi að hefja sögu hundahaldsins í Reykjavík með yfirliti yfir undanfara hundabannsins – sullaveikina, sem herjaði á landann í árhundruð og hvarf ekki að fullu fyrr en fyrir rétt rúmum 30 árum.

Forsagan: Hin skæða sullaveiki

Sú var tíðin að útlendingar tengdu Ísland helst við sullaveikina ef marka má orð Guðmundar Magnússonar í kveri sínu *Yfirlit yfir sögu sullaveikinnar*. Þótti það síður en svo gott orðspor fyrir Íslendinga en lýsir því vel hve ástandið var alvarlegt:

Það er alkunnugt, að Ísland hefur lengi verið talið versta sullaveikisbælið í Norðurálfu og þó víðar væri leitað... (Guðmundur Magnússon, 1913:1).

Talið er að sullaveikin hafi upphaflega borist til landsins með sýktum hundum sem fluttir voru inn frá Vesturlöndum, einkum Þýskalandi. Elstu fornbókaheimildir geta þess að um 1200 hafi sjúkdómsmynd sullaveiki þekkt bæði í mönnum og skepnum (Guðmundur Magnússon, 1913). Við fornleifauppgröft á Skriðuklaustri hafa fundist minjar um langt gengin sullatilfelli og bendir ýmislegt til þess að strax fyrir 1550 hafi veikin verið þó nokkuð útbreidd og vel skilgreind (Steinunn Kjartansdóttir, 2010). Þess var þó lengi að bíða þar til læknisfræðilegar rannsóknir leiddu í ljós orsakir og eðli sullaveikinnar, sem lengi vel var þekkt undir heitinu lifrarveiki. Danski læknirinn Harald Krabbe kom til landsins árið 1863 og dvaldi hér við rannsóknir á bandormum í hundum og naut við þá vinnu liðstyrks Jóns Finsen, héraðslæknis á Akureyri. Komust þeir að því að sullaveikisbandormurinn í hundum hér á landi var 47 sinnum algengari en tíðkaðist í Danmörku og töldu þeir að 28% íslenskra hunda væru sýktir. Á þessum tíma voru Íslendingar um 70 þúsund talsins en áætlaður hundafjöldi var á sama tíma 15 – 20 þúsund, eða einn hundur á hverja 3-4 íbúa. Ályktaði Krabbe að útbreiðsla og algengi sullaveikinnar hérlendis skýrðist einkum af því að hér voru, miðað við höfðatölu, mun fleiri hundar en hann þekkti dæmi til annars staðar frá. Rannsóknunum Krabbe og Finsen lauk með þeim niðurstöðum að sullaveiki í mönnum (e. Hydatid disease) væri tilkomin af bandormstegund, *Echinococcus granulosus*, sem lifði í þörmum hunda (Guðmundur Magnússon, 1913). Önnur tegund bandorms sem lifði í hundum var *Coenurus cerebralis*, en hann olli höfuðsótt í sauðfé (Sigurður E. Hlíðar, 1924).

Í þörmum hundsins náðu bandormsegg og –lirfur kynþroska, fullvaxta ormurinn tímgaðist og verpti eggjum sem skildust svo út í umhverfið með hægðum hundsins. Þar sem hundar, sauðfé og nautgripir ráfuðu gjarnan um sömu túnin var algengt að bandormsegg úr smituðum þúfum rötuðu ofan í meltingarveg grasbíta sem sýktust í kjölfarið. Hundar átu svo sulli úr sláturúrgangi, eða fengu þá ofan í sig þegar þeir lögðust á fé úti í haga og þannig viðhélst hringrásarferlið. Einnig var náið samneyti með mönnum og hundum sem jók hættuna á að eggin bærust ofan í meltingarveg manna þar sem þau klekktust út svo vökvafylltar sullablöðrur (ormalirfur) mynduðust í líffærum, gjarnan lifur og lungum (Karl Skírnisson,

2012). Með tímanum ullu þessar blöðrur gífurlegum sársauka og gátu jafnvel orðið svo stórar um sig að þær skekktu hryggjarliði (Steinunn Kjartansdóttir, 2010). Sullaveikin gat dregið fólk og skepnur til bana, fengi hún að grassera nægilega lengi. Á tímum rannsókna Krabbe kom síðar í ljós að fimmti hver Íslendingur var smitaður af sulli og létu margir lífið af völdum veikinnar (Guðni Arinbjargar, 1989; „Rannsóknarstofan við“, 1959). Það var þó ekki endilega dauðadómur að sýkjast af sullabandormi. Oft var hægt að skera blöðrur burt eða stinga á kýlum og hreinsa orminn út (Páll A. Pálsson, 1992). Seinna tóku lyflækningar við. Þó var augljóst í huga Krabbe að til þess að ráða niðurlögum sullaveikinnar varð að rjúfa lífsferil bandormsins. Taldi hann að besta leiðin væri að fækka hundum og fræða íslenska alþýðu um eðli sullaveikinnar og leiðir til varnar smithættu. Ritaði Krabbe því alþýðubæklinginn *Athugasemdir handa Íslendingum um sullaveikina og varúðarreglur gegn henni*, sem gefinn var út 1864 og dreift á meðal landsmanna ókeypis. Stuttu síðar var *Tilskipun um hundahald* gefin út, í því augnamiði að fækka hundum og tók hún gildi þann 25. júní 1869 (Guðmundur Magnússon, 1913).

Tilskipun um hundahald frá 25. júní 1869

Tilskipun um hundahald lagði áherslu á að haldin væri skrá yfir hundafjöldann á landinu, 2ja ríkisdala hundaskattur yrði lagður á þá umfram hunda sem bændur töldu sig ekki þurfa og að hluteigandi aðilum yrði skylt að grafa eða brenna sullamengað slátur og sjá til þess að hundar kæmust ekki í að éta það (Island, 1853). Brot á lagagreinum varðaði fésektir og tilgangur þeirra var að fækka hundum eins og mögulegt var í því skyni að stemma stigu við sullaveikinni. Viðbrögð íslenskra yfirvalda og almennings við *Tilskipuninni* voru ekki eins góð og til var ætlast því menn fundu strax annmarka á útfærslu lagaákvæðanna eins og lesa má hér:

Sjerhver sá búandi, ríkur eða fátækur, sem nokkurn fjenað á, hann getur *ekki* með nokkru móti án þess verið, að hafa hund eða hunda. Margir búendur vildu mikið til gefa, að þurfa engan hund að hafa. En það dugar ekki. Það er ekki hægt að verja tún, reka úr engjum, reka fje (*sic*) á afrjett (*sic*) eða af, smala hagana, án þess að hafa hund. Það eru vissir erfiðleikar við sveitabúskapinn, sem varla verður sigrazt (*sic*) á nema með hundi (Búandi í sveit, 1889).

Mjög misjafnt væri eftir bæjum hve marga hunda þyrfti og færi það ekki aðeins eftir umfangi búfjárræktar heldur einnig hversu nýtir hundarnir væru. Einnig gæti það reynst beinlínis háskalegt fyrir afkomu bænda, sem voru háðir hundum við smölun búfénaðs á tímum þar sem

girðingar þekktust ekki, að áætla sér of fáa hunda því ef hundafár¹ gengi yfir gætu þeir misst nauðsynlega vinnuhjálp á einu bretti. Einnig þótti erfitt að framfylgja reglum um að grafa eða brenna sullamengað slátur og hausa því á þessum tíma var miklu fé „slátrað í senn, á ýmsum stöðum og ýmsum tímum árs“ undir beru lofti auk þess sem, á tímum sults og seyru, flestir myndu ekki slá hendinni á móti hausum og öðru slátri af sýktum skepnum ef aðeins þeir skildu sullana frá eins vandlega og þeir gætu („Tilskipun um hundahald“, 1871). Mönnum fannst því almennt hæpið að lögin næðu þeim tilgangi að útrýma sullaveikinni með fækkun hunda einni saman. Það varð úr að hreppstjórar fylgdu málum illa eftir og bændur „töldu enga hunda óþarfa“ (Guðmundur Magnússon, 1913:42). Hundum fækkaði mjög lítið á næstu árum og reyndist *Tilskipunin* því harla gagnslítill þegar allt kom til alls, eins og spáð var í upphafi. Einnig var það mat yfirvalda, og einkum lækna, að íslensk „alþýða hafi verið seintekin og treg til að leggja trúnað á [þá] fræðslu“ sem þeim var boðin um eðli og orsakir sullaveikinnar (Guðmundur Magnússon, 1913:46; Schierbeck, 1883; Jónas Jónassen, 1883, 1884; Björn Jónsson, 1884). Er hér verið að vísa í tvenna fræðslubæklinga sem voru ritaðir af íslenskum læknum og dreift ókeypis til landsmanna líkt og bæklingi Krabbe forðum, auk opinberra tilmæla til fólks sem birtust reglulega á síðum dagblaðanna um nauðsyn hundavarúðarinnar og hættu sullaveikinnar.

Fannst mönnum almenningur yfirleitt ekki gæta nægilegrar varúðar í umgengni við hunda. Til dæmis virðist það hafa verið til síðs á mörgum bæjum að hundum var leyft að sleikja aska fólksins, valsa um tún og hlöður, liggja í fóðurheiyi sauðfjár um nætur og lepja neysluvatn úr ílátum manna (Búandi í sveit, 1889; Jónas Jónassen, 1886, 1887, 1888; „Hundar á Íslandi“, 1976). Jónas Jónassen, þáverandi læknir og alþingismaður, bendir á það í doktorsritgerð sinni, árið 1882, að svo virtist sem almenningur legði engan trúnað á að hundarnir yllu sullaveikinni og gættu í kjölfarið ónægðar varúðar við þá (sjá Guðmundur Magnússon, 1913:46). Þótti Jónasi (1885) sérstaklega mikilvægt að fólk gætti hundavarúðar í kringum börnin og hefði þannig vit fyrir þeim:

Á tveim bæjum fyrir austan (jeg nafngreini þá ekki) var sérstaklega (*sic*) haldið upp á hunda og börnin einlægt látin vera að leika sjer (*sic*) að þeim og þeir látnir mjög opt (*sic*) sofa í rúmunum. Á öðru heimilinu ólst upp piltur sem varð sullaveikur og dó ungur eptir (*sic*) miklar þjáningar; á hinu heimilinu ólust upp 3 börn, 1 telpa og 2 drengir; systirin er dain úr sullaveiki, en 2 bræður lifa, báðir sárþjáðir af sullaveiki. Er þetta eigi hin *alvarlegasta áminning* um að hafa nákvæma aðgæzlu (*sic*) á því, að láta börnin eiga sem minnst við hunda og yfir

¹ Hundafár, öðru nafni hundapest, er bráðsmitandi veirusjúkdómur sem leggst á öndunarfæri hunda og veldur lungnabólgu sem dregur yfirleitt hunda til dauða, en getur einnig lagst á meltingarfæri og miðtaugakerfi og valdið lómum („Hundapestin er víða“, 1966).

höfuð að tala gæta allrar þeirrar varúðar, sem svo opt (*sic*) er búið að brýna fyrir almenningi? (Jónas Jónassen, 1885).

Þá batt Jónas miklar vonir við yngri kynslóðina, sem hann taldi að væri mun móttækilegri fyrir nýjum áherslum í umgengni við hunda og þeirri sullaveikisfræðslu sem stóð til boða. Þótti honum eldri kynslóðin vera gjörn á að sýna af sér „ófyrrirgefánlegt skeytingarleysi“ með því að hirða lítið um hundavarúðina og draga ráðleggingar lækna í efa en halda þeim mun fastar í rótgrónar alþýðusögur sem erfitt var að útrýma. Rakti hann dæmi um fjölskyldu sem lét hunda sína sleikja innan úr öskum sínum eftir máltíðir, blésu svo kross í hann og settu til hliðar. Aðspurð um hví þau gættu ekki tilskipaðrar varúðar í umgengni sinni við hundana sögðu þau einungis að þetta hafi þau alltaf gert og þó kenndu þau sér einskis meins. Efuðust þau því um réttmæti varnaðarorða lækna um að hundarnir bæru ábyrgð á sullaveikinni, en lögðu fremur áherslu á lækningarmátt hundstungunnar, sem þau trúðu að væri hið „besta lækni-meðal, og mikið betri enn (*sic*) sumt þetta meðal-asull lækna“ (Jónas Jónassen, 1888).

Tæpum fjórum áratugum síðar var enn verið að brýna fyrir mönnum nauðsyn þess að halda hundum frá sláturúrgangi og leyfa þeim ekki að valsa um eftirlitslausum. Jónas Kristjánsson, læknir, var á sama máli og nafni sinn forðum. Hann var á þeirri skoðun að flest „nýbreytni, sem að gagni má verða, á vanalega erfitt uppráttar. Fólkið er fastheldið og seint að læra“ (Jónas Kristjánsson, 1925). Því taldi hann að sveitasamþykktir og lagaleg sektarákvæði væru gagnlítill verkfæri til að takast á við vandann sem fylgdi hundum og sullasmithættu. Samhuga vilji og fullkominn skilningur fólksins á eðli vandans væri sú lausn sem vænlegust væri til árangurs en ekki eintóm boð og bönn (Jónas Kristjánsson, 1925).

Lög um hundaskatt o. fl. frá 23. maí 1890

Þeir læknar sem sátu á Alþingi tóku höndum saman og sömdu nýtt frumvarp til laga sem þeir vonuðust til að myndi verða til þess að bæta ástandið. *Lög um hundaskatt o. fl.* tóku gildi 23. maí 1890 og þar með féll hin gagnslitla en vel meinta *Tilskipun um hundahald* úr gildi. Helstu breytingarnar voru þær að nú skyldi innheimtur hundaskattur af öllum hundum og greiddar 2 krónur af þarfahundum en 10 krónur af óþörfum hundum auk þess sem sýslunefndum var veitt heimild til hundalækninga („Alþingi“, 1889; Guðmundur Magnússon, 1913). Enn voru menn ekki sammála um gagnsemi lagasetningarinnar og töldu margir að hún næði ekki tilgangi sínum frekar en *Tilskipunin* gamla. Greindi menn helst á um sanngirni þess að innheimta skatt af öllum hundum auk þess sem vangaveltur voru uppi um hvort hundalækningarnar myndu skila tilætluðum árangri. Hér á landi voru hundar almennt álitnir

bæði verðlausar og arðlausar skepnur. Töldu menn að, vegna fjölda þeirra, fengist ekki ein króna fyrir hund, nema þá ef vera skyldi á tímum hundafárs þegar meiri spenna myndaðist milli framboðs og eftirspurnar. Þar að auki væri ekki hægt að nýta dauðan hund, líkt og dauðan hest til dæmis, þar sem hundar væru dysjaðir með húð og hári á meðan hægt væri að minnsta kosti að eta kjötið af hestinum. Einnig myndi flatur hundaskattur auka á ójöfnuð á milli búenda misjafnra jarða, þar sem auðugur búandi á góðri jörð kæmist af með færri hunda en fátækur búandi á erfiðari jarðareign. Því myndi hundaskatturinn að lokum einungis koma til með að bitna á landbúnaðinum í formi skerðingar á þeirri tíund sem goldin var af öðrum búskepnum (Búandi í sveit, 1889).

Hundalækningar koma til skjalanna

Hundalækningar fóru fram þannig að hundar voru kallaðir til hreinsunar á ákveðnum dögum eða lyfjaskömmtum úthlutað til hundaeigenda og þeim einkum gefin inn tvenns konar ormalyf. Annars vegar Kamala, sem var gefin inn með mjólk og hafði 3-5 klst. verkunartíma. Gallinn á Kamala inngjöfum var sú að yfirleitt losnuðu aðeins liðir bandormsins en sjaldan hausinn, sem var ómögulegt vegna þess að hausinn hóf að mynda liðina jafnharðan sæti hann eftir. Hins vegar var hundum gefið inn Areca-duft sem hafði styttri verkunartíma en var talið nægilega kröftugt til að gera út af við haus bandormsins og þar með hann allan. Gallinn við Areca-duftið var sá að fylgjast þurfti vel með að hundar ældu því ekki upp úr sér þar sem það hafði tilhneigingu að valda magaólgu. Töldu menn að þrálát sullatilfelli í sauðfé væri lélegum hundahreinsunum og notkun á Kamala að kenna (Sig. Einarsson, 1911). Einnig lá gagnsemi hundalækninga fyrir álitum. Efuðust menn um skynsemi þess að bændum væri skömmtuð lyf og ætlað að sjá um hreinsunina sjálfir því þrátt fyrir að sýslunefndir gæfu út hundasamþykktir þar sem kveðið var á um skyldur bænda til hundahreinsunar var þeim illa eða ekki fylgt eftir. Sums staðar dögudu lyfjaskammtarnir uppi á hillum hundaeigenda í stað þess að þeir næðu virkni í þörmum hundanna („Hreinsun hunda“, 1907; „Er sullaveikin“, 1920; Sigurður E. Hlíðar, 1924; „Heilbrigði þjóðarinnar“, 1933).

Þegar rannsókn á sullatilvikum í sauðfé sem slátrað var í sláturhúsum á Sauðárkróki árið 1924 leiddi í ljós að yfir 80% bæja átti sullamengað fé, voru efasemdarraddir undangenginna ára staðfestar og ljóst þótti að gagnsemi og framkvæmd hundalækninganna var engan veginn ásættanleg og jafnvel verri en engin:

Hundahreinsun þykir víðast óþrifaverk, sem flestir eru ófúsir að vinna. Því fylgir víða hálfgerð fyrirlitning, og þess vegna unnið með slægu eftirliti. Um árangur hundahreinsunarinnar má líklega segja svipað og um sóttahreinsun eftir

næma sjúkdóma, t. d. taugaveiki. Að sótthreinsun lokinni hverfur öll varúð og þrifnaðaraðgætni, og að því leyti sje (*sic*) hundahreinsun verri en engin. (Jónas Kristjánsson, 1925:3).

Þótti Jónasi ljóst að enn kæmust hundar í sulli, þó svo þeir væru ekki að smita menn í sama mæli og áður. Sullaveiki í mönnum hafði rénað svo um munaði og því ljóst að bændur og búalið höfðu þó haft meiri aðgát í umgengni sinni við hundana en tíðkaðist fyrr á tímum. Eitthvað virtist athyglisgáfan svíkja suma engu að síður. Tók Jónas eftir því að hundur eins bóndans, sem fylgdi honum er hann kom með sullamengað fé til slátrunar á Sauðárkrók, var með lafandi bandorma úr endaþarminum sem bóndinn hafði ekki tekið eftir fyrr en Jónas benti honum á það. Neyddist bóndinn því til að lóga öllum hundum sínum og fá sér nýja (Jónas Kristjánsson, 1925). Taldi Jónas vænlegast í stöðunni að fyrst ekki væri hægt að lóga öllum hundum í landinu, þar sem helsti atvinnuvegur landsins þarfnaðist þeirra, væri besta ráðið að fækka þeim til muna. Lóga þyrfti eldri hundum og þeir yngri hafði mýldir utandyra þannig að þeir gætu ekki étið nema undir eftirliti. Einnig væri kominn tími til þess að fólk færi að ala hunda sína mun betur en tíðkaðist og bæta hundamenningu í landinu:

Hundarnir ganga hjer (*sic*) á landi meira sjálfráðir en nokkur önnur húsdýr. Á flestum bæjum eru þeir ekki betur vandir eða tamdir en svo, að þeir líkjast miklu fremur villidýrum en tömdum húsdýrum. Það er ekki óalgengt, að hundar á sumum bæjum ráðist, að aðkomandi fólki með ægilegum aðgangi og galti, og ráðist oft á hesta undir mönnum, bíti þá og trylli, svo að oft hlýst slys af; þó að heimafólkið hasti á þá, taka rakkarnir ekkert tillit til þess...Það lítur svo út, sem hundarnir hafi vanið fólkið, en fólkið ekki hundana. Það er óhætt að fullyrða, að hundarnir hjer (*sic*) á landi setja á okkur Íslendinga skrælingjamerki í tvennskonar skilningi, bæði sem ótamin dýr og óþrifadýr, hvorttveggja er hundaeigendum að kenna, og ber vott um skort á menningu (Jónas Kristjánsson, 1925:3)

Matthías Einarsson (1925), læknir og formaður Læknafélags Reykjavíkur, taldi að mýling hunda yrði alltof fyrirhafnarsöm til að bera árangur og yrði aðeins til þess að fólk yrði enn hirðulausara um sullahættuna en áður. Þar að auki sá hann ekki fyrir sér að almenningur í sveitunum hefði tíma eða nennu til að vera í sífellu að mýla „ekki betur tamda hunda en okkar“ (Matthías Einarsson, 1925:3). Þess heldur taldi Matthías að „happadrýgsta sporið, sem til þessa dags hefir verið stigið til útrýmingar sullaveikinnar sje (*sic*) einmitt þessi breyting á búnaðarháttum, að hætta að færa frá, þótt ekki væri breytingin í því skyni gerð“ (Matthías Einarsson, 1925:2). Matthías hafði komist að því að tíðni sullaveikinnar var langhæst á meðal kvenna á aldrinum 20-40 ára mun hærri en á meðal karla á sama aldri. Taldi hann orsökina eiga rætur í þeirri venju sem tíðkaðist lengi hér áður fyrr að láta stúlkur frá fermingaraldri byrja að mjólka ær, eða *færa frá*, eins og það var kallað. Í kjölfar þess að síður þessi lagðist að

mestu af upp úr 1910 fór meiri jöfnuður að myndast á milli kynjanna sem greindust með sulli og þótti því tilgáta Matthíasar eiga við rök að styðjast. Þeir þættir aðrir sem Matthías lagði áherslu á voru upphaflegar ráðleggingar Krabbe, frá 1864, með sérstakri áherslu á gildi handþvottar þegar fólk færi úr einum starfa í annan (Matthías Einarsson, 1925). Dæmi um aðrar þjóðfélagslegar breytingar sem skiptu sköpum fyrir niðurlag sullaveikinnar voru tilkoma sláturhúsanna upp úr 1910 (Sigurður Sigurðsson, 1908) og breytingar á vegakerfinu upp úr 1930 sem urðu til þess að samgöngur dýralækna til afskekktara sveita bötnuðu og auðveldara varð fyrir bændur að njóta þjónustu dýralækna og læknisfræðilegrar kunnáttu þeirra í stað þess að fúska við það sjálfir (Dýralæknafélag Íslands, e.d.). Ekki má gleyma víðtækari regluramma um bann við innflutningi húsdýra.

Fleiri smitsjúkdómar berast til landsins með dýrum

Ýmsir aðrir sjúkdómar en sullaveikin bárust inn í landið með aðfluttum skepnum og skepnuafurðum. Þeirra á meðal var fjárkláði sem barst hingað 1855 og „olli geysitjóni og heiftugum deilum um áratuga skeið“ (Páll A. Pálsson, 1991-1992). Stuttu síðar hófst innflutningur á ósútuðum nautshúðum til skógerðar en þeim fylgdi miltisbruni sem olli verulegu tjóni á einstökum bæjum vegna þess að „þar sem hræ af miltisbrunasjúklingum voru grafin var veikin síðar að stinga sér niður aftur og aftur ...því gró miltisbrunasýkla lifa áratugum saman“ (Páll A. Pálsson, 1991-1992). Menn gerðu sér því ljósa grein fyrir því að full þörf var á að setja lög og reglugerðir sem takmörkuðu innflutning dýra og dýraafurða svo mætti draga úr hættunni á útbreiðslu smitsjúkdóma.

Innflutningsbann kvikfénaðs og húsdýra

Magnús Einarsson, yfirdýralæknir, beitti sér fyrir því að innflutningsbann við erlendu kvikfé, sem hafði verið í gildi frá 17. mars 1882, yrði breytt þannig að það tæki til fleiri dýrategunda og fallið yrði frá sérstöku undanþáguákvæði (Páll A. Pálsson, 1992). Voru tillögur Magnúsar samþykktar, fyrst með lögum þann 10. nóvember 1905 og síðar þann 9. júlí 1909. Þannig varð bannað að flytja inn nautgripi, sauðfé, hesta, svín, geitur og hunda og átti það stóran þátt í því hversu vel tókst til við að halda sjúkdómum í skepnum niðri. Við næstu lagabreytingar, á árunum 1926-1933, voru heimildir ríkisstjórnarinnar til þess að flytja inn sauðfé til búslátrunar og skinnvinnslu auk holdanauta lögfestar en hert var á reglum varðandi innflutning á ýmsum vörutegundum sem báru með sér smithættu. Á þessum tíma var mikið um gin- og klaufaveiki víðs vegar í Evrópu, auk svínapestar og hæsnapestar, og því við hæfi að hafa fullan vara á að hleypa ekki smitsjúkdómum inn í landið að óþörfu. Ástæða þess að

slakað var á innflutningshöftum sauðfjár og nautgripa lá í þeirri von og trú að „á alvarlegum krepputíma [gæti innflutningur erlendra búfjárkynja] styrkt fjárhagsafkomu landsmanna ekki síst bænda“ (Páll A. Pálsson, 1991-1992). Því miður fór allt á annan veg því með skepnunum „bárust sjúkdómar sem urðu að farsóttum, garnaveiki, votamæði, þurramæði og sennilega kýlapest, með nautgripunum hringskyrfi svo þeir voru felldir“ (Páll A. Pálsson, 1991-1992).

Í stað þess að efla afkomu og atvinnuhætti ollu sjúkdómar þeir, sem bárust til landsins með þessum innflutningi, geysitjóni beint og óbeint og eru sumir þeirra nú orðnir landlægir og vonlítið að uppræta þá eins og þekking manna nær nú...Eins og ljóst má vera...hefur innflutningur lifandi dýra eða búfjárafurða til landsins í för með sér hættu á því að með honum berist smitsjúkdómar hvernig sem um hnútana er búið. Því verður aldrei of varlega farið í þeim efnum. Gildandi lagareglur um smitsjúkdóma dýra hér á landi og hömlur gegn innflutningi dýra og afurða þeirra eru því seint of strangar (Páll A. Pálsson, 1991-1992).

Í kjölfar ófaranna spunnust „hatrammar deilur“ á meðal dýralækna með þeim afleiðingum að innflutningur lifandi dýra lá að mestu niðri næstu áratugina (Halldór Runólfsson, e.d.). Þó var loðdýrarækt sett á fót hér í byrjun 4. áratugarins og fékkst undanþága til innflutnings minka og silfurrefa en ekki tókst mönnum betur til en svo að dýrin sluppu út í náttúruna þar sem þau hafa gert kunnan usla síðustu áratugi. Aftur var gerð tilraun með loðdýrarækt árið 1970, að viðbættum kanínum, en þrátt fyrir fyllstu varúð var engin leið að girða fyrir smitsjúkdóma sem fylgdu dýrunum (Páll A. Pálsson, 1991-1992). Sérstök varúð var viðhöfð gagnvart smitsjúkdómum sem fylgdu sauðkindinni og árið 1948 var innflutningur lifandi dýra háður mjög ströngum skilyrðum. Dæmi um smitsjúkdóma sem bárust hingað með mönnum eða matvörum næstu árin voru m.a. svínapest og blöðrupot², nautaberklar³ og hringskyrfi⁴ (Páll A. Pálsson, 1991-1992). Árið 1973 var fyrstu einangrunarstöð dýra sem flutt voru til landsins komið á fót þegar Landbúnaðarráðuneytið lét reisa einangrunarstöð fyrir nautgripi í Hrísey („Frumvarp til laga“).

² „Svínapest og blöðrupot eru virusjúkdómar sem hingað bárust með matarleifum frá hernum. Hvoru tveggja sjúkdómur olli miklu tjóni á svínabúum suðvestanlands“ (Páll A. Pálsson, 1992-1992) Varnarliðið var með sérstakan innflutningssamning undir eigin lögum og flutti inn hunda og matvörur að vild („Undir heraga“, 2003).

³ „Nautaberklar hafa sennilega borist hingað með útlendum berklaveikum fjósamanni sem hirti kýr á skólabúinu á Hólum í Hjaltadal 1958. Allir nautgripir staðarins voru loks felldir og höfðu þá allir smitast. Talið var að tvö ungmenni á staðunum hefðu smitast sennilega af ógerilsneyddri mjólk“ (Páll A. Pálsson, 1992-1992).

⁴ „Hringskyrfi barst til landsins með breskum holdanautum og voru þau felld. Síðan hefur þessi sjúkdómur, sem er smitnæmur húðsjúkdómur sem sveppir valda, tvisvar borist til landsins með útlendingum sem sinntu hér fjósverkum... Aðgerðir til að uppræta sjúkdóminn ollu bændum miklum óþægindum og niðurskurður á sauðfé og hrossum olli verulegum útgjöldum fyrir ríkissjóð“ (Páll A. Pálsson, 1992-1992)..

Hundapestin, innflutningsbann hunda og afnám bannsins

Mikill áhugi var fyrir hundaræktun á áttunda áratugnum í kjölfar þess að Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) var stofnað árið 1969 (Hundaræktarfélag Íslands, e.d.). Frú Jean Lanning, breskur alþjóðadómari hundaræktarsýninga, var fengin til landsins til að dæma á fyrstu hundasýningu HRFÍ sem haldin var í Hveragerði⁵ þann 25. ágúst 1973 („Ísland er eina“, 1973). Reit frúin skömmu síðar greinarkorn sem birtist í *Alþýðublaðinu* þar sem hún gagnrýnir afleiðingar innflutningsbanns hunda og finnst mál til komið að lögum skuli breytt í takt við tíðarandann:

Sú staðreynd, að hundar geta ekki komið til landsins með löglegum hætti, hlýtur að þýða það, að hundum er smyglað til landsins af og til. Þetta skapar landsmönnum og hundum þeirra mikla áhættu. Í versta falli geta hundar, sem fluttir eru inn á ólöglegan hátt, borið með sér einn af óhugnanlegustu sjúkdómum, sem menn þekkja, hundaæði. Ef hundainnflutningur væri heimilaður, væri slíkri hættu bægt frá með því, að nútíma varúðarráðstöfun yrði þá beitt. Þá myndi aðeins þeim hundum, sem hefðu heilbrigðisvottorð dýralæknis, leyft að koma inn í landið. Einnig myndi þannig vera tryggt, að ónæmisáðgerðir gegn öllum þekktum sjúkdómum, svo sem hundafári og hundaæði. Ísland gæti haft mikilvægt hlutverk í heimi heimilishunda. Þetta gæti þó því aðeins orðið, að aldagömlum fordómum, sem tilheyra liðinni tíð, yrði varpað fyrir róða („Ísland er eina“, 1973).

Það var þó hvorki af léttúðarástæðum né fordómum sem innflutningsbann hunda hélt velli lengi framan af heldur slæmri reynslu af erlendum hundum sem virtist svo greypt í minni yfirvalda að þau þorðu enga áhættu að taka í þeim efnun. Hér á landi hafði hundapest/hundafár margsinnis borist til landsins „með útlendum hundum og [geisað] hér sem banvænn faraldur svo heilir landshlutar urðu hundlausir að kalla. Síðasti faraldur af þessu tagi barst með smygluðum hundi til landsins árið 1966.“ (Páll A. Pálsson; 1991-1992). Hundapest er bráðsmitandi veirusjúkdómur sem leggst helst á öndunarfæri hunda en getur líka lagst á meltingarfæri og miðtaugakerfi. Verstu sjúkdómshmyndirnar lýsa sér með flogakrömpum eða lömun en það sem dregið hundinn gjarnan til dauða er lungnabólga („Hundapestin er víða“, 1966). Skæðustu faraldrarnir geisuðu árin 1870, 1888 og 1890 og „ollu mikilli fækkun á hundum en lögðu um leið baráttunni gegn sullaveikinni óbeint lið“ (Helga Finnsdóttir, 2004:306). Með tilkomu bólusetningalyfja hefur náðst að útrýma veikinni frá því hún kom síðast upp en varúð var áfram viðhöfð („Hundapestin er víða“, 1966). Heimilt hafði verið um skeið að flytja inn hunda, aðallega blindra-, spor- og leitarhunda, með sérstöku samþykki yfirdýralæknis að því tilskyldu að þeir dveldu í sóttkví í 8-12 vikur fyrst eftir komuna til

⁵ Þrátt fyrir að flestir félagar í HRFÍ væru af Stór-Reykjavíkursvæðinu voru fyrstu hundasýningar haldnar í Hveragerði því hundahald var bannað í Reykjavík.

landsins („Áberandi flest“, 1994). Árið 1988 ákvað Landbúnaðarráðuneytið að koma á sérstakri einangrunarstöð fyrir gæludýr „í þeim tilgangi að tryggja samræmda og trausta framkvæmd á einangrun þeirra dýra sem undanþágur eru veittar fyrir“ („Einangrunarstöð fyrir“, 1988). Ári seinna var einangrunarstöð gæludýra tekin í gagnid og var hún rekin samhliða einangrunarstöð nautgripa sem fyrir var í Hrísey (Helga Finnsdóttir, 2004). Samkvæmt *Lögum um innflutning dýra* nr. 54/1990, sem enn eru í gildi, var þó óheimilt að flytja inn hvers konar dýr nema með ströngum skilyrðum og sérstöku samþykki yfirvalda. Þrátt fyrir reglur um sóttkví og varúð hefur þó ekki verið unnt að koma í veg fyrir öll tilfelli smitsjúkdóma í hundum og því hefur þeim tekið að fjölga hægt og sigandi (Helga Finnsdóttir, 2004; „Áberandi flest“, 1994).

Sullaveikinni útrýmt

Árið 1951 birtist frétt í *Alþýðublaðinu* með fyrirsögninni *Útrýming sullaveiki á Íslandi vekur mikla athygli erlendis* en þar segir frá velheppnaðri ferð Níelsar Dungal, prófessors, til Alsír þar sem hann tók þátt í alþjóðaráðstefnu lækna („Útrýming sullaveiki“, 1951). Sagði Níels ráðstefnugestum stoltur frá því að íslensku þjóðinni hefði tekist að útrýma sullaveiki og vakti „þetta afrek þjóðarinnar“ víst heimsathygli því engin önnur þjóð heims gat státað af slíkri yfirlýsingu („Útrýming sullaveiki“, 1951). Byggði Níels staðhæfingar sínar á niðurstöðum krufninga sem sýndu að sullaveiki var mjög fátíð meðal þeirra sem fæddust eftir 1890 og eftir 1900 hafi hún verið horfin með öllu. Þessi yfirlýsing Níelsar var þó ekki fullkomlega sönn því þrátt fyrir að sullaveikin herjaði ekki lengur á landsmenn í faraldsformi fundust einstaka tilfelli langt fram undir síðustu aldamót („Útrýming sullaveiki“, 1951). Á árunum 1980-1989 fundust síðustu sullatilfellin á Íslandi (Páll A. Pálsson, 2004). Samtals fundust 5 tilfelli á tímabilinu og sagði dr. Jóhannes Björnsson að „yfirleitt væri það aldurhnið fólk sem hefði búið í sveit sem fær sull“ („Berkjar og sullaveiki“, 1989). Ennfremur taldi hann litlar líkur til þess að hægt væri að útrýma sullaveikinni fyrir fullt og allt og því væri fólki nauðsynlegt að vera á varðbergi gagnvart sullasmitun og vera meðvitað um viðeigandi ráðstafanir.

1924-1959: Hundarnir í Reykjavík

Ljóst er að fjölmargir hundar af ýmsum tegundum hafa verið haldnir hérlendis frá upphafi, bæði í dreifbýlinu og vaxandi þéttbýli Reykjavíkur. Sennilegt er að margir þeirra hafi slæðst með fólkinu sem flutti úr sveitunum og í höfuðstaðinn, en þó var nokkuð um að kjölturakkar og erlendar hundategundir hafi verið vinsælir „stofuhundar“ inn á heimilum í Reykjavík frá

upphafi hundabannsins og grunur lék á að þeim hafi verið smyglað til landsins (Þrándur í Götum, 1969; „Fá hundana svæfða“, 1973). Ekki voru allir sammála um réttmæti þess að halda hunda í þéttbýlinu og hundar voru gjarnan flokkaðir í *þarfa* og *óþarfa* hunda samkvæmt lögum og reglugerðum eins og áður. Þannig voru *þarfahundar* þeir sem höfðu augljósu nytjahlutverki að gegna við smölun búgripa en *óþarfahundar* voru þeir sem haldnir voru innan heimila, án auðsjáanlegs nytjahlutverks.

Strax árið 1910 var hundafjöldinn í bænum orðinn það mikill að menn sáu ástæðu til að vekja máls á þessu vaxandi félagslega vandamáli á síðum blaðanna. Þannig kvartar skólastjóri nokkur í Reykjavík yfir því að hann hafi ekki haft kennslufrið fyrir gjamminu í hundum bæjarins einn morguninn:

Sjálfsgagt er það talin saklaus skemtun að kaupstaðarfolk ali hunda sér til gamans...Stundum finst (*sic*) mér þó þetta gaman geta gránað, og má mikið vera ef svo finst (*sic*) ekki fleirum. Í gærmorgun höfðu þessir fjórfættu „kavalerar“ svo hátt í kringum barnaskólann, að því nær var ómögulegt að kenna þar nálægt hálfri klukkustund...Ég hefi séð börn steypast um koll með mjólkurlát af hræðslu við þessi læti, og hefir enginn haft gott af mjólkinni, sem þau voru (*sic*) með – nema kannske sepparnir. Það er ekki fátítt að hitta smábörn hágrátandi á vegi sínum af hræðslu við hundana...Sjálfur er eg hundavinur. En ómögulega gæti eg fengið mig til þess að ala óþarfa hund í kaupstað („Hundarnir“, 1910).

Á þessum tíma hafði sullaveikin ekki náð þeirri rénun sem vonast hafði verið eftir í upphafi þegar *Tilskipun um hundahald* tók gildi, árið 1869. Enn fundust sullaveikistilfelli víða um land og var höfuðstaðurinn engin undantekning þar sem sauðfjárbúskapur var stundaður innan borgarmarkanna langt fram undir 1970. Árið 1924 skrifar Gunnlaugur Claessen, læknir, pistil í *Vísu* þess efnis að ráð væri að banna hundahald í kaupstaðnum hið snarasta, því hundarnir væru meginsmitberar sullaveiki til manna (Gunnlaugur Claessen, 1924). Að hans mati ættu á Íslandi aðeins „að vera svo fáir hundar sem landsmenn geta komist af með til smölunar á sauðfé“ og „[e]ngan hund ættu menn að hafa að óþörfu, því hverjum hundi hér á landi fylgir sú hætta að hann valdi sullaveiki í mönnum eða skepnum“ (Gunnlaugur Claessen, 1924). Með því að lóga sem flestum óþarfa hundum, gæti Ísland náð að útrýma með öllu sullaveikinni og orðið fyrirmynd annarra þjóða, við að ráða niðurlögum veikinnar fyrir fullt og allt (Gunnlaugur Claessen, 1924).

Einn meðborgari Gunnlaugs fann sig knúinn til þess að lýsa stuðningi við tillögu hans opinberlega og kallaði sá eftir alvarlegri umfjöllun um málið á næsta Alþingi. Rök hans á móti hundahaldinu voru meðal annars þau að börnum stæði stuggur af hundavaðinu sem gekk lausum hala á götunum:

...nokkuð oft hefi eg komist í að bjarga litlum börnum frá hundum hér á götunum. Og svo nikið hefir stundum kveðið að hræðslunni í þeim við hundana, sem hafa borið sig til eins og þeir ætluðu að rífa þau á hol, að mér hefir verið nóg boðið að sjá þá hrellingu, því að ekki geta börnin vitað, hvort hundarnir ætla að leika sér, eða ætla að gera þeim mein („Hundarnir í bænum, 1924a).

Aðdragandi hundabannsins í borginni var því af tvennum toga. Annars vegar áframhaldandi forvarnarviðleitni gegn útbreiðslu sullaveikinnar og hins vegar það ónæði sem lausir hundar ollu á götum borgarinnar.

Hundahald bannað: Lög nr. 8/1924 og reglugerð nr. 61/1924

Frumvarp um hundabann í Reykjavík var tekið upp á Alþingi vorið 1924 og var það samþykkt með lagasetningu sem tók gildi um haustið sama ár. Lög nr. 8 frá 1924 og reglugerð nr. 61 frá sama ári kváðu á um að hundahald á kaupstaðarlóð Reykjavíkur væri bannað með öllu. Brot á lögnum varðaði fésektir auk þess sem hver sá hundur sem haldinn var án heimildar í kaupstaðnum var talinn réttdræpur. Þeir sem héldu aftur á móti svokallaða *þarfahunda*, höfðu möguleika á því að sækja um leyfi borgarstjóra til hundahaldsins og voru það helst bændur í búrekstri sem höfðu kost á því („Hundarnir í bænum“, 1924b).

Þessari lagasamþykkt var ekki tekið þegjandi af hundavinum í Reykjavík. Kallað var eftir því að bæjarstjórnin afturkallaði þessi ólög og töldu sumir sig vera miklum órétti beittir. Töldu þeir það jaðra við brot á stjórnarskránni „að ráðast á eigur annarra og dauðadæma húsdýr þeirra, án þess að >komi fult verð fyrir<“ („Bæjarstjórnin og hundarnir“, 1924).

Bæjarstjórnin brást við andmælanum með því að leggja fyrir næsta fund tillögu þess efnis að þeim hundaeigendum í bænum sem þegar héldu hunda yrði heimilt að halda þá áfram að því gefnu að þeir létu þá ekki ganga lausa en hundahald annarra yrði áfram bannað („Bæjarstjórnarfundur“, 1924). Ekki var þó hundabanninu hnekkt og næstu árin gengu lögregluyfirvöld vasklega fram við að lóga hundum sem fundust ómerktir. Umræðan um hundana datt að því búnu niður um tíma enda önnur samfélagsmál sem brunnu á yfirvöldum og almenningi. „Kreppan mikla“ var rétt handan við hornið, Evrópa sigldi hraðbyri inn í seinni heimsstyrjöldina og herbrölt stórveldanna átti eftir að setja svip sinn á íslenskt þjóðfélag svo um munaði á næstu árum.

Á fjórða áratug 20. aldar voru enn að greinast sullatilvik víðs vegar um landið þó faraldurinn lægi í rénun. Áréttuðu lækna að fólk þyrfti að sammælast um að gera bragarbót á hirðingu salla í heimahúsum, hreinsa hunda sína betur og síðast en ekki síst, að hætta að leyfa

þessum „óþrifa“- og „villi“-dýrum að ganga lausum alls staðar („Sullaveiki“, 1933). Árið 1940 hafði íbúafjöldinn á Reykjavíkursvæðinu tæplega fjórfaldast frá 1901 (Björn Matthíasson, 1986:77). Samfara hafði hundum fjölgað mjög þrátt fyrir aðgerðir til fækkunar og hundabann. Margir þessara hunda gengu lausir um í hópum og skapaðist af því vaxandi félagslegt vandamál sem ljóst var að þurfti að stemma stigu við. Hafði „lögreglan gert nokkuð að því undanfarið að láta lóga hundum, sem ekki [var] leyfilegt að hafa“ en samt sem áður var ekki þverfótað fyrir hundum í bænum („Hundar fá ekki“, 1936). Áminningar lögreglustjórans um gildandi hundabann voru algeng sjón í dagblöðunum.

Útrýming hunda hafin

Svo brá við að lögreglan ákvað að gera skurk í málunum og reyna að koma bæjarbúum í skilning um það í eitt skipti fyrir öll að óheimilt væri að halda hunda í borginni. Aðvörun til hundaeigenda var auglýst í dagblöðunum og þeim gefinn vikufrestur til þess „að lóga þeim sjálfir, eða koma þeim af sér á annan hátt“ og að þeim fresti liðnum yrðu „hundarnir hirtir af lögreglunni og drepnir, en eigendur látnir sæta ábyrgð“ („Aðvörun“, 1936).

Ollu þessar aðgerðir lögreglunnar miklu fjaðrafoki á vettvangi fjölmiðla í kjölfarið og skipti málið bæjarbúum í tvær andstæðar fylkingar. Hundavinir og –eigendur rituðu hundum og hundahaldi í hag og kröfðust þess með uppástungum og undirskriftasöfnunum að fallið yrði frá fyrirhuguðum hundadrápum og hundabannið tekið til endurskoðunar (Jónas Þorbergsson, 1936; Hundavinur, 1936; „Hundaslátrun í bænum“, 1936; Friðunarmaður, 1936).

Jónasi Þorbergssyni (1936) hryllti við boðuðum hóp morðum lögreglustjórnarinnar á hundum bæjarins, eins og hann kallaði lóganirnar, og fannst engin skynsemi í því að kjölturakkar heimilanna sem höfðu jafnan ekkert samneyti við sullaveikar rollur, þar sem þeir voru haldnir sem stofuhundar, þyrftu að mæta þeim örlögum að falla „rétt dræpir fyrir hendi vel þjálfaðrar og vopnaðrar lögreglu“ (Jónas Þorbergsson, 1936). Benti Jónas á það að forsendur hundabannsins hefðu verið góðar og gildar á sínum tíma og náð tilgangi sínum þar eð nú voru engir blóðvellir lengur í borginni þar sem hundar kæmust í sullamengað slátur og því hafði tekist mjög vel að ráða niðurlögum sullaveikinnar innan borgarmarkanna. Þar að auki voru kjölturakkar álitnir ólíkir íslensku sveitahundunum að því leyti að þeir töldust „til hinna þrifalegustu og ánægjulegustu húsdýra, enda tamdir til innivistar, ellegar til þess að teymast í bandi á götum úti“ (Jónas Þorbergsson, 1936). Ennfremur taldi Jónas sullaveikishættuna aðallega vera bundna við sveitahundana sem ráfuðu um allt lausir og lifðu í nálægð við sauðfé og sláturúrgang:

Af þessum dýrum [stofuhundunum] getur almenningi í bænum ekki stafað minnsta hætta, hvorki heilbrigðislega né á annan hátt. Hinsvegar getur stafað hætta af sveitahundum, sem til bæjarins koma, og ef á brysti fullan þrifnað við slátrun sauðfjár, eru þeir einir líklegir, til þess að viðhalda sullaveikishættunni (Jónas Þorbergsson, 1936).

Fór Jónas fram á að yfirvofandi hópmorðum hunda yrði slegið á frest á meðan reglum væri hagrætt þannig að stofuhundar yrðu einir leyfilegir í borginni gegn því að þeir væru ávallt í taumi utandyra (Jónas Þorbergsson, 1936). Barátta Jónasar og annarra hundavina skilaði ekki árangri og hundar voru áfram bannaðir í höfuðstaðnum („Bæjarráð vill ekki“, 1936). Þeir sem voru sáttir við skipan mála og vildu sjá sem flesta hunda drepna til að losa borgina við óþrifnaðinn og ónæðið sem fylgdi þessum *óþarfahundum* sóttu einnig fast á umræðuvettvanginn („Verra en“, 1949; „Kynlegt æfingasvæði“, 1949; „Skælandi hundar“, 1947; „Óðir hundar“, 1944; „Hundafár í Reykjavík“, 1944) með svo sverðbeittum aðsendum pistlum að ritstjórn *Vísis* þótti nóg um og frábað sér birtingu erindanna („Hundadrápið“, 1936).

Næstu árin var lögreglan iðin við að losa borgina undan hundaplágunni og var tugum og jafnvel hundruðum hunda lógað árlega. Árið 1948 var metár í lógun hunda en það ár féllu alls 170 hundar fyrir riffilskotum lögregluembættisins en að meðaltali féllu 50 til 100 hundar í valinn árlega frá 1936 þegar lögreglan tók að útrýma lausum og ómerktum hundum á skipulegan hátt („Yfir 80“, 1954).

Hundar sjaldséð sjón í Reykjavík

Árið 1956 hafði lögreglu tekist að fækka svo hundum í borginni að borgarbörnin þekktu varla hundinn, „þennan tryggja og góða vin mannsins“ („Hundarnir eru“, 1956). Það þótti því „hin mesta nýlunda ef hundur [sást] á götum borgarinnar“ og þá voru þeir helst í fylgd með erlendum sjóliðum „á listigöngu (*sic*) um bæinn“ (Sveinn Sæmundsson, 1956). Benjamín Eiríksson, hagfræðingur, staðfestir þetta í endurminningum sínum frá því hann var unglingur í Reykjavík þegar hundabanni var komið á, árið 1924:

Ég man vel hundapvögurnar sem þustu um bæinn áður en bannið var sett. Síðan liðu mörg ár þangað til hundur sást aftur í Reykjavík. Það fyrsta sem ég man að ég sæi hund í borginni eftir þetta gæti hafa verið í byrjun styrjaldarinnar eða jafnvel ekki fyrr en í kringum 1950. Ég sá bregða fyrir hundi af úlfhundakyni í beizli (*sic*) sem blindur maður leiddi. Nokkru seinna sá ég annan eins en hundarnir hafa verið tveir þar sem þeir voru misstórir. Á sjötta áratugnum fór maður að verða var við einn og einn hund hjá sendiráðunum. Þetta er undanþága, sögðu menn. Hundurinn á að halda sig á lóð sendiráðsins, sagði undanþágan. Þar með var ísinn brotinn. Ólögghlýðnir landar vorir fóru að

útvega sér hund, jafnvel smygla honum frá útlöndum þrátt fyrir margfalt bann (Benjamín Eiríksson, 1988).

Engu að síður var svo komið í lok sjötta áratugarins að hundar höfðu almennt verið hraktir svo úr borginni að „bezta (*sic*) framtíð sem einn hundur [gat] átt [var] að verða skipshundur“, en hundar voru alltíðir áhafnar-meðlimir á íslenskum togurum að svo er virtist vera í lok sjötta áratugarins („Bezta framtíðin“, 1959).

1960-1969: Barátta hundavina fær byr undir báða vængi

Á sjöunda áratugnum hafði búrekstur í Reykjavík dregist verulega saman og samfara orðið fækkun á *þarfahundum* og öðrum skepnum. Dregið hafði í sundur með hundum og sauðfé og með forvarnarfræðslu til almennings auk nýrra og áhrifaríkra lyfja hafði tekist að hefta útbreiðslu sullaveikinnar hér á landi. Höfuðborgin var í örri þenslu og heimtaði sífellt meira land undir byggingarlóðir og útivistarsvæði og þar kom að rollan varð að víkja, ásamt öðrum búfjárskæpnum. Árið 1964 var lagt frumvarp fyrir Alþingi til heimildar stjórnvöldum um að banna allt búfjárhald innan marka borgarinnar og upp frá því voru dagar sauðkindarinnar taldir („Búfjárhald í þéttbýli“, 1964). Þegar nær dró sjöunda áratugnum tók að gæta sögulegs umsnúnings hvað varðaði hlutverk hundanna í borginni. Þar sem þeir voru áður nauðsynlegir á meðan sauðfjárrækt var enn í fullum blóma til þess að reka rollur í og úr bithögum borgarlandsins urðu þeir með tímanum nánast jafn nauðsynlegir til að verja garða og grasreiti borgarbúa átroðningi sauðkinda sem eiguðu um í ys og þys borgarinnar (Haflíði Jónsson, 1966). Rollan rataði að lokum í spor hundsins árið 1968 þegar síðustu rollum sveitarinnar við sundin var úthýst úr borginni með lögum og þeim annað hvort slátrað eða fundinn staður utan borgarmarkanna („Smala og slátra“, 1968). Hinir bannfærðu hundar urðu hins vegar eftir í borginni, vandlega verndaðir af veggjum heimilanna í trássi við lög og reglu.

Áratugurinn hófst með töluverðri umræðu um framtíð íslenska fjárhundakynsins en menn töldu að stofninn hér á landi væri allt að því kominn í útrýmingarhættu vegna tómlætis landsmanna. Kölluðu menn eftir íhlutun hins opinbera í formi styrkja til hundaræktunar og rifjuðu upp örlög geirfuglsins sem víti til varnaðar („Bjarga verður“, 1960). Reglulega rjátluðust aðsend erindi tengd hundahaldsmálum borgarinnar inn á borð ritstjórna dagblaðanna og sitt sýndist hverjum, líkt og á árum áður:

Deilan um það, hvort leyfa eigi hundahald í Reykjavík og kaupstöðum almennt, hefur orðið mörgum hvatning til bréfaskrifta. Velvakandi minnst þess

ekki, að jafnmörg bréf hafi borizt um neitt mál, þegar sjónvarpsmálið (um Keflavíkursjónvarpið) er undan skilið (Velvakandi, 1969).

Enn var þó lógun hunda eitt af skyldustörfum lögreglunnar í Reykjavík. Mörgum hundavininum fannst ótækt að hundar væru áfram ofsóttir af lögreglu og bannaðir í höfuðborginni, nú þegar hætta sullaveikinnar var liðin hjá og fannst tími kominn til að borgarstjórnin fjallaði um málið með það í huga að afnema bannið við hundahaldi í borginni (Halldór Þorsteinsson, 1960; Ástríður Sigurmundardóttir, 1960; Víðföru, 1963).

Öll rök hundavina fyrir því að nú væri kominn tími til að gera hundahald leyfilegt að fullu mættu gallhörðum mótrökum andstæðinga þess en borgaryfirvöld þögðu þunnu hljóði. Það var hins vegar ekki fyrr en í lok sjöunda áratugarins sem tók að hitna í kolunum fyrir alvöru hvað varðaði baráttu hundavina fyrir tilvistarrétti hinna fjórfættu félaga sinna innan borgarmarkanna.

Hundavinafélagið og Hundaræktarfélag Íslands stofnuð 1969

Árið 1969 voru tvö félög stofnuð utan um hagsmuni hundavina, Hundavinafélagið og Hundaræktarfélag Íslands („Hundavinafélag hvað“, 1969; „Frá Hundaræktarfélagi“, 1969).

Hundavinafélagið var stofnað síðsumars 1969 af hundaeigendum og –vinum sem vildu koma „meiri menningarbrag á hundahald“ í borginni og auka þar með möguleikann á að það yrði gert leyfilegt („Hundar áttu“, 1969). Svo fjölmennt var á stofnfundinum að færri komust að en vildu. Var því ákveðið að bóka stærri sal fyrir aðalfund félagsins sem haldinn var stuttu síðar þar sem hátt á fjórða hundrað manns mættu („Hunda eða ekki“, 1969; „Hundavinir fylkja“, 1969).

Þann 4. september 1969 komu svo 30 áhugamenn um hundaræktun saman í Bændahöllinni og stofnuðu Hundaræktarfélag Íslands (HRFÍ) („Frá Hundaræktarfélagi“, 1969). Markmið beggja félaga var að berjast fyrir löglegu hundahaldi í borginni en megimarkmið HRFÍ var þó einna helst að standa vörð um íslenska fjárhundakynið með vandaðri hundaræktun. Hafði tilkoma þessara félaga mikil áhrif á þróun umræðunnar um hunda og hundahald í þéttbýli borgarinnar.

1970 – 1984: Deilan um hundana tekur að stigmagnast

Á mótum sjöunda og áttunda áratugarins hafði hundum fjölgað til muna í borginni þrátt fyrir boð og bönn stjórnvalda. Taldi Jakob Jónasson, læknir og formaður Hundavinafélagsins, í lok

árs 1970 að hundar í Reykjavík væru orðnir allt að tvö þúsund talsins (Jakob Jónasson, 1970a:46). Lögreglan, sem starfaði samkvæmt settum lögum, sá sig nauðbeygða til að framfylgja þeim í kjölfar þess að kærur vegna hundahalds tók að rigna inn til þeirra árið 1970 („Hundadagar“, 1970). Í ársbyrjun 1971 fengu lögreglumenn í Reykjavík fyrirmæli um að taka alla hunda sem sjást á almannafæri og aflífa þá:

...skipuleg útrýming er hafin. Eru allir hundar sem sjást á almannafæri teknir og gildir þá einu hvort þeir eru á flækingi eða í bandi eigenda sinna...eini fresturinn fyrir hundaeigendur sem um er að ræða [er] að þeim sé haldið innan dyra til 1. september, en þá verður ekki heldur griður gefinn og verður þá farið inn á heimili og dýrin tekin („Allir hundar“, 1971).

Í kjölfar þessa fór deilan um hundana í borginni að stigmagnast enn frekar og pólitískur undirtónn fór að verða meira áberandi.

„Allir hundar sem sjást á almannafæri aflífaðir“

Fyrirhuguð útrýming hunda í Reykjavíkurborg vakti að vonum hörð viðbrögð borgarbúa, sem margir hverjir sáu fyrir sér eitt allsherjar blóðbað líkt og forðum (Guðrún Á. Símonar, 1970; Jón Ásgrímsson, 1970; „Blóðbað“, 1970; „Greinargerð frá“, 1970; Leifur Þórhallsson, 1970). Stóð Hundavinafélagið meðal annars fyrir því að senda borgarstjórn greinargerð þar sem farið var fram á að hundahald yrði leyft til reynslu til 2-3ja ára út frá meðfylgjandi tillögum um strangar reglur („Nýjar reglur“, 1970; „Greinargerð frá“, 1970). Einnig reyndi félagið að minnka fyrirhugaðan skaða með því að auglýsa í blöðunum tilmæli til bænda þar sem þeir voru áminntir um að leyfa reykvískum börnum ekki að taka með sér hvolpa úr sveitinni þar sem hundahald var bannað („Hundavinafélagið“, 1970). Fannst ýmsum þessi fyrirhugaða herferð lögreglunnar gegn hundum vera heldur ofstopafull þar sem „hundahald hefur verið liðið [til þessa] og þannig öðlzt (*sic*) nokkra hefð“ (Götu Gvendur, 1970). Einnig fannst mönnum að gildandi hundabann væri tímaskekkja þar sem þjóðin væri orðin mun þrifalegri en áður, heilbrigðiseftirlit væri gott og hætta sullaveikinnar löngu liðin hjá (M. Skaffells, 1970; Sverrir Þórðarson, 1970; Guðmundur Hannesson, 1970; Götu Gvendur, 1970). Því væri vert að velta fyrir sér hvort ekki mætti endurskoða lög in í ljósi breyttra forsenda:

Hin gömlu ákvæði um bann við hundahaldi voru án efa nauðsynleg, er þeim var skellt á. Heilbrigðishættir og aðrar ytri aðstæður gerðu þá bann við hundahaldi að nauðsyn. En spurningin er, hvort lifnaðarhættir fólks nú, breyttar aðstæður og strangari kröfur um heilbrigðiseftirlit, geri kleift að leyfa hundahald innan mjög strangs ramma...Blátt bann við hundahaldi leysir ekki lengur málið frekar en svo mörg önnur bönn (Sverrir Þórðarson, 1970).

Fjölmíðlaumræðan um hundamálin í borginni varð heldur tilfinningarík og náði meðal annars athygli erlendrar pressu sem fjallaði um málið víðs vegar um heiminn („Mikil blaðaskrif“, 1971). Haldnar voru mótmælagöngur í Svíþjóð („Sænskir hundavinir“, 1971) og erlend hundavinafélög auk dýraverndunarsamtaka alls staðar að úr heiminum lýstu yfir stuðningi sínum við málstað hundavina („Mótmæli hundavina“, 1971). Dagblöðin hér heima voru dugleg við að sinna málefnum og leituðu álits almennings á deilunni með dálkum eins og *Spurning dagsins* og *Spurt og svarað* („Þeir verða“, 1971; „Í varðhaldi“, 1971; „Málið er ekki“, 1971; „Eruð þér fylgjandi“, 1971; „Það er andstætt“, 1977; „Eruð þér fylgjandi“, 1977). Auk þess veltu ýmsir aðilar upp hliðum hundahalds í þéttbýli þar sem reynt var að fjalla um málið á yfirvegaðan máta („Ekki áhuga á“, 1971; Þráinn Bertelsson, 1971; Finnur Torfi Stefánsson, 1975; Helga Hannesdóttir, 1978;). Greinarskrif almennings urðu tíðari og þar sem um mikið tilfinningamál var að ræða varð umræðan heldur grimm á köflum. Ýmsir þjóðþekktir einstaklingar lýstu yfir stuðningi sínum við málstað hundavina, þeirra á meðal voru Halldór Laxness rithöfundur, Guðrún Á. Símonar óperusöngkona, Róbert Arnfinnsson leikari, Albert Guðmundsson fótboltakappi og verðandi fjármálaráðherra og Dr. Konrad Lorenz, hinn merki dýraháttennisfræðingur. Gengu sumir greinarhöfundar svo langt að líkja ofsóknum lögreglu og „hundafjenda“ í garð blessaðra hundanna við ofsóknir nasista í garð Gyðinga í seinni heimsstyrjöldinni (Halldór Laxness, 1970; Guðrún Á. Símonar, 1969; Róbert Arnfinnsson, 1969; „Hundahald ekki leyft“, 1970; Jakob Jónasson, 1975). Þótti ýmsum nóg um þessar samlíkingar:

Pólítísk heimska eða blinda eða fölsun kemur einatt skýrast fram í ruglingi: að bera saman það sem er ósambærilegt. Eins og til dæmis Gyðingamorð og hundastríð hér í Reykjavík (Austri, 1970).

Aukinn þrýstingur á borgarstjórn

Nemendur úr 18 skólum á höfuðborgarsvæðinu lögðu baráttu hundavina lið með því að safna undirskriftum til stuðnings hundahaldi og Hundavinafélagið, sem taldi um 500 meðlimi í lok árs 1970, tók að berjast ötullega fyrir málstað félagsmanna („Skólanemar fylkja“, 1970). Birtu þeir fjölmargar greinar og komu fram með tillögur að ströngum reglum um hundahald í anda þeirra reglna sem voru í gildi í erlendum stórborgum þar sem hundahald var leyft og vísuðu til ágætrar reynslu af hundahaldi á Akureyri og í Garðabæ. Farið var fram á að hundahald yrði leyft til reynslu í borginni og málið endurskoðað að nokkrum árum liðnum („Greinargerð frá“, 1970). Í kjölfarið var farið að kalla á „allsherjaratkvæðagreiðslu“ borgarbúa um málið. Kristján Bersi Ólafsson (1971) taldi að óþarfi væri að flækja þetta mál lengur með krufningu á

flóknum og fræðilegum röksemdum. Kjörið væri að skjóta málinu til borgaranna sjálfra því það eina sem menn þyrftu að rannsaka svo hægt væri að taka rökstudda ákvörðun væri „eigið hjartalag“ (Kristján Bersi Ólafsson, 1971). Þrátt fyrir góðar tillögur þurfti Kristján Bersi, ásamt skoðanabráðrum og –systurum, að bíða fjölmörg ár til viðbótar áður en borgaryfirvöld urðu sama sinnis og blésu loks til atkvæðagreiðslu um málið.

Það var svo eins og að hella olíu á eld hvað varðaði baráttu hundavina í Reykjavík að nærliggjandi sveitarfélög tóku að leyfa hundahald upp úr miðjum áttunda áratugnum („Hundahald leyft í Garðahreppi“, 1973; „Hundavinir í Keflavík geta glaðzt“, 1975). Hafnarfjörður fylgdi svo í kjölfarið árið 1981 („Hundahald leyft“, 1981). Nú lágu aðeins tvö vígi eftir, Reykjavík og Kópavogur. Taldi Ásmundur Guðmundsson, yfirlögregluþjónn í Kópavogi, að aukning hunda í Reykjavík og Kópavogi stafaði vegna áhrifa af rýmkun undanþága til hundahalds í nágrannasveitarfélögunum Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellssveit á áttunda áratugnum. Í kjölfarið reyndust yfirvöldum Reykjavíkur og Kópavogs erfiðara „að halda uppi gildandi reglum en áður“ („Rýmri reglur“, 1981).

„Hundamálið“ fer fyrir Mannréttindanefnd Evrópu

Hundavinafélagið gerði ítrekaðar tilraunir til að fá borgarstjórn til þess að leyfa hundahald í borginni en hafði ekki erindi sem erfiði. Brá formaður félagsins á það ráð að sækja um leyfi til hundahalds til borgarstjóra. Beiðninni var hafnað með þeim eftirmálum að formaðurinn kærði synjunina fyrir dómstólum („Hæstiréttur staðfestir“, 1975). Eftir að málinu hafði verið vísað frá bæði í héraðsdómi og hæstaréttardómi var lítið annað eftir í stöðunni fyrir formanninn en að skjóta málinu til Mannréttindanefndar Evrópu í Strassbourg, sem hann og gerði, ásamt 13 öðrum hundaeigendum sem vildu ekki sætta sig við hundabannið („Hundabannið fyrir“, 1975). Þar sem málið uppfyllti skilyrði nefndarinnar um að hafa gengið í gegnum öll dómssstig í heimalandinu var það samþykkt til umfjöllunar. Í kjölfarið vaknaði vonarneisti í brjóstum hundavina sem vissu að 95% þeirra mála sem báru upp á borð hjá nefndinni fengu frávísun („Mannréttindanefnd“, 1975). Mannréttindanefndin úrskurðaði hins vegar sem svo að 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífs, verndaði ekki rétt manna til þess að stofna til sambands við hund þar sem hundahald í eðli sínu hefði gjarnan áhrif á opinbert líf annarra einstaklinga (Björg Thorarensen, 2005). Við þessar fréttir umhverfðist von hundavina snögglega í vonbrigði og eitthvað hafði það áhrif innan Hundavinafélagsins því í lok áttunda áratugarins virðist félagsmönnum þess hafa fækkað. Birtir ritari félagsins ákall til hundavina í *Dagblaðinu* og hvetur þá til að skrá sig í félagið til að skapa fjöldaþrýsting á stjórnvöld um að leyfa hundahald í borginni (Guðjón V. Guðjónsson, 1978).

Heilbrigðismálaráð mælir gegn hundahaldi

Í kjölfar aukinnar kröfu hundavina um afnám hundabannsins sendi Heilbrigðismálaráð frá sér greinargerð árið 1970 þar sem færð voru rök fyrir því í 14 liðum hvers vegna höfuðborgin yrði betur sett án hunda en þar vó heilbrigðissjónarmiðið þyngst á metunum („Heilbrigðisráð mælir“, 1970). Benti ráðið á nauðsyn þess að sullaveikivarnir væru áfram virtar því þrátt fyrir að sullaveikin væri orðin „svo til óþekktur sjúkdómur hér, finnst hann þó enn hjá gömlu fólki“ og hafi færst í vöxt í sumum sveitum. Leyfilegu hundahaldi fylgdi aukin hætta á skaðlegum smitsjúkdómum, slysum, óhreinindum, ónæði og óþarfa kostnaði fyrir borgarsjóð. Því væri skynsamlegast að banna hunda áfram í höfuðborginni („Heilbrigðisráð mælir“, 1970). Að sama skapi þótti lögreglustjóra óvarlegt að gera hundahald almennt með lögum. Óttaðist hann að ef slakað yrði á reglunum tæki hundum í borginni að fjölga verulega með samsvarandi aukningu á kærum og kvörtunum vegna ónæðis og tjóns af þeirra völdum („Kærum og kvartanir“, 1970). Fimm árum síðar situr Heilbrigðismálaráð enn fast við sinn keip og vísar í tímarit landssambands bæjarstjórna í Bandaríkjunum þar sem lýst var yfir að innan þéttbýlis væri „hundurinn ekki lengur besti vinur mannsins“ heldur „félagslegt, læknisfræðilegt og stjórnmalalegt áhyggjuefni“ („Hundur í þéttbýli“, 1975).

Varð þessi yfirlýsing til þess að 22 læknar tóku sig saman og andmæltu afstöðu Heilbrigðismálaráðs („Lýsa furðu“, 1975). Mótmæltu þeir heilbrigðis- og sjúkdómsrökunum með því að benda á að ef eitthvað væri til í þeim ætti meirihluti Bandaríkjamanna, þar sem hundur er á hverja 6 íbúa, með réttu „að vera löngu orðinn heilsulaus af hundasjúkdómum eða sundurtættur af hundskjöftum“. Í lok andmælanna tekur læknahópurinn fram að

[í] lok greinargerðarinnar eggja nefndarmenn lögreglu og dómsvald til „samræmdra aðgerða“ til útrýmingar hundunum. Þetta gerræðisfulla heróp felur í sér árás á viðkvæmstu tilfinningar þúsunda íslenskra borgara og tilræði við heimilislíf þeirra. Framkvæmd þessara „samræmdu aðgerða“ myndi hafa í för með sér svo alvarlegar þjáningar hjá fjölda fólks – einkanlega börnum og gamalmönnum – að þær taka langt fram þeim óverulegu óþægindum, sem hundar kynnu að valda. Um aldaradur hafa borgarbúar fundið þörf hjá sér til að halda hunda á heimilum sínum og vinátta manns og hunds hefir aldrei verið þýðingarmeiri en einmitt nú á þessum tæknivæddu tímum. Heilbrigðisyfirvöldum væri því nær að stuðla að skynsamlegri reglugerð um hundahald í þéttbýli en hvetja til tilefnislausra hernaðaraðgerða gegn mönnum og dýrum. („Lýsa furðu“, 1975).

Guðmundur G. Þórarinsson, borgarfulltrúi, sem hafði fjórum árum fyrr greitt atkvæði gegn hundahaldi í borginni hafði á þessum tíma skipt um skoðun („Takmarkað hundahald“, 1975). Flutti hann tillögu á borgarstjórnarfundi um takmarkað hundahald og vísaði m.a. í greinargerð

læknanna. Taldi Guðmundur að það væri nánast óframkvæmanlegt að framfylgja hundabanninu og hvað varðaði smit- og sjúkdómahættu sem stafaði af hundum þá væri ekki hægt að líta fram hjá því að þrátt fyrir fjöldann allan af hundum í borginni hafi þó ekki borið á því að reykvískir hundaeigendur væru að smitast af sjúkdómum í gegnum hunda sína („Takmarkað hundahald“, 1975). Auk þess benti Guðmundur yfirvöldum á að núverandi ástand væri óþolandi því á meðan hundar væru bannaðir væri lítið sem ekkert eftirlit með því hvort þeir væru ormahreinsaðir eða bólusettir. Því væri beinlínis hættulegra að banna hundahaldið en leyfa það með ströngum takmörkunum („Takmarkað hundahald“, 1975).

Borgarstjórn hafnar tillögu um takmarkað hundahald

Ekki uppskáru hundavinir ávexti erfiðis síns. Borgarstjórn felldi tillögu Guðmundar um takmarkað hundahald í Reykjavík með 11 atkvæðum gegn 4. Eini borgarfulltrúinn sem greiddi atkvæði með tillögunni var Albert Guðmundsson, verðandi fjármálaráðherra og lykilmáður í lyktum hundadeilunnar rúmum áratug síðar („Tillaga um“, 1975). Albert hafði áður greitt atkvæði með hundahaldi og þá sagt að sullaveikisfyrirslátturinn hjá Heilbrigðismálaráði væri barn síns tíma og þar að auki væri hreinsun hunda orðin svo ódýr að ekki tæki því að þrefa um kostnaðaraukann sem fylgdi hundahaldi yrði það gert löglegt („Hundahald ekki“, 1970:24). Ennfremur sagði hann málið „hreint tilfinningamál stórs hóps Reykvíkinga“ því „[m]argir ættu aðeins einn vin, hundinn sinn“ og varaði hann kollega sína innan borgarráðs við því að hundaeigendur myndu ekki taka því mótspyrnulaust ef lögregluyfirvöld tækju þessa vini þeirra frá þeim með ofbeldi („Hundahald ekki“, 1970:24). Rataðist þar Alberti satt orð á munn því umsvifalaust heyrðust köll hundavina frá áheyrendastúkunni sem æptu „Sýnið miskunn!“ og hvöttu borgarfulltrúa til að láta af þessum „níðingsskap“ („Albert einn“, 1970).

Hundaeigendur kærðir og fólk situr af sér dómssektir í fangelsi

Ýmsum borgarbúum sveið hvað yfirvöld voru farin að vanrækja hlutverk sitt við að framfylgja settum lögum í borginni. Alfreð Þorsteinsson gagnrýndi þannig lögregluyfirvöld fyrir að sinna ekki þeim 34 kærum vegna hundahalds sem höfðu verið sendar Sakadómi Reykjavíkur á fyrstu sex mánuðum ársins 1974 („Sakadómur hefur“, 1975). Fannst Alfreð málið vera alvarlegt í ljósi þess hve hundum færi fjölgandi í borginni – sérstaklega stafaði smitunarhætta samfara hundahaldi í borgum. Úlfar Þórðarson var sammála Alfreð um að gera þyrfti skurk í þessum málum og taka þau fastari tökum því vilji meirihluta borgarbúa væri almennt sá að hafa borgina hundalaus. Það væri þó ekki af illvilja út í hundana sem slíka að

fólk vildi þá burt heldur einkum vegna þess að borgin væri einfaldlega ekki staður fyrir hunda („Sakadómur hefur“, 1975; „Ótal hundahaldsskýrslur“, 1974). Svo virtist sem lögregluþyriföld hafi tekið áskoruninni því í kjölfarið tók hún að kæra hundaeigendur og sekta þá fyrir lögbrotin. Í júlí 1978 var kona ein í Fossvoginum ákærð fyrir þrenn brot á hundahaldslögum vegna hunds sem hún hafði átt í 9 ár en hann hafði undanfarið bitið þrennt á lausagangi sínum. Neitaði konan að borga 1.000 kr. sekt og sætti því ákæru í kjölfarið („Fyrsta ákæra“, 1978; „Skaðabótakröfur“, 1978).

Það var svo í júníbyrjun, 1983, að *Morgunblaðið* greinir frá Matthíasi Garðarssyni, heilbrigðisfulltrúa og Regínu Stefánsdóttur, sem fengu dóm fyrir að halda hund í Reykjavík („Dæmd í sekt“, 1983). Þeim var gert að greiða 5 þúsund króna sekt ellegar sitja í fangelsi í 8 daga. Svar þeirra við dómunum var einfalt: „Við förum í tugthús ef þess þarf með“ („Dæmd í sekt“, 1983). Taldi Regína ástandið í hundamálum borgarinnar vera orðið óþolandi og það gengi ekki að almenningur ætti það yfir höfði sér að þurfa að dúsa í fangelsi fyrir það eitt að þykja vænt um hundinn sinn („Dæmd í sekt“, 1983). Matthías var sama sinnis og bætti við að hann teldi þessi hundamál vera bæði óljós og ósanngjörn:

Við vitum, að fjölmargir í Reykjavík eiga hund — bæði háir sem lágir. Frammámenn í Reykjavík hafa verið myndaðir í bak og fyrir með hunda sína, án þess að við þeim hafi verið hróflað. Óviðunandi er að örfáir séu teknir fyrir og sektaðir. Jafnt verður yfir alla að ganga," sagði Matthías („Dæmd í sekt“, 1983).

Þann 4. júlí greina dagblöðin frá Fjölni Bragasyni, ungum námsmanni sem einnig hafði verið dæmdur sekur um ólöglegt hundahald („Situr inni“, 1983). Fjöltnir hafði verið á göngu í Öskjuhlíðinni ásamt hundi sínum þegar hundurinn þefaði uppi mannslík. Fjöltnir tilkynnti lögreglunni um líkfundinn og bjóst við að fá kannski einhverjar krónur í fundarlaun. Honum varð því brugðið þegar lögreglan galt honum fundvísina með því að sekta hann fyrir að halda hund. Fjöltnir neitaði að greiða fésektina og var því sóttur af lögreglu til að sitja af sér brot sitt í 8 daga í Hegningarhúsinu („Situr inni“, 1983; „Í viku fangelsi“, 1983). Daginn eftir að *Morgunblaðið* birti fréttina hafði fisksali einn í bænum hringt og boðist til að borga Fjölni út úr fangelsinu og Guðrún Guðjohnsen, formaður Hundaræktarfélags Íslands, tilkynnti að félagið hefði samþykkt að stofna hjálparsjóð fyrir Fjölni svo hann yrði ekki fyrir vinnutapi á meðan hann sæti inni („Hundseigandinn laus“, 1983). Hugmyndin var að sjóðurinn yrði til taks fyrir alla þá hundaeigendur sem hlytu sams konar dóm fyrir það eitt að eiga hund í borginni. Ekki kom þó til þess að Fjöltnir sæti af sér alla 8 dagana því daginn eftir að mál hans

var tekið til umfjöllunar í *Morgunblaðinu* borgaði ónefndur maður sekt hans og Fjöltnir var frjáls maður eftir eins dags vist í Hegningarhúsinu („Hundseigandinn laus“, 1983).

Þá fjallar *Dagblaðið Vísir – DV* um Elvu Björnsdóttur sem kærð hafði verið fyrir hundahald, ein af mörgum hundaeigendum, og henni boðin dómssátt í formi sektargreiðslu upp á 6.500 krónur („Kýs að sitja“, 1983). Greiddi hún ekki sektina bæri henni að standa skil á vararefsingu sem kvað á um 8 daga gæsluvarðhald. Þótti Elvu þessi dómssátt „hálf hjárænuleg“ því ef hún gengi að dómssáttinni „mætti hún eftir sem áður hafa hundinn og halda þar með áfram að brjóta lög“ („Kýs að sitja“, 1983). Þá segir frá Þuríði Bergmann sem fékk sér varðhund vegna útigangsmanna í nágrenninu („Hef alls ekki“, 1984). Hafði Þuríður fengið á sig ítrekaðar kærur fyrir hundinn og sagðist hún ekki hafa „efni á að borga margar sektir á ári fyrir það eitt að halda hund, sem ekki gerir nokkrum manni mein“ („Hef alls ekki“, 1984). Þá var ung stúlka, sem setið hafði í fangelsi vegna hundahalds, látin laus eftir að hafa afplánað 2ja daga refsingu af 8 („Ekki hægt“, 1984). Tilefnið var að Albert Guðmundsson, fjármálaráðherra, ræddi málín við dómismálaráðherra. Var reglum breytt í þá veru að fólki sem fékk á sig kærur hafði ekki lengur val um að sitja í fangelsi heldur gert að greiða sektina ellegar sæta dráttarvöxtum og/eða fjárnámi („Ekki hægt“, 1984; „Albert kærður, 1984).

„Fólki fannst það fjári ósvífið að...leyfa sér að eiga hund“

Fjölmarginir höfðu orð á hundamálum borgarinnar í kjölfar þess að yfirvöld tóku að fangelsa fólk fyrir hundahaldið og töldu flestir að nú væri skrípaleikurinn kominn út í öfgar og mál að linnti. Fríða Björnsdóttir (1984) benti á mismununina sem fólst í þáverandi reglugerð:

Það er kjánalegt til þess að hugsa að maður við Ægisíðu má ekki hafa hund, en byggi hann við Nesveginn, sem er í beinu framhaldi af Ægisíðunni, má hann hafa hund, fari hann eftir settum reglum (Fríða Björnsdóttir, 1984)

Hér er Fríða að vísa til þess að hundahald var þá leyft á Seltjarnarnesi en bannað í Reykjavík (Fríða Björnsdóttir, 1984). Þá gagnrýndi Haraldur Blöndal, lögfræðingur, að yfirvöld kærðu borgarbúa trekk í trekk fyrir sama lögbrotið („Yfirvöld beina“, 1983). Tók hann dæmi af manni sem hafði verið kærður fyrir hundahald og hlotið fésekt sem hann greiddi en hélt áfram að halda hundinn. Stuttu síðar fékk maðurinn aðra kærur fyrir að halda sama hundinn og honum gert að borga fésekt að nýju („Yfirvöld beina“, 1983). Dæmi voru um að sami aðilinn hafi fengið allt að 20 kærur á sig fyrir ólöglegt hundahald í borginni á þessum tíma („Hundeltir“, 1984). Í viðtali við *Dagblaðið Vísir - DV* vegna málsins sagði Haraldur:

Ég er búinn að aðstoða tugi Reykvíkinga vegna hundahalds og eru það allt minnimáttar borgarar. Það er kominn tími til að lögreglustjóri og

ríkissaksóknari fari að beina spjótum sínum að fólki, sem á eitthvað undir sér, svo sem alþingismönnum, borgarfulltrúum og ráðherrum, nema þeir séu staðráðnir í að lögin eigi ekki að ganga jafnt yfir alla. („Yfirvöld beina“, 1983).

Hér er Haraldur að vísa í staðreyndir sem voru á margra vitorði þó þær rötuðu ekki á síður dagblaðanna fyrr en ári seinna. Þá kom í ljós að málum var þannig háttað í höfuðborginni að ýmsir háttsettir einstaklingar innan samfélagsins héldu hunda í óþökk laganna án þess að nokkur hróflaði við þeim með kærnum eða sektum. Þeirra á meðal voru Hallvarður Einarsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Þórir Oddsson, vararannsóknarlögreglustjóri og Jón Baldvin Hannibalsson alþingismaður („Lögreglustjórar með“, 1984). Aðspurður játaði Jón Baldvin því að eiga hund en tók það fram að hundurinn væri skráður úti á Seltjarnarnesi þar sem leyfilegt var að halda hunda en kæmi jú stundum í heimsókn til Reykjavíkur („Lögreglustjórar með“, 1984). Algengt var víst að fleiri hundaeigendur í Reykjavík fóru framhjá lagabókstafnum að hætti alþingismannsins og létu skrá hunda sína í nærliggjandi sveitarfélög sem höfðu leyft hundahald („Hundeltir“, 1984). Einnig játaði fyrrverandi bæjarstjórafrú í Hafnarfirði að þau hjónin hefðu haft hund á heimili sínu þegar það var bannað:

Fólki fannst það fjári ósvífið að bæjarstjórinn skyldi leyfa sér að eiga hund, þar sem hundahald var bannað í bænum á þessum tíma („Dreif mig“, 1978).

Ekki þurfti Haraldur Blöndal lengi að bíða eftir því að vera tekinn á orðinu því stuttu síðar var málsmetandi embættismaður kærður fyrir hundahald með óvæntum afleiðingum fyrir baráttu hundavina.

Viðhorfsbreyting yfirvalda

Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri, sem fram að þessu hafði ekki viljað taka afstöðu í hundamálinu talaði máli meirihluta borgarbúa og taldi að vilji hans væri sá að hafa hunda áfram bannaða í borginni. Engu að síður væru nú hundruðir eða jafnvel þúsundir hunda í höfuðstaðnum. Ljóst væri hvort yrði skynsamlegra til lengdar að leyfa hundahaldið með ströngum reglum eða berjast við að framfylgja lögum í þágu meirihlutans sem allir vissu að vonlaust væri að fara eftir – sérstaklega þegar „sveitarfélögin í kring leyfa hunda innan sinna marka“ („Bannið virkar“, 1983; „Breytilegar reglur“, 1983). William Möller, aðalfulltrúi lögreglustjóra, var sammála Davíð:

Við erum stöðugt að glíma við það að fá menn til þess að virða bann við hundahaldi. Því miður virða fæstir það og halda hundum sínum — engan veginn þó allir. Rétt er að fram komi, að menn eru aðeins dæmdir einu sinni

fyrir að halda sama hundinn. Verða ekki dæmdir aftur og ekkert frekar gert í málinu („Stöðugt verið“, 1983).

Stuttu síðar birtir *Dagblaðið Vísir - DV* forsíðufrétt þar sem í ljós kemur að samkvæmt svörum sitjandi borgarfulltrúa yrði mjótt á munum ef kæmi til atkvæðagreiðslu um lögleiðingu hundahalds. Alls voru 10 andvígir, 8 fylgjandi og 3 höfðu ekki gert upp hug sinn („Mjótt yrði“, 1983).

Þann 23. september 1983 varð alvarlegur atburður til þess að enn einu sinni upphófst styr um skipan hundahaldsmála í borginni. Lögreglan hafði verið kölluð að húsi við Framnesveg til að fjarlægja þaðan tvo drukkna menn sem höfðu haft með sér labrador hund („Fjórir bitnir“, 1983). Í ölaði sigaði gestkomandi maður hundi sínum á húsfrúnna með þeim afleiðingum að hann beit hana í hendina. Vildi ekki betur til en svo að þegar lögreglan kemur skýtur hún heimilishund konunnar og fer svo eftir labrador hundinum sem hafði hlaupið heim til sín og skýtur hann þar við húsdyrnar („Var nóg boðið“, 1983; „Reyndi að róa“, 1983; „Vil meina að“, 1983; „Aflífa varð“, 1983). Náði Sveinn Þormóðsson við seinna tækifærið mynd sem birtist á baksíðu *Dagblaðsins Vísis – DV* á mánudeginum etir atvikið þar sem mátti sjá alblóðugan hundinn lífvana í fangi manns sem lá á jörðinni („Fjórir bitnir“, 1983). Myndin rataði á síður erlendra fréttablaða og í kjölfarið braust út reiðialda á meðal almennings bæði hér heima og erlendis og jók það svo um munaði þrýstinginn á stjórnvöld að fara að leysa þessi hundamál í eitt skipti fyrir öll („Allir hundar“, 1984; „Sendiherrann mótmælir“, 1984). Í kjölfarið skipaði Davíð Oddsson, borgarstjóri, nefnd um hundahald í Reykjavík og fékk hún aðstoð frá Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ) sem lagði fram tillögur um hvernig skynsamlegt væri að haga reglum um hundahald í borginni („Eigendur hunda“, 1983). Töldu félagsmenn HRFÍ að borgin...

...væri orðin eins og eyland, umkringd bæjarfélögum er leyfðu hundahald. Ekki yrði ... lengur við það unað að íbúar borgarinnar yrðu fyrir ofsóknum af hálfu yfirvalda fyrir það eitt að vilja eiga hund að félagi og vini. Þörfin fyrir hund er síst minni nú en áður með breyttum þjóðfélagsaðstæðum. („Hundaræktarfélagið gerir“, 1983).

Einnig var leitað álits hjá Hollustuvernd ríkisins en þeirra mat var í ætt við greinargerð Heilbrigðismálaráðs frá árunum áður sem var alfarið á móti hundahaldi í borginni. Hundar voru óþrifalegir smitberar alls konar sjúkdóma, úti í umferðinni stafaði af þeim slysaætta og ólætin og sóðaskapurinn sem þeim fylgdi var ekki höfuðborginni til framdráttar („Hundahald í þéttbýli“, 1983). Rak því á reiðanum á meðan málið lá í nefnd. Borgarstjórn tók að sinna stærri málefnum en áfram hlutu almennir borgarar sektir og dóma fyrir ólöglegt hundahaldið

(„Málshöfðun gegn“, 1983; „Ákærður fyrir“, 1983). En það var þegar tekið að glitta í farsæl málalok fyrir hundaeigendur því stuttu síðar var þáverandi fjármálaráðherra landsins Albert Guðmundsson kærður fyrir hundahald með óvæntum afleiðingum.

Albert og Lucy í „lögregluríki Íslands“

Í lok nóvember 1977 hafði Albert Guðmundsson, alþingismaður, sigrað í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Af því tilefni var birt viðtal við hann í *Dagblaðinu* sem tekið var á heimili Alberts sem hann deildi meðal annars með tikinni Lucy. Vildu blaðamenn ólmir taka mynd af honum og hundinum og sagði Albert við það tækifæri:

Hundahald er að vísu bannað í Reykjavík...en ætli [Lucy] meggi ekki sitja hér hjá mér („Sigurvegarinn með“, 1977).

Þrátt fyrir að myndbirtingin gerði lögbrot Alberts þar með opinbert liðu þó rúm 5 ár þar til hann var formlega kærður. Málið markaði vatnaskil í hundadeilumálinu því Albert, þá orðinn heimavanur á Alþingi, beitti pólitískum brögðum af stakri snilld og færði sér kærumálið í nyt svo um munaði – sjálfum sér og reykvískum hundaeigendum til hagsbóta.

Þannig var mál með vexti að þann 11. janúar 1984, kærði Rafn Jónsson, fréttamaður hjá RÚV, Albert Guðmundsson, fjármálaráðherra fyrir hundahald („Albert kærður“, 1984; „Ég bý ekki“, 1984). Albert brást við kærinni með þeim rökum að tíkin sín væri nú orðin gömul og færi nánast aldrei út fyrir hússins dyr. Þar að auki byggði Albert í einbýlishúsi og tíkin héldi sig ætíð innan lóðarmarkanna. Bætur hann því við að hundahald væri nú „ekki að öllu leyti bannað hér í borg“ og vísaði til þess að blint fólk fengi að halda hund, og einnig lögreglan og björgunarsveitirnar („Albert kærður“, 1984). Hann skilji því ekki til fulls af hverju almennum borgurum sé meinað að halda sömu dýr og fannst „illa farið þegar svona [væri] ástatt í samfélagi okkar“ og segir að lokum að yfirvöldum sé velkomið að „fara með [sig] í böndum niður á lögreglustöð.“ („Albert kærður“, 1984). Fullvissaði lögregluembættið almenning um að mál Alberts fengi sömu meðferð og sambærileg mál en að sjálfsögðu gerðu embættisstörf Alberts málið flóknara en ella („Fær sömu meðferð“, 1984).

Á næstu mánuðum eru Albert og Lucy, tíkin hans til fjölda ára, tíðir gestir á síðum dagblaðanna sem gera sitt sem fyrir til að fylgja hundahaldsmálum eftir. Kvartar Albert meira að segja yfir því að hann fái varla vinnufrið fyrir athyglinni sem mál hans hefur vakið – ekki bara hérlandis heldur um allan heim, því hann segist hundeltur af frönsku, bresku, belgísku og sænsku pressunni („Lítill vinnufriður“, 1984). Lucy varð heimsfræg og hlaut ekki aðeins samúð erlendra hundavina heldur tóku að berast „ýmis bréf og pakkar“ í fjármálaráðuneytið með árituninni „For Lucy Dog Gudmundsson, c/o Albert Gudmundsson, Ministry of Finance,

Iceland“. Voru ýmsir góðir gripir í pökkunum eins og hálsbönd, bein og leikföng („Hefur aldrei leiðst“, 2006). Fyrirsagnir á borð við „Það tekur enginn frá mér hundinn“ og „Ég bý ekki í lögregluríki Íslands“ verða fleygar („Það tekur“, 1984; „Ég bý ekki“, 1984). Albert segist frekar vilja flytja úr landi en skiljast við tíkina sína, hana Lucy. Sérstaklega áttu útlendingar erfitt með að botna í málavöxtu íslenska hundamálsins ef marka má stutta umfjöllun í *Þjóðviljanum* þar sem sagt er frá því að sendiherrar Íslands víða um heim hafi verið...

...önnum kafnir undanfarnar vikur að svara fyrirspurnum um hundahald og Lúcy (*sic*) Alberts. Meðal annars kom frétt um það í portúgölsku blaði að Albert hefði hóttað því að flýja land frekar en að vera „seperated“, skilinn frá sinni ástkæru Lúcy (*sic*). Einar Benediktsson sendiherra í London fékk þá bréf frá Portúgala með fyrirspurn um það hvort fjármálaráðherra Íslands væri virkilega giftur hundi. („Hundamál“, 1984).

Hundanefndin skilar álitinu sínu: 4 leiðir færar

Fjölmargin var rætt og rabbað um hinar ýmsu hliðar hundamálsins og ljóst að borgaryfirvöld voru komin í skrófu með málið svo nú dugðu hvorki nefndarskipanir né vettlingatök. Stuttu eftir að Albert var kærður skilar Hundanefndin álitinu sínu og telur 4 leiðir vera færar í hundahaldi innan borgarmarkanna: 1) hafa reglur óbreyttar og sjá til þess að lögreglufirvöld framfylgi settu banni 2) heimild til mjög takmarkaðra undanþága, aðallega vegna lögreglu-, björgunar- og blindrahunda 3) heimild til rýmri undanþága byggðra á sérstökum læknisfræðilegum og félagslegum aðstæðum og loks 4) hundahald verði heimilað að fullu að því tilskildu að hundaeigendur sæktu um leyfi, greiddu leyfisgjöld, hreinsun, ábyrgðartryggingu og hlíti reglum um meðferð hunda („Fjórar leiðir“, 1984).

Í byrjun apríl leysir Davíð Oddsson frá skjóðunni og tilkynnir að hann vilji leyfa hundahald í borginni sinni með ströngum kvöðum og borgarbúum verði veitt tækifæri til að kjósa um málið í sveitarstjórnarkosningum þá um haustið („Borgarbúar greiði atkvæði“, 1984; „Hundahald verði leyft“, 1984; „Borgarbúar greiði“, 1984). Þangað til skyldi Lucy fá frið frá yfirvöldum og Albert nauðsynlegan vinnufrið til að ljúka þingskyldum sínum á misserinu („Lucy fær frið“, 1984). Játar Albert að ýmis mikilvæg verkefni innan hans starfssviðs hafi hlaðist upp að undanförunni því að „allur sá tími sem farið hefur í viðtöl við fjölmiðla og einstaklinga víðs vegar að úr heiminum út af Lucy hefur vissulega tafið mig við skyldustörf mín,“ („Albert leystur“, 1984).

Hundar á undanþágu

Síðustu störf þings fyrir sumarfrí var að lögfesta samþykkt um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Samkvæmt henni var hundahald áfram bannað í borginni en ákvæði bætt inn sem veitir Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimild til að veita lögráða einstaklingum sem sækja sérstaklega um leyfi til hundahalds undanþágu frá banninu að uppfylltum vissum skilyrðum og greiðslu 400 króna mánaðarlegs hundaleyfisgjalds („Nýjar reglur“, 1984). Einnig var sérstaklega tekið fram að um bráðabirgðaákvæði væri um að ræða og skjalfest að atkvæðagreiðsla skyldi fara fram um málið eigi síðar en sumarið 1988 („Nýjar reglur“, 1984; „Hundabanni aflétt“, 1984; „Hundahald leyft“, 1984).

Albert lýkur sínu máli með því að borga sektina og sleppur þar með við tukthúsvistina („Albert borgaði“, 1984). „Andóf og þvermóðska Alberts“ varð þannig til þess að yfirvöld létu sér loks segjast og loks sáu aðrir hundaeigendur borgarinnar fram á tækifæri til þess að geta notið göngutúrs, og jafnvel bílferðar, á löglegan hátt („Íslenskir andófsmenn“, 2001; „Barðist fyrir“, 2003). Í nóvember hófst skráning hunda í Reykjavík og í byrjun desember gerir blaðamaðurinn Illugi Jökulsson (1984) mjög ítarlega grein fyrir þeim 17 heppnu hundum sem nú töldust löglegir íbúar höfuðstaðarins með birtingu viðtals við sérhvern hundaeiganda ásamt mynd af hverjum og einum hundi. Athygli vakti þó að Albert Guðmundsson og Lucy, voru ekki í þeim hópi („17 umsóknir“, 1984; Illugi Jökulsson, 1984). Í ársbyrjun árið 1985 sækir Albert Guðmundsson loks um leyfi fyrir Lucy sína og gerir hana með því að heiðvirðri borgartík („Albert sótti“, 1985).

Eftirmáli: Kosið um hundahald árið 1988

Árin á eftir voru sífellt fleiri hundar skráðir og voru 692 löglegir á skrá í Reykjavík í lok árs 1986 („Um 700“, 1987). Í lok ársins 1987 var gerð skoðanakönnun að beiðni borgarstjóra þar sem kemur fram að 66% borgarbúa telja að tilraun með hundahald hafi tekist vel („Hundahald í Reykjavík“, 1987). Árið eftir hafði hundafjöldinn í borginni hækkað í 815 en kvörtunum vegna þeirra hafði að sama skapi fjölgað nokkuð („815 hundar“, 1988). Almenn atkvæðagreiðsla um framtíð hundahalds í borginni fór fram í lok október 1988. Spurningin á kjörseðlinum var svohljóðandi: „Viljið þér leyfa hundahald í Reykjavík með þeim skilyrðum sem gilt hafa síðustu fjögur ár?“ („Kosningar um hundahald“, 1988). Kjörsókn var mjög dræm og urðu úrslit kosninganna þau að aðeins tæp 40% svöruðu játandi sem þýddi að borgarstjórn var ekki stætt á öðru en að fella undanþáguákvæðið frá 1984 úr gildi og banna

hundahaldið á ný („Nýjar reglur“, 1988). Eftir kosninguna voru ýmsar raddir uppi um að orðalag spurningarinnar hafi verið villandi og því hafi margir sem hafi verið fylgjandi leyfilegu hundahaldi í borginni svarað neitandi („Óljóst orðalag“, 1988; „Hundaræktarfélagið fúst“, 1988). Sagði Davíð Oddsson að þeir sem ættu löglega skráða hunda fyrir myndu fá að halda þeim óáreittir innan heimila sinna svo lengi sem dýrin lifðu en Guðrún Guðjohnsen, formaður HRFÍ, var hins vegar bjartsýn:

Hin litla kosningaþátttaka sýnir að stórum meirihluta borgarbúa finnst hundahald ekki athugavert," og varar hún borgaryfirvöld við því að stefna í sama vítahringinn og áður með bannlögum sem augljóslega enginn myndi fara eftir hvort sem er. Því væri heillavænlegra að betrumbæta reglur, aðhald og eftirlit með hundahaldinu („Nýjar reglur“, 1988).

Eyjólfur K. Emilsson, heimspekikennari, var sammála Guðrúnu:

Það langskynsamlegasta sem Reykvíkingar geta gert er því að setta sig við að vera eins og annað fólk í veröldinni. Reykvíkingar eru að vísu sérstæðir, en ekki alveg svo sérstæðir að þeir geti hundlausir verið. (Eyjólfur K. Emilsson, 1988).

Þar rataðist honum svo sannarlega satt orð á munn því hvorki fyrr né síðar hefur Reykjavík verið hundlaus borg. Í ársbyrjun 1989 voru skráðir hundar í Reykjavík rúmlega eitt þúsund talsins („Rúmlega 1000“, 1989). Á borgarstjórnarfundi þann 1. júní 1989 var samþykkt að halda áfram að veita undanþágur frá banni til hundaeigenda sem höfðu til þess leyfi en áfram yrði almenna reglan sú að hundahald væri bannað („Áfram veittar“, 1989). Bætt var inn í samþykktina ákvæðum um að hundar væru með öllu óheimilaðir í almenningsgörðum, á Bankastræti, Laugavegi að Rauðarárstíg, Lækjartorgi og í Austurstræti en þeir höfðu áður verið leyfilegir á þessum svæðum á milli klukkan 21 og 8 að morgni. Þá voru hundar bannaðir í Öskjuhlíð, Elliðaárdal og í Viðey. Einnig þurftu þeir sem byggju í fjölbýlishúsum að fá skriflegt samþykki allra íbúa stigagangsins fyrir hundinum, ætluðu þeir sér að sækja um undanþágu („Áfram veittar“, 1989).

Hundahald loks heimilað í höfuðstaðnum árið 2006

Árið 2006 lagði Gísli Marteinn Baldursson, þáverandi formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, fram þá tillögu að aflétta banni við hundahaldi í borginni (Friðrik Ársællsson, 2006). Sagði Gísli að borgaryfirvöld hafi „fundið fyrir auknum þrýstingi frá hópi hundaeigenda um að aflétta banninu“ og það væri aðeins formsatriði að breyta undanþágu frá banni á hundahaldi í leyfisveitingu. Þannig yrði komið á móts við óskir hundaeigenda, enda

„óeðlilegt að banna hundahald í borg þar sem á annað þúsund hundar [væru] löglega skráðir hjá yfirvöldum“ (Friðrik Ársælsson, 2006). Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður HRFÍ, fagnaði þessum merku tímamótum í rúmlega 80 ára baráttusögu hundaeigenda:

Við teljum að það sé alveg kominn tími til að aflétta banninu. Í sjálfu sér myndi það þýða mjög litla breytingu aðra en þá að viðhorf til hundahalds yrði jákvæðara (Friðrik Ársælsson, 2006).

Það var því ekki fyrr en árið 2006 sem hundahald var fyllilega heimilað í höfuðborginni, að undanskildum fjölförnustu götum miðbæjarins þar sem bannað var að ganga um með hunda þrátt fyrir taumskyldu („Hundabanni verði aflétt“, 2006). Hundaræktarfélag Íslands stóð hins vegar fyrir árlegum Laugavegsgöngum á baráttudegi hundaeigenda þann 26. nóvember ár hvert. Þá fengu hundaeigendur í borginni undanþágu fyrir hunda sína frá gildandi hundabanni á götum miðborgarinnar og héldu eins konar „Dog pride“ skrúðgöngu frá Hlemmi niður að Ráðhúsi í því skyni að hafa jákvæð áhrif á viðhorf til hundahalds og fá hundabanninu í miðbænum að fullu aflétt („Hundaeigendur þramma“, 2005). Það var svo árið 2012 sem hundabannið á Laugavegi og í miðbæ Reykjavíkur var loks numið úr gildi og þar með var síðasta vígi hundaeigenda í borginni unnið (*Samþykkt um hundahald í Reykjavík* nr. 478/2012; Félag ábyrgra hundaeigenda, e.d.-d).

Hundaeigendur innan þéttbýlis hér á landi telja hins vegar leyfið til hundahaldsins ekki vera sjálfsagt og gera sér grein fyrir því að ábyrgt hundahald og hundamenning sem er til fyrirmyndar eru forsenda þess að hundahald verði áfram leyfilegt. Á fulltrúaráðsfundi Hundaræktarfélags Íslands árið 2010 kom fram að í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna hafi gætt neikvæðrar umræðu um hundahald, bæði í Garðabæ og í Grafarvogi, vegna hundaskíts og lausagöngu hunda (Hundaræktarfélag Íslands, 2010). Hvatti Hundaræktarfélagið félagsmenn sína til að sýna ábyrgð og samstöðu um hundahaldið svo ekki kæmi til þess að hundabanni yrði aftur komið á í þeim sveitarfélögum sem leyfðu það, því það yrði „stórt skref aftur á bak í þeirri löngu og ströngu baráttu sem...hundaeigendur [hefðu] herjað við yfirvöld og samlanda...í gegnum tíðina“ (Hundaræktarfélag Íslands, 2010) Í kjölfarið skipulögðu einstakar deildir innan HRFÍ svokallaðar „hundaskítsgöngur“ þar sem ábyrgir hundaeigendur lögðust á eitt við að „halda uppi heiðri...hundaeigenda“ með því að hreinsa götur íbúahverfanna af hundaskít (Hundaræktarfélag Íslands, 2010).

Samantekt

Bann við hundahaldi í Reykjavík 1924 var liður í heilbrigðisáætlun landsins til fækkunar hundum í því skyni að stemma stigu við sullaveikinni sem hafði herjað á landsmenn í

árhundruð. Aðrir liðir í þeirri áætlun voru innflutningsbann á lifandi skepnum og tilkoma sláturhúsa, sem tóku við af opnum blóðvöllum. Ennfremur var hundafjöldinn á götum borgarinnar farinn að ógna vegfarendum og valda óásættanlegri truflun í umhverfinu vegna lausagöngu, hávaða og óþrifnaðar. Helsta ástæða þess að svo margir hundar voru lausir í Reykjavík var sú að sauðfjárrækt og sveitabúskapur var algengur innan borgarmarkanna, sérstaklega á fyrstu áratugum hundabannsins og bændur gátu illa komist af án hundanna. Ekki tíðkaðist það á meðal bænda að tjóðra hunda sína á milli þess sem þeir nutu aðstoðar þeirra við rekstur fés og því ráfuðu hundar lausir í næstu nágrenni við bæina og alltítt var að bændur auglýstu týnda hunda í dagblöðunum. Frá miðjum fjórða áratugnum hafði lögreglan verið iðin við að framfylgja hundabanninu með því að lóga hundum skipulega og svo var komið um miðbik sjötta áratugarins að hundar voru mun sjaldséðari sjón á götum borgarinnar en áður og haft var á því orð að það þætti hin mesta nýlunda ef hundur sást á götum borgarinnar. Þrátt fyrir að flestir hundar, sem lógað var frá upphafi hundabannsins og fram á sjötta áratuginn, væru lausir og ómerktir sveitahundar voru þess dæmi að lögreglufirvöld sóttu hunda inn í garða eða á heimili almennings með tilheyrandi tilfinningalegum missi og sorg eigendanna. Það var helst að kjölturakkar heldra fólks og erlendra sendiráðsstarfsmanna sáust teymdir í bandi af eigendum sínum. Sumir borgarbúar virtust eiga auðveldara með að fá undanþágu vegna hunda sinna í skjóli félagslegrar stöðu og voru þeir látnir í friði af yfirvöldum. Eitthvað virtist hundum hafa tekið að fjölga á hernámsárunum, en erlendar herdeildir voru undanskildar íslenskum lögum hvað varðaði innflutning á skepnum og matvöru. Einnig urðu opnari samgöngur á milli Íslands og annarra landa, bæði flugleiðis og sjóleiðis, til þess að margir notuðu tækifærið til að smygla hundum til landsins.

Samfara minnkandi sauðfjárrækt innan borgarinnar fækkaði sveitahundunum og skilin á milli nytjahunda og selskapshunda urðu sífellt meira áberandi. Engu að síður voru helstu mótrök heilbrigðismálayfirvalda við hundahaldinu í borginni, árið 1970, þau að þar sem sullaveikilífelli væru enn að finnast hjá öldruðu fólki og í sveitum þá væri rík ástæða til þess að banna hundahald í Reykjavík. Hundaeigendur og aðrir hundavinir áttu bággt með að skilja þessi rök og því ekki furða að margir hafi virt þau að vettugi. Engu að síður notuðu heilbrigðis- og borgaryfirvöld sullaveiki- og smithætturökin alveg fram til ársins 1984.

Með tilkomu Hundavinafélagsins og Hundaræktarfélags Íslands, sem bæði höfðu það á stefnuskrá sinni að berjast fyrir bættri hundamenningu og lögmætingu hundahalds í Reykjavík, óx fylgjendum hundahaldsins liðstyrkur. Frá 1970 voru hundaeigendur óþreytandi við að koma kröfum sínum um leyfilegt hundahald í Reykjavík á framfæri við borgaryfirvöld og almenning með greinaskrifum í blöðin og greinargerðum til borgaryfirvalda. Ekki bar sú

viðleitni ávöxt erfiðis heldur þvert á móti tóku lögregluþyrirvöld að fylgja broti á hundabannslögunum harðar eftir í formi kærumála og sekta. Nokkur þeirra mála enduðu með því að hundaeigendur máttu sæta fangelsisvistar vegna lögbrota sinna.

Eftir að fjármálaráðherra landsins, Albert Guðmundsson, var kærður fyrir hundahald hlaut deilan um hundahald í borginni loks nægilegt pólitískt vægi til þess að vera tekin föstum tókum. Í kjölfarið kom upp úr dúrnum opinberlega að ýmsir fyrirmenn borgarinnar héldu einnig hunda í trássi við lög en stöðu sinnar vegna sluppu þeir við kærur og sektir, ólíkt því sem almenningur mátti þola. Yfirvöldum fór að verða það ljóst að lítið þýddi að halda uppi lögum sem ekki var borin virðing fyrir og árið 1984 var ákveðið að rýmka lögum um hundahald. Enn var hundahald bannað með lögum en þó var lögráða einstaklingum veitt heimild til þess að sækja um undanþágu gegn greiðslu mánaðarlegs leyfisgjalds auk annarra skilyrða. Árið 1988 var haldin borgaratkvæðagreiðsla til að kanna vilja almennings um skipan hundamála í borginni. Var kosningaþátttaka dræm og lauk henni með þeim niðurstöðum að meirihlutinn svaraði neitandi og voru þær túlkaðar á þann veg að meirihlutinn væri á móti því að veita undanþágu frá banni og því sáu borgaryfirvöld fram á að þurfa að breyta reglunum aftur í fyrra horf og banna hundahald með öllu. Það varð hins vegar ekki úr, enda rúmlega þúsund hundar í borginni með gilda undanþágu frá banni svo besti leikur borgarstjórnar var sá að samþykkja áframhaldandi undanþáguákvæði að viðbættum ýmsum takmörkunum, en halda hinni almennu reglu um bann við hundahaldi, sem hún og gerði árið 1989. Það var svo árið 2006 sem borgaryfirvöld ákváðu loks að breyta orðalaginu í fyrstu grein hundasamþykktar borgarinnar formlega þannig að hundahald væri leyfilegt. Þýddi þetta litlar sem engar breytingar fyrir eigendur þeirra tæplegu tvö þúsund hunda sem þá voru skráðir í Reykjavík en óneitanlega setti nýtt orðalag annan og betri tón í hundasamþykktina og var til marks um jákvæðari viðhorf í garð hundahalds innan borgarinnar en áður hafði tíðkast.

VIÐHORF TIL HUNDA OG HUNDAHALDS Í REYKJAVÍK 1924-1984

Hér á eftir verður rýnt í meginviðhorf borgarbúa til hunda og hundahalds, eins og þau birtust á síðum dagblaðanna, í þeim tilgangi að leita svara við seinni tveimur rannsóknarspurningunum sem velt var upp í byrjun rannsóknarinnar:

b) Hver voru helstu rök þeirra sem voru á móti hundahaldi í borginni? Hvaða viðhorf til hunda og hundahalds voru áberandi? Hvernig þróuðust þessi viðhorf?

c) *Hver voru helstu rök þeirra sem voru fylgjandi hundahaldinu? Hvaða viðhorf til hunda og hundahalds voru áberandi? Hvernig þróuðust þessi viðhorf?*

Heilbrigðis- og hreinlætissjónarmiðið

Heilbrigðis- og hreinlætissjónarmiðið voru þau rök sem voru alls ráðandi í viðhorfum fólks til hunda og hundahalds í kjölfar hundabannsins og sérstaklega fyrstu áratuginna. Þeir sem voru andvígir hundahaldi í höfuðstaðnum studdust helst við neikvæðar hliðar þess, en þær voru einkum *hundar sem smitberar, hættulegir hundar, háværir hundar, óþrifnaður af hundum (hundaskítur)* og *lausir hundar*. Áður hefur verið fjallað ítarlega um þátt hundsins í smithættu sullaveikinnar svo hann verður ekki tíundaður nú heldur sjónum beint að fjórum síðastnefndu þáttunum sem nefndir voru hér að ofan, sem allir eru tilkomnir vegna þess síðastnefnda – lausagöngu hunda.

Lausir hundar: Verstu óvinir borgarbúans?

Algengt var í upphafi að hundar hlypu lausir um göturnar, hópuðust saman og hrelldu fótgangandi bæjarbúa og börn, sem áttu fótum fjör að launa fyrir vikið. Hafa ber í huga að enn sinntu fjölmargir bændur sauðfjarrækt innan borgarmarkanna á þeim tíma sem hundabanninu var komið á og flestir hundarnir í Reykjavík án efa fjárhundar eða blendingar. Miðað við fjölda auglýsinga í dagblöðum, þar sem bændur auglýstu eftir týndum hundum sínum, má draga þær ályktanir að sveitahundar hafi gjarnan verið hafðir lausir og stundum stungið af á flakk um höfuðstaðinn („Tapast hefir“, 1901; „Tapast hefir“, 1904; „Hundi hefir“, 1905). Líklega hefur það komið fyrir að þeir hafi margir hverjir í lengst á flakkinu og gengið í félag við aðra lausa hunda í borgarlandinu með tilheyrandi vandamálum sem fólki þótti nóg um:

... nokkuð oft hefi eg komist í að bjarga litlum börnum frá hundum hér á götunum. Og svo mikið hefir stundum kveðið að hræðslunni í þeim við hundana, sem hafa borið sig til eins og þeir ætluðu að rífa þau á hol, að mér hefir verið nóg boðið að sjá þá hrellingu, því að ekki geta börnin vitað, hvort hundarnir ætla að leika sér, eða ætla að gera þeim mein („Hundarnir í bænum“, 1924a).

Vesturbæingi einum varð rætt um áhrif tíðarandans á yfirbragð borgarinnar og finnst af sem áður var. Fyrir á tímum voru það aðallega skólastrákar og hanar sem útlendingum sem sóttu Reykjavík heim varð helst tíðrætt um sem einkenni borgarinnar en nú var ekki þverfótað í bænum fyrir illa vöndum og hættulegum hundum:

Menningin hefir fataskifti (*sic*), og nú eru hundarnir orðnir eitt af því, sem mest ber á í þessum bæ. Þeir eru um allar götur, bæði meinlausir og grimmir. Stundum fara þeir í hópum, margir saman, ýlfrandi, spangólandi, urrandi og geltandi. Lítil börn eru dauðhrædd við þá, svo sem von er til. Börnin hafa þó ekki að svo miklu að hverfa utan dyra hér, þar sem ekki er um annað að ræða en götuna fyrir þessa smælingja, að því sé bætandi ofan á annað óhagræði, að þau geti ekki fengið að dunda í friði kring um heimkynni sín fyrir aðvífandi hundapvögu. Dæmi munu til þess hér, að hundar hafi bitið börn til skaða, og er það þó vonum minna, og mun fremur mega þakka árvekni og umhyggjusemi aðstandenda barnanna og flótta þeirra sjálfra undan þessum vágestum, heldur en hinu, að hundarnir sé flestir eða allir meinlausir. Algengt er það hér, að sjá hundapvögu á eftir bifreiðum. Sendast þeir áfram, svo sem fætur toga, einstakir eða í hópum, geltandi og glefsandi. Þykir mörgum það ófögur sjón. Gangandi fólk verður oft fyrir því, að geltandi rakkar setjast að því, fylgjast með því spölkorn og láta ófriðlega. Sé hastað á þessa varga, verður það oftast til þess, að þeir espast enn þá meira. Hefi eg oft veitt því eftirtekt, að lítil börn, er fyrir þessu verða, taka þá að gráta og hlaupa, og að kvenfólki stendur stuggur af þessum ófögnum (Vesturbæingur, 1924).

Vilmundur Jónsson, þáverandi landlæknir, ritaði samantekt eftir skýrslum héraðslækna og leist illa á hvað gengi hægt að útrýma sulli úr sauðfé á sveitabæjum landsins. Taldi hann að helst mætti því um kenna hvað Íslendingar hirtu lítið um að temja og venja hunda sína:

Hundahald, bæði í sveitum og kaupstöðum er blettur á íslenskri menningu og Íslendingum til vanvirðu. Hundar ganga alstaðar lausir. Þar sem bílaumferð er, liggja hundar frá bæjum...og elta bíla undir spreng, geltandi og glepsandi (*sic*), og halda sumir útlendingar, sem um veginn fara, að hér sé um reglulegt hundaæði að ræða. Stundum er ekið yfir þessi grey og þeir meiddir eða drepnir. Hundar eru hvorttveggja í senn, óþrifadýr, sem sjúkdómshætta getur stafað af og hálfgerð villidýr („Heilbrigði þjóðarinnar“, 1933).

Svo virtist sem tæpir fjórir áratugir dygðu landsmönnum ekki til að taka upp breytta siði varðandi hundahald því um 1970 var enn verið að kvarta undan lausagöngu hunda um borgina:

Líklegt er, að hundurinn sé versti óvinur borgarbúans. Skepnurnar bíta og tyggja börn til óbóta, ráðast á skokkara og spangóla fram á nætur í lokuðum íbúðum, sem gera borgarhundinn taugaveiklaðan. Þegar farið er út með dýrið - tvisvar á dag, geti eigandinn komið því við - breytir það ökubrautum og gangstéttum í sóðalegar fallgildir fyrir vegfarendur (Þórður Einarsson, 1970).

Dæmi eru um að hundar hlypu um lausir í Reykjavík allt fram á níunda áratuginn „hálfærðir af krökkum sem æsa þá upp og hvekkja“, eltandi bíla og fólk, orðnir árásargjarnir af einskæru taumleysi og ófriði („Kjósum um hundahald“, 1982).

Constance Perin (1988) hefur fjallað um lausagöngu hunda út frá þeim deilum sem vandamálið vekur gjarnan á milli fólks í nábýli og skiptir hún hundaeigendum í tvennt: ábyrga hundaeigendur og óábyrga. Á meðan ábyrgt hundahald sé til þess fallið að skapa, og endurvekja traust og öryggi innan samfélagsins sé því ekki að dreifa hvað varðar óábyrgt hundahald. Kemst hún meðal annars að þeirri niðurstöðu að þegar hundar gelta of lengi, of snemma dags, of síðla kvölds; þegar þeir míga og skíta á götum úti og virða hvorki lóðamörk, almannaheill né vel hirta garða; þegar þeir ráðast að skokkurum, hjólréiðafólki og smáhundum; þegar þeir naga í sundur ruslapoka og velta ruslatunnum um koll; þegar þeir bregða eldra fólki sem er óstöðugt á fótum; þegar þeir slást um lóðatíkur og þegar þeir bíta, eru óþekkir hundar meira en hvítleitt vandamál: þeir þurrausa brunn hins félagslega trausts (Perin, 1988:108-109). Eyjólfur K. Emilsson er sammála Perin og bendir á að óábyrgt hundahald komi óorði á hundahald annarra og grafi þannig undan ábyrgri hundamenningu:

Ábyrgðarlausir hundaeigendur bera mesta sök á því hversu mörgum virðist vera í nöp við hundahald (Eyjólfur K. Emilsson, 1988:38).

Eina lausnin er ól og taumur, en engu að síður telur meirihluti hundaeigenda lausagöngu hunda sinna ekki vera vandamál, þeir sinna ekki taumskyldu og eru jafnvel mótfallnir henni. Ástæðan liggur meðal annars í því að sumir eigendur telja hundinn sinn svo vel þjálfaðan (af þeim sjálfum) að honum megi vel treysta til að ganga lausum við hlið þeirra á götum bæjarins og fyllast jafnvel stolti yfir því ef fólk á förnum vegi hefur orð á því hvað hundurinn er hlýðinn að fylgja húsbónda sínum svo tryggilega (Dolensek og Burn, [1976] 1978:213-214); sjá Perin, 1988:117). Engu að síður verður að hafa í huga að hegðun hunda getur verið óútreiknanleg og þess eru dæmi um að hinir hlýðnustu rólyndisrakkar hafi óforvarindis smeygt sér framhjá eigandanum og tekið á sprett yfir götu í eltingarleik við smádýr eða annan hund og endað fyrir bíl og slasast – eða jafnvel dáðið (Kinney, 1966:86; sjá Perin, 1988:117). Svo má ekki gleyma því að flestar hundategundir eru heimaríkar (e. territorial) að eðlisfari og vilja verja „sitt svæði“ gagnvart ókunnugum, hvort sem það er fólk eða aðrir hundar. Sé heimilishundum leyft að ráfa um lausum kringum heimkynni sín geta ljúfustu hundar sýnt af sér árásargirni í garð þeirra vegfarenda sem voga sér of nærri fram hjá heimasvæði þeirra (Borchelt, Lockwood, Beck og Voith, 1983:66; sjá Perin, 1988:108) og misalvarleg hundsbit hafa orðið vegna hunda sem eigendur þeirra töldu alls ekki líklega til að bíta (Miller, 1972:180; sjá Perin, 1988:117). Börn eru líklegri til að verða fyrir hundsbiti, oft í kjölfar þess að þau eru að stríða hundinum af eintómum vanvitaskap, og yfirleitt er það kunnur hundur sem á í hlut þegar hundsbit eru annars vegar (Beck og Jones, 1985; Avner og Baker, 1991;

Griego, Rosen, Orenge og Wolf, 1995). Furðar Perin sig á þeirri tvíræðni sem einkennir hundahald hinna óabyrgu eigenda. Í sama mund og þeir segjast elska hundinn sinn jafnmikið og aðra fjölskyldumeðlimi leyfa þeir hundunum að ganga lausum með allri þeirri áhættu sem því fylgir, bæði fyrir hundinn og eigandann því „þegar lausir hundar tynast, fara á flakk, lemstrast eða láta lífið fyllast eigendurnir hjartasorg“ (Perin, 1988:107).

Ábyrgðarlausir hundaeigendur og tvíræðni hundahaldsins

Tuan (1984) fjallar um þessa tvíræðu hlið óabyrgs hundahalds í bók sinni, *Dominance and Affection: The Making of Pets*, þar sem hann gerir hugtakið *yfirráð* (e. dominance) að þungamiðju kenningar sinnar um ástæður og þarfir mannsins fyrir að halda gæludýr. Samkvæmt Tuan einkennist gæludýrahald af ástúðlegum yfirráðum sem eru ólík drottunar-gjörnum yfirráðum að því leyti að forsenda þeirra byggir ekki eingöngu á *valdi* (e. power) heldur litast þau fyrst og fremst af *ástúð* (e. affection). Þrátt fyrir að ástúðin mildi yfirbragð yfirráðanna til muna og geri þau þannig ásættanlegri fyrir þann sem er beittur þeim er eðli ástúðarinnar fólgið í því að hún þrífst best í samböndum sem einkennast af valdaójafnvægi. Á þann hátt geta ástúðlegu yfirráðin falið í sér sömu hliðar valdsins sem einkennir drottunargjörnu yfirráðin, *grimmd* (e. cruelty) og *hagnýtingu* (e. exploitation), þó vissulega séu þær ekki eins augljósar (Tuan, 1984:5). Birtingarmyndir valds og yfirráða öðlast þannig mismunandi blæ fyrir verkan ástúðarinnar, á meðan sumar geta talist nokkuð saklausar fela aðrar í sér meiri grimmd (Tuan, 1984:1-6). Dæmi um tiltölulega saklaus yfirráð manna yfir hundum felast meðal annars í því þegar eigendur stjórna því hvenær og hvort hundurinn fari í göngutúr yfir daginn, hvort hann megi vera uppi í sófa eða ekki; hvað og hvenær hann fær að borða og hvar og hvenær hann léttir á sér. Yfirráð sem byggja á aga, mörkum og reglu, sem þjóna bæði þörfum hundsins og eigandans eru ástúðleg yfirráð. Þegar eigendur sinna taumskyldu hunda í þéttbýli, bæði af virðingu við gangandi vegfarendur og velferð hundsins, eru þeir að beita dýr sín ástúðlegum yfirráðum í þeim anda sem gerir ábyrgum hundaeigendum kleift að stunda velheppnað hundahald í borgum og bæjum.

Tuan tekur þá afstöðu að grimmd sé „inngreypt í mannlegt eðli“ og þrátt fyrir að tengsl okkar við gæludýrin virðast einkennast af ást og hollustu á yfirborðinu þá er ómögulegt að draga upp heildarmynd gæludýrahaldsins ef við neitum að horfast í augu við dekkri hliðar þess (Tuan, 1984:89). Dæmi um alvarlegri birtingarmyndir yfirráðanna tengjast þeirri tvíræðni sem einkennir hundahald í vestrænum samtíma og tekur Tuan dæmi frá

Bandaríkjunum þar sem meðalaldur gæludýra inni á fyrsta heimili var rétt um 2 ár (Tuan, 1984:88). Á sama tíma og hundar hafa sjaldan verið vinsælli heimilisdýr og svo virðist sem eigendur þeirra kappkosti að bjóða þeim eins gott líf og mögulegt er hvað varðar fæði, atlæti, húsaskjól, þjálfun og heilbrigðisþjónustu, þá er alltaf stór hópur hundaeigenda sem hikar ekki við að losa sig við dýrin um leið og tilvera þeirra innan heimilisins er orðin of íþyngjandi. Þegar krúttlegu hvolparnir verða fullvaxta, taka út kynþroska eða eigandinn verður ráðalaus vegna hegðunarvanda dýrsins eru hundar umsvifalaust geldir, farið er með þá í dýraathvarfið, eða þeir eru hreinlega svæfðir svefninum langa (Tuan, 1984:88-89). Í því tilliti er sagan af Kolu og örlögum hennar, aðeins ein af mörgum:

En Kola stækkaði og varð stór hundur. Hún var ekki af íslensku kyni. Hún varð fyrirferðarmikil og ærslafull, öslaði um stiga og stofur og tók lítið tillit til manasetninga úti sem inni. Þegar hún var lokuð inni í þvottahúsinu, ærðist hún og klóraði næstum því sundur krossviðinn í hurðinni. Hún var víst illa vaninn hundur. Dag nokkurn tók ég hana með mér upp í sumarhús og skaut hana (Hjörtur Jónsson, 1984).

Frá sjöunda áratugnum fór „sú tízka að hafa kjölturakka, búrfugla og búrfiska“ að aukast til muna innan vaxandi þéttbýlisins í borginni („Hjúkrunarstöð fyrir“, 1964). Árið 1973 vildi Mark Watson gefa Íslendingum fullbúinn dýraspítala til að sinna smærri húsdýrum („Ársskýrsla“, 1974:21). Yfirvöld voru ekki tilbúin til að þiggja þá gjöf og báru fyrir sig fjárhagslegum ástæðum en ef til vill hafa duldir fordómar átt þar einhvern hlut að máli („Dýraspítali Watsons“, 1981). Á þessum tíma var það viðhorf algengt að þar sem dýraspítalar að erlendri fyrirmynd sinntu aðallega gæludýrum væru þeir óþarfar stofnanir sem væru reknaðar „sérstaklega fyrir fáeina sérvitringa, sem ekkert aumt [mættu] sjá“ („Byssan talin“, 1971) og þar að auki hefðu „[í]slenzkir dýralæknar...yfrið nóg að gera við að sinna þýðingarmeiri störfum en stunda kjölturakka“ („Ekki áhuga á“, 1971). Watson ákvað þá að bjóða Reykvíkingum dýraspítalann og að frumkvæði Alberts Guðmundssonar, samþykkti borgarstjórn að þiggja gjöfina og veita undir hann lóð á höfuðborgarsvæðinu („Borgarstjórn þiggur“, 1973). Dýraspítali Watsons var svo reistur árið 1977 í Víðidal en vegna þess að enginn dýralæknir fékkst til að starfa við hann var spítalinn ekki tekinn í notkun fyrr en árið 1981 („Dýraspítali Watsons“, 1981; „Enskur dýralæknir“, 1977; „Dýraspítali Watsons formlega“, 1981). Það leið ekki langur tími þar til fólk tók að streyma með gæludýrin sín inn á Dýraspítalann í Víðidal til að láta svæfa þau. Dæmi voru um að tæplega hálf tonn af gæludýrum endaði í brennsluofninum í hverri viku júní- og júlímánaðar árið 1992 („Hálf tonn“, 1992). Oft var um fullfrísk dýr að ræða, kettir voru í miklum meirihluta en einnig var nokkuð um að fólk léti lóga hundum af litlu tilefni („Stutt líf“, 1989). Dýralæknar höfðu á

tilfinningunni að komandi sumarfrí væri aðalástæða þess að fólk kæmi með dýr sín til svæfingar („Stutt líf“, 1989; „Hálft tonn“, 1992; „Dýr aflífuð“, 2007) eins og lesa má hér:

Það er mjög mikið um að fólk komi með dýr til aflífunar og síðastliðið sumar virtist það aukast... Fólk kemur mest á vorin og sumrin og hallast ég að því að ástæðan sé sú að þá eru sumarfrí í nánd og dýrunum lógað af því að enginn getur séð um þau...Auðvitað getur fólk verið óheppið og lent á óþekktum hundi, alveg eins og börn geta verið óstýrilát. En oft er því líka um að kenna að eigendur hafa enga reynslu af hundum og kunna því eðlilega ekki réttu tókin („Stutt líf, 1989).

Sumir gæludýraeigendur koma sér í ófyrirséða sjálfheldu að vanhugsuðu máli í upphafi og bitnar það að endingu á dýrunum:

...á hverjum degi [er] komið með hraust dýr á spítalann til aflífunar...,Fólk fær sér oft kettling eða hvölp í hugsunarleysi, gefur kannski börnum sínum dýrin og gengur auðvitað aðeins gott eitt til. En svo verða dýrin stór og þá tekur alvaran við. Börn eru oft fljót að missa áhugann á dýrum og stundum hefur enginn annar á heimilinu tíma til að sinna þeim.“ („Stutt líf, 1989).

Þá eru það þeir gæludýraeigendur sem telja sér trú um að þeir eigi ekki annarra kosta vól:

„Ofnæmi er oftast nefnt sem ástæða skyndilegrar aukningar á aflífunum sem verður á þessum árstíma. Tilfellið aukast svo mikið að sá illi grunur læðist að manni að ofnæmið sé stundum afsökun til að losa sig við dýrin. Enginn viðurkennir þó slíkt.“ („Dýr aflífuð“, 2007).

Katrín Harðardóttir, dýralæknir, sagðist oft þurfa að harka af sér þegar hún væri að sinna mikið veikum og dauðvona dýrum („Ég þarf oft að harka af mér“, 1991). Aðspurð um hvort íslenskir gæludýraeigendur væru góðir dýraeigendur svaraði Katrín því til að finna mætti bæði samviskusama og kærulausa eigendur en tók þó fram að það væri ánægjulegt hvað hinum samviskusömu færi fjölgandi. Fólk mætti hins vegar leggja harðar að sér við að fræðast um þau dýr sem það hygðist halda og hafa það í huga að gæludýrahaldi fylgir mikil skuldbinding („Ég þarf oft að harka af mér“, 1991). Árið 2007 höfðu dýralæknar orð á því að dregið hafði úr persónulegum ástæðum fólks fyrir aflífun dýra sinna og töldu hundaeigendur sérstaklega leggja meira á sig en kattaeigendur („Dýr aflífuð“, 2007). Skýrðist það einkum af því að töluvert dýrara er að eignast hund en kött og hundaeigendur því síður tilbúnari til þess að velja aflífun að öðrum kostum óreyndum. Einnig hefði aukið gæludýrahald þau áhrif að viðhorf fólks til dýra almennt væri í stöðugri þróun og nú til dags væri algengara að dýr voru ekki bara dýr, heldur hluti af fjölskyldunni („Dýr aflífuð“, 2007).

Dýraverndunarsjónarmiðið

Árið 1970 var umræðan um hvort hundahald ætti rétt á sér í ört vaxandi þéttbýli Reykjavíkur eða friðsæld og fámenni sveitarinnar í algleymingi. Vaxandi andúð borgarbúa á ólöglegu hundahaldi, fjöldi kærumála vegna þess og óánægja fólks með vanvirkni lögreglunnar við að framfylgja hundabannslögunum varð til þess að borgaryfirvöld sáu sig knúin til að bregðast við af fullri alvöru („Hundadagar“, 1970; „Hvar er lögreglan“, 1970; „Hefur verið slakað“, 1970; Sverrir Þórðarson, 1970). Gengu lögreglumenn í hús hundaeigenda og tilkynntu þeim að þeir yrðu kærðir fyrir hundahald ef þeir losuðu sig ekki „við hunda sína úr borginni eða [sæju] sjálfir um að [aflífa þá] innan ákveðins tíma“, að öðrum kosti myndi lögreglan sjá um lögunina („Hundadagar“, 1970). Minnugir hundadrápanna á fjórða og fimmta áratugnum, sem og herferðar Kópavogslögreglunnar, óttuðust hundaeigendur og –vinir í Reykjavík að í óefni stefndi og töluðu sumir um „nótt hinna löngu hnífa“ og „blóðbað“ í því samhengi (Leifur Þórhallsson, 1970:10; „Blóðbað“, 1970). Undir þrýstingi Hundavinafélagsins, sem hafði lagt fyrir borgarstjórn skriflega greinargerð þar sem þess var krafist að hundahald undir ströngum reglum yrði gert löglegt, leituðu borgaryfirvöld álits hjá heilbrigðismálaráði, lögreglustjóraembættinu, landlækni, yfirdýralækni og Dýraverndunarfélagi Íslands. Samdóma álit þessara aðila var að „þéttbýli [væri] ekki réttur eða heppilegur vettvangur fyrir hunda“ og því teldist „hundahald á slíkum stöðum andstætt dýravernd“ („Hundahald í þéttbýli andstætt dýravernd“, 1970). Niðurstöður skoðanakannana dagblaðanna voru heldur ekki til þess fallnar að styrkja málstað hundaeigenda í Reykjavík því meirihluti viðmælenda sagðist vera andvígur hundahaldi í borginni („Í varðhaldi“, 1971; „Það er andstætt“, 1977; „Eruð þér fylgjandi“, 1971; „Eruð þér fylgjandi“, 1977). Margir tóku það fram að þeir væru alls ekki á móti hundahaldi í borginni hundanna vegna heldur þvert á móti væru þeir miklir hundavinir og því gætu þeir ekki lagt blessun sína yfir slíkt dýraníð sem hundahald í borgum var. Hundar væru sveitadýr í eðli sínu sem þyrftu frelsi til hreyfingar um tún og haga, þar sem þeir hefðu skilgreint nytjahlutverk (Jón A. Gissurarson, 1984; Steingrímur Davíðsson, 1971; Ásgeir Jakobsson, 1971). Því væri það andstætt dýraverndarsjónarmiðinu að loka slík náttúrudýr inni í búrum og þröngum íbúðum á milli þess sem eigendur teymdu þá í stuttum göngutúrum á gangstéttum bæjarins.

„Þeir verða að finna sér...annað til að láta ástúðina bitna á“

Á meðal þeirra sem lögðust gegn hundahaldi í Reykjavík á forsendum dýraverndar voru þeir sem töldu þörf sumra einstaklinga fyrir að halda hund vera á afbrigðilegum forsendum:

Þá er einn hópur [hundaeigenda] ótalin en það eru þeir sem eru þannig gerðir að verða að hafa einhvern til þess að kúga, slíkt fólk er til og það fær útrás fyrir kúgunargleði sína með því að „temja“ hundinn eins og það er kallað. Vegna þessara hópa má vera að takmarkað hundahald þurfi að vera löglegt í borgum („Fá útrás fyrir“, 1983).

Auk þess má íhuga hvort það sé réttlætanlegt að bæla hunda í þrengslum borganna, og hvort hundahald stafi ekki af annarlegri drottunarkennd („Hundar verða hér“, 1962).

Samkvæmt Tuan (1984) er það beitingarform valdsins sem greinir drottunargjörn yfirráð frá þeim ástúðlegu og hefur í kjölfarið áhrif á stöðu þess sem beittur er yfirráðunum. Tilurð fórnarlambins byggir á misbeitingu þess valds sem einkennir birtingarmyndir drottunargjarnra yfirráða, grimmd og hagnýtingu, en ef valdinu er beitt af ástúð verður gæludýrið til. Í þeim tilfellum sem lýst er hér að ofan gæti hundur sem beittur er kúgun og grimmd því ekki talist gæludýr heldur öllu heldur fórnarlamb sem þarf á vernd dýraverndunarlaganna og -samtaða að halda.

Viðhorf borgarbúa, gagnvart því hvort hundar ættu heima í sveitum eða borgum, sem og dýraverndunarsjónarmiðið sem varð sérstaklega áberandi í rökum andstæðinga hundahalds í Reykjavík um 1970, falla því vel undir kenningu Tuan um ástúðleg yfirráð eða eins og fram kemur í eftirfarandi skoðunum reykvískra álitsgjafa á réttmæti hundahalds í borginni:

Allra sízt (*sic*) frá dýraverndunarsjónarmiði ætti að leyfa hundahald í bæjum. Einhverjir einstaklingar kunna að þurfa á þessu að halda, en þeir verða að finna sér eitthvað annað til að láta ástúðina bitna á [...] Það er alveg sama, hve miklir dýravínir menn eru. Ævinlega fer á þann veg, að hundkvikindin fá ekki þá hirðu, sem þarf að hafa við þessi grey, innilokuð og innan um fólk („Þeir verða“, 1971).

Hundar áttu „rétt á sér á góðbúum sveitanna, vel hirtir og frjalsir, en ekki (innilokaðir) í stásstofum borgarbúanna“ (Páll Guðmundsson, 1969). Töldu ýmsir það illan leik að tefla borgarlífinu gegn náttúrulegu eðli hundsins:

Hundarnir eru geymdir í hlýjum stofum á mjúkum púðum; þeir missa fljótt hið upprunalega eðli sitt og verða ekki annað en geðlausir og leiðinlegir kjölturakkar ellegar sálarlífsástand þeirra snýst upp í hreina geðveiki. Það eru ill örlog einum hundi að veslast þannig upp í umhverfi, sem er andstætt allri hans náttúru („Fínar frúr“, 1958).

Sveinn Eggertsson (2009) vitnar í þessu samhengi í samræður sínar við dýralækna, en þar koma fram viðhorf sem greina *spillta* hunda frá *náttúrulegum* hundum. *Spilltir hundar* eru þeir hundar sem fá ekki að birta sitt dýrslega eðli þar eð eigandinn „sér

aðallega sjálfan sig í skepnunni“ og sýnir eðlislægum þörfum hundsins takmarkaðan skilning með þeim afleiðingum að hundurinn úrkynjast, eða spillist, hvort sem það er vegna ræktunarpáttá eða félagslegra samskiptaþátta við manninn (Sveinn Eggertsson, 2009:532). *Náttúrulegir hundar* eru aftur á móti þeir sem njóta heilbrigðra samskipta við eigandann sem leggur metnað sinn í að rækta og viðurkenna dýrið í hundi sínum svo hann verði ánægjulegur og traustur félagsskapur, fremur en nota hann sem spegilmynd fyrir eigin þarfir (Sveinn Eggertsson, 2009:532). Of margir huga ekki nægilega að hlýðni- og hreyfipjálfun hunda og er það sérstaklega algengt með kjölturakkana af minni gerðinni. Þar sem fólki stafar engin ógn af þeim vill það oft brenna við að eigendurnir beiti nauðsynlegum aga og þjálfun á þá, líkt og gert er með stærri hundana, því viðhorfið virðist vera þannig að ef þessir litlu sýna erfiða hegðun þá er fljótlegast að „stinga þeim [bara] í vasann“ („Nauðsynlegt að allir“, 1995). Afleiðingin verður óöruggur, taugaveiklaður og uppáþrengjandi hundur sem veit hvorki sín mörk né til hvers er ætlast til af honum og verður fyrir vikið þrautleiðinlegur í umgengni og á gönguferðum um hverfið. Eigendur slíkra hunda eru mun líklegri til að gefast upp á hundahaldinu fyrir vikið („Nauðsynlegt að allir“, 1995).

„Þar sem maðurinn er, þar er hamingja hundsins“

Á aðalfundi Dýraverndunarfélags Íslands árið 1972 var kosið í nýja stjórn. Fyrsta mál nýju stjórnarinnar var að fella úr gildi yfirlýsingar fyrri stjórnar um að hundahald í þéttbýli væri í andstöðu við dýravernd, velferð dýranna og heilsuöryggi manna. Eða eins og sagði í áskorun stjórnar:

þessar staðhæfingar [fela] í sér órökstuddar og ósæmandi aðdróttanir um dýraniðslu í garð milljóna hundaeigenda í erlendum borgum, stjórnvaldi þeirra borga og fjölda þjóðhöfðingja heims. Hafa þær því stuðlað að kynlegum hugmyndum um Ísland og orðið íslenzkum (*sic*) dýravinum til álitshnekkis á erlendum vettvangi. Síðan segir að fundarmenn hafni þessum staðhæfingum og telji þær brjóta í bága við almenn borgararéttindi („Skorar á borgarráð“, 1972).

Skoraði stjórnin enn fremur á borgarráð til að taka afstöðu sína um hundabann til endurskoðunar. Þeir sem voru fylgjandi hundahaldinu í borginni bentu á þá staðreynd að þeir hundar sem væru haldnir í leyfisleysi innan borgarmarkanna væru flestir annarra tegunda en hinn tYPíski íslenski fjár- og sveitahundur og vildu meina að þeir hefðu þar af leiðandi annars konar þarfir:

Ráðamenn hafa sumir borið fram þá málamiðlunartillögu, að hundeigendum verði gefinn viss frestur til að vista hunda sína í sveit. Þeirri spurningu er ósvarað hvort bændur treysta sér til að taka upp á arma sína alla hunda Reykjavíkur. Þau dýr eru yfirleitt ekki undir það búin að takast á við íslenska (*sic*) veðráttu á sama hátt og sveitahundar. Að hinu leytinu hafa þau frá fyrstu tíð vanizt hlýjum húsakynnum, umhyggju og vernd, ástríki og persónusambandi við manninn (Gunnlaugur S.E. Briem, 1970:51).

Augljóst er að hér er Gunnlaugur að tala um smáhundana, eða kjölturakkana, sem hafa verið sérlega vinsælir „borgarhundar“ í gegnum tíðina.

Gunnlaugur (1970) vitnar ennfremur í bók dýraháttennisfræðingsins dr. Konrad Lorenz, *Talað við dýrin*, sem kom út í íslenskri þýðingu árið 1953. Þar segir Lorenz, sem var mikill kynbótaáhugamaður, meðal annars að honum standi hugur til þess að rækta hinn „fullkomna hund“, þ.e. hundakyn „sem hinn fátæki, siðmenntaði borgarbúi þarfnast svo mjög andlega“ til þess að komast „á ný í bein tengsl við náttúruna“ og það geri hann helst með því að hnýta aftur slitinn þráð – leyniþráðinn milli hunds og manns (Lorenz, 1949/1953:181-2):

Vér skulum...hætta að ljúga því að sjálfum oss, að vér þörfumst hunds til að gæta híbýla okkar. Vér þörfumst hunds, en ekki varðhunds. Að minnsta kosti skildist mér vel í dvöl minni í tómlegum erlendum borgum, að ég hafði ríka þörf á fylgd hundsins míns. Hin innri öryggiskennnd mín óx við það eitt að hafa hann í návist minni...Í flughraða nútímálífsins þarf maðurinn eitthvað til að minna sig á það við og við, að hann er enn hann sjálfur, og ekkert getur veitt honum þægilegri fullvissu um þetta en trú og tryggur hundur (Lorenz, 1949/1953:182).

Lorenz segir það engu skipta fyrir hundinn hvort hann búi í borg eða sveit, það eina sem hann þarfnist til þess að líða vel er að fá að vera við hlið mannsins:

Þér skuluð ekki halda, að ómannúðlegt sé að hafa hunda í borgum. Hamingja hundsins er framar öllu undir því komin, hve mikið þér getið verið samvistum við hann, og hve oft hann getur fylgt yður í gönguferðum. Það skiptir hann engu máli, þótt hann verði að bíða eftir yður tímunum saman fyrir framan herbergisdýrnar yðar, ef hann fær að lokum þá umbun að fá að fylgja yður í stutta gönguför. Persónuleg vinátta er hundinum allt (Lorenz, 1949/1953:39).

Það voru fleiri en Lorenz sem höfðu áhyggjur af þeim þjóðfélagsbreytingum sem fóru í hönd með vaxandi borgarmenningu og áhrifum þeirra á manninn. Þeim sem skrifuðu pistla í dagblöðin hundahaldi í hag varð tíðrætt um hlutverk hundsins við að sporna gegn firringu nútímans og áhrifum hennar á sálarlífið (Guðrún Jacobsen, 1970; „Sárt ert“, 1983; Sverrir Þórðarson, 1970; Jakob Jónasson, 1975). Til að skilja betur þær vísanir er gott að staldra við og hafa í huga „þá gjörbyltingu þjóðfélagshátta sem varð á Íslandi á fáeinum áratugum“

(Eggert Þór Bernharðsson, 1998:VIII). Á meðan fyrri heimsstyrjöldin olli gífurlegri fátækt og versnandi vösbúð flestra landsmanna þá vænkaðist hagurinn svo um munaði í kjölfar þess að Bretar og Bandaríkjamenn hernámu landið í seinni heimsstyrjöldinni 1940-1945 og Ísland öðlaðist sjálfstæði 1944 (Guðjón Friðriksson, 1994:3-17;397-404). Erlendu herliði fylgdu margvíslegar framkvæmdir og umsvif sem þörfnuðust íslensks vinnuafls. Erlendur gjaldeyrir streymdi ofan í þjóðarpyngjuna, fólk flyktist þúsundum saman til Reykjavíkur í leit að betri tækifærum og byggðin þandist út. Með breyttum atvinnuháttum, aukinni tæknivæðingu og sérhæfingu vék kreppan „eins og dögg fyrir sólu“ og Reykjavík breyttist úr bæ í borg (Eggert Þór Bernharðsson, 1998:VII). Það var því ekki að furða að þeirri kynslóð sem hafði flutt til Reykjavíkur á fyrstu tveimur áratugum tuttugustu aldarinnar þætti andrúmsloftið bera vott um upplausn og firlingu. Eftirstriðsárin einkenndust af þverrandi áttahagatryggð og bilið á milli innflytjendakynslóðarinnar úr dreifbýlinu og þeirra sem fæddust á mölinni fór ört stækkandi eftir 1960 (Eggert Þór Bernharðsson, 1998:64-81).

Miklar breytingar urðu á rammanum utan um fjölskyldulíf á þessum árum. Viðhorf fólks til hjónabands og barneigna breyttist, hjónavígslum fækkaði, skilnaðartíðni jókst og sífellt fleiri börn ólust upp á heimilum með aðeins öðru foreldri. Konur fóru að herja á vinnumarkaðinn eftir 1965, dagvistarstofnunum barna var komið á fót og skerðing á sameiginlegum tíma foreldra og barna olli því að tengslin tóku að rofna (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1993:101-107). Talað var um „öld alhliða gervimennsku“ þar sem neikvæðar birtingarmyndir neyslu- og afþreyingarmenningarinnar vitnuðu til um afskipt tilfinningalíf. Allir hefðu þó sömu þörfina innra með sér til þess að tjá öðrum væntumþykju og finna til þess að einhver þarfnast þeirra á sama hátt, hvort sem það væri önnur manneskja eða dýr (Guðrún Jacobsen, 1970). Með því að hverfa aftur til náttúrunnar kemst nútímamaðurinn ekki aðeins í betri tengsl við sjálfan sig heldur spornar hann þannig við þeirri lífsfirlingu borgarmenningarinnar sem ógnaði heilbrigðum lífsháttum („Sárt ert“, 1983; Watson, 1973/1981:5). Fáir voru betri félagar á þeirri vegferð en hundurinn, hvers rétti staður var fyrst og fremst við hlið mannsins (Halldór Laxness, 1970). Félagsskapur trygglynds hunds gat vel verið sú vin í eyðimörkinni sem nútímamaðurinn gat leitað skjóls í:

„Þar sem maðurinn er þar er hamingja hundsins.“ Við vitum öll að vinirnir týna tölunni þegar á reynir en hundurinn heldur trygglyndi sínu allt til dauðadags...Borgin er ómannúðlegt umhverfi, göturnar eru malbikaðar og jörðin þakin gangstéttarhellum. Tré sést varla nema í húsagörðum einstaklinga. Í þessari maurþúfu lifa og deyja menn sem keppast um að eignast betri járnhest en nágrenninn. Börnin sem fæðast læra aðeins að meta dauða hluti. Ef tvær einmana hræður mætast uppi á öræfum, talast þær við. En ef þær mætast á götu í borg yrða þær ekki hvor á aðra. Fullt af fólki í Reykjavík hefur

einangrast og þjáist af einmanakennd, flest sjálfsmorð er af þeim toga spunnin...Hvers vegna ekki leyfa fólkinu að hafa hunda og auðga þar með líf þess (Ásgeir Gargani Þórhallsson, 1979).

Guðlaugur E. Jónsson (1971) var einn af þeim sem óaði við þessari þjóðfélagsþróun og lýsti henni sem heilsuspillandi vélmenningu þar sem hraðinn ól af sér streitu, einmanaleika og afmennskun borgarbúanna sem höfðu fjarlægst náttúruna svo mjög að þeir voru ekki lengur fólk heldur „meira og meira númer á gataspjöldum yfirvalda og atvinnurekenda“ (Guðlaugur E. Jónsson, 1971:6). Besta leiðin til þess að lækna streitu nútímamannsins og forða honum frá algerri firringu var að auðvelda honum aðgengi að dýralífinu:

Húsdýrahald, í einhverri mynd, er viðurkennd ein helzta (*sic*) aðferðin til að koma í veg fyrir þessa andlegu sjúkdóma og til að lækna þá á frumstigi. Þess vegna er hlúð að hvers kyns dýralífi í öllum menningarborgum (Guðlaugur E. Jónsson, 1971:11).

Einangrun borgarlífsins gerir það að verkum að fólk hefur gjarnan fáa sem því finnst það geta leitað til, eða heimsótt, sér til félagsskapar. Því getur það haft ómetanlegt gildi fyrir fullorðna og börn að eiga vin og félag í húsdýri eins og hundinum, sem aðlagast hvað auðveldast manningum og bindur við hann tryggðarbönd (Guðlaugur E. Jónsson, 1971:6).

Í samræmi við tíðarandann varð skilningur borgarstjórnar Reykjavíkur á uppeldisgildi og mikilvægi þess að börn og aðrir íbúar borgarinnar, misstu ekki endanlega tengslin við sveitina og náttúruna í formi samvista við helstu húsdýr landsins til þess að Húsdýragarðurinn í Laugardal var opnaður árið 1990 (Eggert Þór Bernharðsson, 1998:63). Þannig öðlaðist hluti dýraríkisins sinn skipulagða og lögmæta stað innan borgarinnar, þar sem fjölskyldufólk gat keypt sig inn í friðsæld sveitanáttúrunnar og hvílt sig á erli borgarlífsins um stund.

Samband manns og hunds

Konecki (2007) bendir á að þrátt fyrir rannsóknir síðustu áratuga á sambandi manns og hunds, vantar enn mikið upp á að félagsheimur gæludýraeigenda njóti menningarlegrar viðurkenningar. Gæludýraeigendur og þá sérstaklega þeir sem halda hunda í þéttbýli búa gjarnan við takmarkað menningarlegt lögmæti og þurfa sífellt að réttlæta sinn málstað. Þeir hundavinir sem töluðu með lögmætingu hundahalds í Reykjavík beittu í því skyni fyrir sig rökum sem lutu að *innri aðstæðum* sínum, þ.e. hugmyndum þeirra um hundinn og félagslegt mikilvægi hans fyrir sálarlífið, heilsuna, börnin og þá sem voru afskiptir og einmana.

Hundar sem félagslegir staðgenglar

Kenningin um gæludýr sem félagslega staðgengla mannglegra tengsla hefur verið umdeild og er síður en svo ný af nálinni (Shepard, 1978, 1996; Franklin, 1999; Serpell, 1986; Irvine, 2004). James Serpell er án efa sá fræðimaður sem hefur hvað mest fjallað um samband manna og dýra í félagslegu samhengi. Serpell (1986) lýsir því hvernig hann, nýútskrifaður dýraatferlisfræðingur árið 1975 með brennandi áhuga á sambandi manna og dýra, hafi komið að nærri tómunum kofa hvað varðar fræðilegar rannsóknir á fyrirbærinu. Fannst honum þetta skjóta skökku við miðað við þann fjölda heimila í Bandaríkjunum sem héldu einn hund eða fleiri. Við nánari athugun ályktaði hann sem svo að fátæklegar rannsóknir á eðli gæludýrahalds mætti að stórum hluta skýra með þeirri staðreynd að samfélagsleg viðhorf til gæludýrahalds voru á þessum tíma gjarnan byggð á misskilningi og fordómum. Fólk átti mun auðveldara með að skilja nauðsyn þess að halda góðan varðhund til varnar innbrotshjófum, en að þeir væru aldir eingöngu í félagslegum tilgangi. Talið var að þeir sem sóttust eftir því að eiga í samskiptum við hunda væru aðallega einmana einstæðingar sem skorti félagsskap eða færni til þess að mynda og viðhalda félagslegum tengslum við aðra einstaklinga og því væru hundar betri en ekkert:

Ein röksemd hundavina fyrir því, að hundur á heimili sé nauðsynlegur er sú, að hundurinn sé góður félagi, t.d. fyrir einstæðinga, sjúklinga eða menn, sem eru svo leiðinlegir, að þeir geta ekki eignast vini manna á meðal og fá sér af þeim ástæðum hund (Ragnh. Steingrímisdóttir, 1971).

Engu að síður var hundahald ekki talið henta hverjum sem var:

Hætta er á, að vangefið fólk, ratar, rýnur eða fólk vanheilt á geðsmunum sækist eftir því að eignast hund, en reynist ekki fært um að sinna honum þegar til kastanna kemur (Ragnh. Steingrímisdóttir, 1971).

Viðhorf eins og hér koma fram að ofan eru ef til vill dálítið ýkt en líklega stafar það af því að þau hafa í gegnum tíðina verið byggð á öfgafullum sögum af einstaka hundaeigendum sem ratað hafa í dagblöðin (Serpell, 1986:20-21). Sumar slíkra sagna hafa gengið fram af fólki á einhvern hátt og því mætt háði og fyrirlitningu fyrir vikið. Dæmi eru um að einstaka tilvikssögur hafi hneykslað fólk svo illilega að þær hafa náð að skrumskæla forsendur hundahalds sem og eðli einstakra hundategunda. Serpell (1986) tekur þannig dæmi af konu sem hafði nýlega eignast barn. Sá hryllilegi atburður gerðist að hundur konunnar af Rottweiler tegund, Byron, réðst á ungarbarnið og drap það. Málið komst á síður dagblaðanna vegna ummæla konunnar, sem lýsti því yfir í geðshræringu að hún vildi láta þyrma lífi hundsins vegna þess að hún gæti alltaf eignast annað barn en það væri aðeins til einn hundur eins og

Byron (Serpell, 1986:22). Serpell tekur fleiri dæmi, til að mynda af hundaeigendum sem innrita hunda sína á hundaleikskóla yfir daginn, rétt eins og um barn væri að ræða, manningum sem skildi við konuna sína vegna þess að honum fannst hún elska hundinn meira en sig og eigendurna sem borguðu fúlgur fjár fyrir ígræðslu hjartagangráðs í 10 ára gamlan hund sinn (Serpell, 1986:24-26). Taka ber þó slíkum sögum með fyrirvara þar sem þær eru illa fallnar til að lýsa áherslum hins almenna hundahalds (Irvine, 2004:19). Þó er mikið til í því, án þess að það þyki bera vott um annarlegar hvatir fólks eða félagslega vanhæfni, að hundar séu haldnir af einmana fólki vegna félagsskaparins sem þeir hafa að bjóða.

Samkvæmt Levinson (1978) getur gæludýrahald dregið úr einmanaleika og andlegri hrörnun aldraðra. Því var ekki að furða að Oddi sterka hafi verið mikið niðri fyrir þegar fyrir lá að lögreglan hugðist útrýma óþörfum hundum í Reykjavík samkvæmt lögunum frá 1924:

Yfirvöldin ætla nú að svifta (*sic*) mig hundinum...ég mótmæli því, að minn hundur sé óþarfur... en krefst þess, að yfirvöldin taki það til athugunar og traktéringar og muni eftir að ég er einstæðingur, sem er meinað nánnum samvistum við samborgara mína, en hefi bundið og vináttubönd við hvölpgreyið (Oddur sterki, 1931a, 1931b).

Hundahald getur auðveldað fólki að fást við breyttar aðstæður í kjölfar lífsháttabreytinga eins og skilnað, ástvinamissi, flutninga eða aukins frítíma (Cain, 1985; Franklin, 2007; Walsh, 2009). Til dæmis er nokkuð algengt að þeir sem nýkomnir eru á eftirlaunaaldur fái sér hund, bæði fyrir félagsskapinn og til að halda virkni, sem og ungt fólk nýflutt að heiman. Félagskapur hunds inni á heimilinu getur að einhverju leyti dregið úr einmanaleikanum sem fylgir breyttum aðstæðum fólks (Franklin, 2007; Walsh, 2009).

Einnig var það vinsælt viðhorf að hundar hefðu fyrst og fremst það hlutverk að fylla í skarð barna, hvort sem það var á heimilum barnlausra hjóna, piparjúnka eða eldri hjóna sem kunnu illa við tómleikann sem myndaðist þegar börnin uxu úr grasi og fluttu að heiman (Serpell, 1987). Þau viðhorf mátti einnig finna á síðum íslenskra dagblaða:

hundaást á sjálfsagt sínar sálfræðilegu orsakir. Gamlar piparmeyjar gefa oft hundum og köttum alla þá ást og blíðu, sem eiginmaður og börn mundu annars hafa hlotið (Ólafur Hansson, 1952).

Constance Perin snýr dæminu við og telur að við séum, í táknrænum skilningi, börn hundanna okkar (Perin, 1988:124). Perin heldur því fram að sú tvíræðni í garð hundsins, sem skiptir hundaeigendum í ábyrga og óábyrga, stafi af táknrænni ímynd hans sem uppsprettu skilyrðislausrar ástar og viðtektar í hliðstæðri líkingu við móðurástina. Þar sem við eigum ekki afturkvæmt til frumberskunnar þegar líf okkar var samofið móðurinni þá leitum við

Þessarar týndu paradísar í gegnum táknmyndir. Innan vestrænnar menningar er hundurinn gjarnan tákn trausts og vináttu, skilyrðislausrar viðtektar og ævarandi tryggðar. En paradís móðurástarinnar einkennist ekki aðeins af skilyrðislausri ást og hlýju heldur felur hún einnig í sér aðskilnað (e. separation), einsömun (e. individuation) og missi (e. loss). Þær andstæðu kenndir sem finnast í móðurástinni skapa togstreitu sem birtist í tvíræðum viðhorfum í garð hunda (Perin, 1988).

Serpell (1987) bendir á að ef staðgengilsrökin ættu að standast þýddi það að hundaeigendur væru á einhvern hátt frábrugðnir þeim sem héldu ekki hunda en rannsóknir hafa sýnt að svo er ekki (Podberscek og Gosling, 2000). Gæludýraeigendur eru upp til hópa ósköp venjulegt fólk. Kenningin um hunda sem staðgengla barna er heldur ekki líkleg, þó svo að í einstaka tilvikum megi finna þess dæmi, þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að meirihluti hundaeigenda eru hjón með börn á grunnskólaaldri þar sem hundahald er líklegra eftir því sem fleiri börn eru á heimilinu (Albert og Bulcroft, 1988; Franklin, 2007).

Ein kenningin til viðbótar gengur út frá því að hundar, og önnur gæludýr, séu lítið annað en félagsleg sníkjudýr sem nýta sér foreldrunarhvöt mannsins (e. parental instinct) til að tryggja sér umönnun og ástúð (Archer, 1997). Gæludýrahald er þannig vandamál sem ógnar afkomu mannsins í þróunarfræðilegum skilningi. Til dæmis hefur það verið talið soun á bæði fjármunum og fæði að ala önn fyrir óþörfum dýrum í borgum eins og hundum („Tvær gerðir“, 1976; Toynbee, 1978). Sérstaklega var þetta viðhorf tengt hundum fátækra og smáhundum þar sem þeir virtust hvorki geta gegnt hlutverki öflugra varðhunda né veitt liðveislu við smölun búfjár. Margir töldu réttara, á tímum vosbúðar og efnahagskreppu, að fátæk, vannærð og munaðarlaus börn nytu þeirrar umhyggju og atlætis sem hundum féll í skaut:

Þá er eitt atriði í þessu máli, að vísu aukaatriði, en þungt á metunum, það er fæðið hundanna. Þarna kemur annað ósamræmi. Annars vegar bjargarskortur á fjölda heimilum, hins vegar allur maturinn, sem fer í þessa óþörfu hunda... Allir sem hafa hunda að óþörfu gefa þeim mannamat og fara vel með þá, og er það sagt þeim til hróss, því að ekki má svelta þá. Þó ganga sumir fulllangt um eldið. Einu sinni sá ég mann, vera að reyna að koma í hund sinn, spikfeitan og saddan, niðursoðnu dilkajöti, en hundurinn þáði ekki. Mér datt þá í hug, að hægt mundi vera að finna barn hér í bænum, sem ekki slæi hendinni á móti þeirri fæðu („Hundarnir í bænum“, 1924a).

Þorvaldi Jónssyni var umhugað um atlæti barnanna og fannst fráleitt að ljótir smáhundar nytu ástúðar og umhyggju á meðan börn þjóðarinnar sætu afskipt hjá:

í stað hundanna ætti þetta fólk að stytta sér stundir við að ala upp eitthvað af munaðarlausum börnunum, sem svo mikið er af í þessum bæ, að það er jafnvel auðveldara að ná sér í vel skapað barn sem enginn þráði að fæddist, en kínverskan kelturakka af ljótustu tegund (Þorvaldur Jónsson, 1936).

Serpell (1987) bendir á að ef kenningin um gæludýrahald sem félagslegt sníkjulífi ætti við rök að styðjast myndi það þýða að eigendur væru fórnarlömb gæludýranna sinna í sama skilningi og veikt fólk verður fyrir barðinu á sjúkdómum sínum (Serpell, 1987:166). Það er sjálfsagt leitun að hundaeiganda sem væri sammála slíkri sýn á samband sitt við hundinn sinn.

Franklin (1999) bendir á að nútíma viðhorf og áherslur í gæludýrahaldi hafi breyst töluvert frá 1970. Í stað þess að litið sé grunsemdaraugum á hundahald sem andfélagslegt eða afbrigðilegt fyrirbæri hefur samband fólks við gæludýr sín öðlast almenna félagslega viðtekt og jafnvel talið fela í sér víðtækan heilsufarslegan ávinning.

„Hundar samkvæmt lyfseðli“

Á áttunda og níunda áratugnum varð viðsnúningur á heilbrigðis- og hreinlætissjónarmiðinu. Hætta sullaveikinnar var liðin hjá, hundar voru oftast hafðir í bandi á götunum og eftir 1984 voru þeir flestir ormahreinsaðir og bólusettil reglulega. Þess fyrir utan fylgdust íslenskir hundaáhugamenn vel með öllum þeim nýjungum á vettvangi erlendra vísindarannsókna sem þeir gátu mögulega notað til að renna styrkari stoðum undir baráttuna fyrir lögmætingu hundahalds í borginni. Áhugi erlendra fræðimanna á gildi gæludýrahalds fyrir heilsu og heilbrigði fólks tók að vakna í lok áttunda áratugarins. Þegar á leið kom í ljós að hundahald gat haft víðtæk og mælanleg áhrif á heilsu fólks og í kjölfarið fóru viðhorfin í garð hundanna í borgarþéttbýlinu smám saman að þróast í jákvæðari áttir. Þráinn Bertelsson skrifaði af því tilefni pistil í *Vísir* þess efnis hvort ekki væri hægt að koma til móts við þann hóp fólks sem „hefur raunverulega þörf fyrir hundinn sinn“ á þeim forsendum að hann sé „nauðsynlegur fyrir geðheilsu sína“, til dæmis með því að fá geðlækni til að skrifa lyfseðil fyrir hundinum (Þráinn Bertelsson, 1971).

Algengt viðhorf gagnvart þéttbýli borgarsamfélagsins var á þá leið að þar var hætt við því að maðurinn kæmist auðveldlega úr tengslum við bæði sjálfan sig og aðra. Að margra mati gat vinátta við hund verið áhrifarík leið til að brúa þetta bil og mynda þannig mótvægi við vaxandi einmanaleika og óstöðug tengsl manna á milli („Sárt ert“, 1983; Sverrir Þórðarson, 1970; „Takmarkað hundahald“, 1975; Jakob Jónasson, 1975; Lorenz, 1949/1953).

Þannig hefur hundurinn fyrst og fremst sálrænu og félagslegu hlutverki að gegna gagnvart mannum innan hins tæknivædda nútímasamfélags.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á heilsufarslegum áhrifum gæludýraeignar. Sýnt hefur verið fram á að miðað við þá sem héldu engin dýr eru auknar líkur á að gæludýraeigendur nái sér fyrr eftir hjartaáfall (Friedmann, Katcher, Lynch og Thomas, 1980; Friedmann og Thomas, 1995; Jennings, Reid, Christy og Anderson, 1998), hafi lægri blóðþrýsting (Allen, 2003; Anderson, Reid og Jennings, 1992); séu með lægra kólesterólmagn í blóði (Anderson o. fl., 1992), búi við minni andlega streitu (DeMello, 1999; Allen, Shykoff og Izzo, 2001), finni síður til einmanaleika, kvíða og þunglyndis (Katcher, 1981; Garrity og Stallones, 1998; Wood, Giles-Corti og Bulsara, 2005), hafi betra sjálfstraust (Albert and Bulcroft, 1988); noti lægri lyfjaskammta við hjartasjúkdómum og svefnleysi (Headey, 1999), fari sjaldnar til lækni (Headey, 1999; Siegel, 1990); fari oftar út að ganga óháð veðri (Cutt, Knuiman og Giles-Corti, 2008; Temple, Rhodes og Higgins, 2011) og telji sig vera við betri heilsu almennt, andlega og líkamlega (Wood, Giles-Corti og Bulsara, 2005).

Friedmann o. fl. (1980) bentu þó á það væri ekki gæludýrahaldið eitt og sér sem hefði þessi jákvæðu áhrif, heldur umhverfið sem fylgdi því. Ábyrgð og dagleg rúttíma, athygli og ástúð veitt í gegnum umönnun, persónuleiki eigendanna og gæði gæludýratengslanna voru allt þættir sem lögðust á eitt þegar kom að heilsufarslegum ávinningi gæludýrahaldsins (Friedmann o. fl., 1980). Hundar hafa sérstöðu umfram aðrar gæludýrategundir sem kemur helst fram í félagslegu gildi þeirra (Collis og McNicholas, 1998). Mikill meirihluti gæludýraeigenda telur hundinn vera „einn af fjölskyldunni“ (Franklin, 2007) og rannsóknir á eðli hundahalds hafa leitt í ljós að hundar geta bæði auðgað þau tengsl sem fyrir eru manna á milli og aflað eigendum nýrra vinatengsla þar sem hundur á göngu með eiganda sínum verður oftar en ekki nokkurs konar „ísbrjótur“, eða hvati til samskipta á milli ókunnugra (Wood, Giles-Corti og Bulsara, 2005; Wood, Giles-Corti, Bulsara & Bosch, 2007). Hundar eru einnig þau dýr sem eru sjáanlegust öðrum á götum úti þar sem þeir fylgja eigendum sínum á rölti um hverfið. Flestir hundaeigendur fara í minnst tvo göngutúra á dag, bæði til að sinna úrgangslausun dýrsins og hreyfingarþörf þeirra, en næg hreyfing er mikilvæg forsenda vel heppnaðs og ánægjulegs hundahalds. Hundur sem fær ónæga hreyfingu verður fljótt spenntur og eirðarlaus og fer að taka upp á alls kyns „óþekkt“ heima fyrir og því er það ekki aðeins dýrsins vegna sem eigendur fara í göngutúra með það í öllum veðrum heldur einnig til að tryggja heimilisfriðinn („Nauðsynlegt að“, 1995).

Eigendur fara þó ekki aðeins í göngutúra með hundinn af skyldusemi einni saman heldur telja þeir göngutúrinn vera gæðastund sem styrkir tengsl þeirra við hundinn og veitir bæði ánægju og slökun:

Það er sumum mönnum mönnum mikill yndisauki, að eiga fríðan og vitran hund og fara með honum á gönguför. Allt sem vekur saklaust yndi, miðar að sálarheill. Ólíkt er ég hamingjusamari, fari ég út á gönguför með hund við hlið mér. Gleði þeirra er svo rík, fái þeir að fara út með vinum sínum (Ástríður Sigurmundadóttir, 1960:11).

Konrad Lorenz tekur í sama streng:

Það skiptir [hundinn] engu máli, þótt hann verði að bíða eftir yður tímunum saman fyrir framan herbergisdýrnar yðar, ef hann fær að lokum þá umbun að fá að fylgja yður í stutta gönguför (Lorenz, 1949/1953).

En það eru ekki aðeins eigandinn og hundurinn sem njóta gönguferðanna heldur getur það veitt ókunnugum ómælda gleði og ánægju að mæta þarinu á göngu:

Minnisstæður er mér gamall maður, sem ég mætti oft á morgnana. Hann var lítill og boginn í baki og líkast því sem á lotnum herðunum hvíldi þung, ósýnileg byrði. Augu hans voru döpur og lýstu langvarandi þjáningum. Svipbrigðalaust andlitið var umkomuleysið sjálft. En mætti þessi maður litlum hundi, sem var á morgungöngu í gleði sinni og æskuþokka, þá var eins og réttist ofurlítið úr bognu bakinu og þunglyndisleg ásjónan varð skínandi björt, líkt og þá er sól rís úr skýjarofi (Ástríður Sigurmundadóttir, 1960:19).

Annarra manna hundar innan samfélagsins, geta því hæglega verið „einmana sálum til mikils gleðiauka og jafnvel til geðverndar á stundum“ (Halldór Þorsteinsson, 1960).

Hunda- og kattalaus borg þarfnast stærri spítala fyrir geðsjúklinga en hin, sem hefur yfirunnið minnimáttarkennd „sveitamenskunnar“ og gefur einmana borgarþúum og öðru hjartagóðu fólki frjálsræði um að auðsýna hundum, köttum og ýmsum öðrum húsdýrum umönnun og góðleika (Gunnar Bjarnason, 1960).

Herzog (2011) gagnrýnir umræðuna um heilsufarslegan ávinning hundahalds og annars gæludýrahalds fyrir að vera of einsleit og bendir á að inn í orðræðuna um hunda sem heilsubót vanti allar þær rannsóknir sem hafa sýnt fram á hið gagnstæða en hafa ekki fengið eins víðtæka umfjöllun. Tekur hann nokkrar rannsóknarniðurstöður til yfirlits sem sýndu m.a. fram á að lífslíkur gæludýraeigenda í kjölfar hjartaáfalls voru minni en þeirra sem héldu engin gæludýr auk þess sem líklegra var að þeir veiktust aftur (Parker, Gayed, Owen, Hyett, Hilton og Heruc, 2010), nærvera hunds hafði engin áhrif á blóðþrýsting þeirra sem unnu að krefjandi

verkefnum (Straatman, Hanson, Endenburg og Mol, 1997), gæludýraeigendur hreyfðu sig minna og voru frekar í yfirvigt en þeir sem héldu engin gæludýr (Wright, Kritz-Silverstein, Morton, Wingard og Barrett-Connor, 2007), gæludýraeigendur voru hvorki minna einmana eða hamingjusamari en aðrir (Gilbey, McNicholas og Collis, 2007) og gæludýraeigendur sem tengdust dýrum sínum sterkum böndum voru líklegri til að þjást af þunglyndi en þeir gæludýraeigendur sem sögðust eiga í veikari tengslum við dýr sín (Miltiades og Shearer, 2011; sjá Herzog, 2011:237). Dró Herzog þá ályktun að, þrátt fyrir að gæludýr margra hafi góð áhrif á alhliða heilsufar eigendanna, þá er of mikið ósamræmi í rannsóknum til þess að hægt sé að alhæfa um heilsufarslegan ávinning af gæludýrahaldi yfir heildina (Herzog, 2011:237). Einnig eru þættir eins og misræmi í rannsóknarsniðum, of fámenn og einsleit úrtök, mismunandi skilgreiningar hugtaka og ólíkar túlkanir niðurstaða til þess fallnir að skapa ósamræmi á milli rannsókna um sama efni. Þannig er jafn líklegt að hundahald leiði til betri heilsu og meiri hamingju gæludýraeigenda og að fólk sem er við betri heilsu og er hamingjusamara fyrir, hafi orku til þess að annast hund og viðhalda tengslunum til lengri tíma (Herzog, 2011:238). Engu að síður taldi Herzog (2011) mikilvægt að rannsaka sálfræðilegt og menningarlegt mikilvægi annarra dýrategunda því slíkt sjónarhorn gæti varpað einstöku ljósi á margar hliðar mannlegs eðlis.

Hundar og börn: Jákvætt uppeldisgildi?

Í lok sjötta áratugarins var svo komið að hundum hafði fækkað svo í Reykjavík að borgarbörnin þekktu varla lengur þennan besta vin mannsins. Í fjarveru sinni voru hundar ekki lengur taldir villi- eða óþrifadýr sem börnum stóð stuggur af heldur voru þeir orðnir tákmynd náttúrunnar sem börnum var talið nauðsynlegt að komast í tengsl við til að sporna gegn „óróa og spennu“ hins náttúrusnauda borgarlífs (Sverrir Þórðarson, 1970).

Levinson (1978:1031) komst að því að í tæknivæddu borgarumhverfi eins og okkar getur návist dýra dregið úr firringu og gæludýrahald gat haft jákvæð áhrif á sálfræðilegan þroska barna hvað snertir samkennd, sjálfstraust, sjálfsaga og sjálfstæði. Því sterkara samband sem var á milli barna og gæludýrs því líklegra var að barnið sýndið aukna samkennd (Perosky, 1999). Margir voru þeirrar skoðunar að mitt í einmanalegu malarlífinu væri jákvætt uppeldisgildi fyrir börn fólgið í því að eiga dýr sem þau gætu lært að umgangast, annast um og látið sér þykja vænt um („Mesta hætta“, 1963; Guðmundur Hannesson, 1970). Umgengni við hunda væri einkum til þess fallin að „gera börn að betri manneskjum“ (Birgir Kjaran, 1970) og kenna þeim að taka tillit til annarra og gera „sér ljóst að ekki má troða á þeim sem eru minni máttar („Vandræði“, 1962) því „[s]amúð, sem nær lengra en til mannanna...er sá

siðferðiseiginleiki, sem manningum er nauðsynlegt að ávinna sér“ (Ástríður Sigurmundadóttir, 1960:11). Dagleg umönnun og umgengni við heimilishundinn var þannig talin hafa mannbætandi áhrif á borgarbörnin sem uxu úr grasi á mölinni á tímum óróa og spennu (Sverrir Þórðarson, 1970) og því til mikils að vinna:

Væri ekki hægt að forða mörgum börnum frá sumum af meinum mannlífsins, með því að lofa þeim að lifa dálítið nær eðli sínu, kenna þeim að umgangast þau dýr, sem möguleiki er á að hafa, af ástúð og nákvæmni. Þá yrðu samvistirnar báðum mikils virði. Hvers konar manntegund verður það, sem vex upp í háum húsum, slitin úr öllum tengslum við náttúruna og þekkir aldrei hinn dásamlega heim dýranna? (Ástríður Sigurmundadóttir, 1960:19).

Hundahald var sérstaklega talið hafa góð áhrif á alhliða þroska barna:

Vísindalegar rannsóknir bandarískra sálfræðinga hafa leitt í ljós þá sérkennilegu staðreynd, að umgengni við heimilishunda hækkar greindarvísitölu barna, veitir þeim óþvingaðri tilfinningaútrás, skapar með þeim ábyrgðartilfinningu og ræktar með þeim þær kenndir, sem taldar eru grundvöllur að heilbrigðu sálarlífi, svo sem blíðu, væntumþykju, umhyggju og tryggð (Jakob Jónasson, 1970a:47).

Ýmsum blöskraði sú áhersla sem var lögð á nauðsyn hunda í uppeldi borgarbarnanna á sjötta áratugnum og fannst umræðan vera komin út á hálán ís þegar hundavinir voru farnir að beita börnunum fyrir sig til að réttlæta ólöglegt hundahald sitt:

Ég efast um, að hundavinum heppnist betur uppeldi barna sinna, en okkur sem i því efni höfum ekki stuðzt við hundahald (Pétur Sigurðsson, 1969).

Sumir brugðu á það ráð að gera óspart grín að umræðunni í heild (Páll Guðmundsson, 1969) á meðan aðrir lögðu áherslu á þá staðreynd að hundar væru lifandi verur en ekki hlutir sem foreldrar gætu rétt börnum sínum upp í hendurnar, eins og leikföng:

Það hefur oft verið klifað á því, að fátt sé eins hollt fyrir börn og að umgangast dýr, en flest kaupstaðabörn hafa ekki annað tækifæri til að kynnst þeim en af bókum, og er því oft freistast (*sic*) til að taka að sér hund í trássi við lögin, til að börnin fái að kynnst þeim að eigin raun. En hundur er ekki leikfang, heldur vinur og félagi og það verða þau að gera sér ljóst (Reinhardt Ágúst Reinhardtsson, 1969).

Engu að síður hefur hundurinn átt sinn sérstaka stað í mörgu barnshjartanu sem þótti óskiljanlegt að mega ekki njóta samvista við þennan besta vin sinn:

[Ókunnugur maður] vísaði síðan lögreglunni á hundinn og tókum við þann kost, að koma honum í sveit. Það var ekki hægt að myrða þetta, svona ungt og fagurt. Það er hægt að myrða fleira en menn. Þegar bíllinn rann burt með

hundinn, stóðu börnin og horfðu á eftir honum. Brjóst þeirra bifaðist af trega, en þau stilltu sig, aðeins nokkur tár féllu og blönduðust ryki götunnar. Þegar þau komu inn, kom þeim saman um, að betra hefði verið að eiga Búrra og missa hann en að hafa aldrei þekkt hann. Þegar unglingarnir komu heim úr skólanum sögðu þeir: „Nú er svo lítið gaman að koma heim, það er ekkert til að heilsa“. En bráðlega rak annan hund á fjörunar hjá okkur... (Ástríður Sigurmundadóttir, 1960:11).

Besti vinur mannsins

„Sá er nú meir en trú og tryggur...“. Með þessum línunum hefst kvæði Gríms Thomsen, *Rakki*, sem fjallar um tryggð hundsins við húsbónda sinn. Grímur, sem stundaði búskap á Bessastöðum meðfram skáldskap og stjórnmálaþátttöku, mat hunda sína mikils og í kvæðum sínum „víkur hann stundum að því að hann taki dýrin fram yfir mennina og eru lýsingar hans á málleysingjum oft ákaflega fallegar og beinlínis hjartnæmar...“ (Páll Valsson, 1996:357). Trygglyndi hans, húsbóndahollusta og skilyrðislaus viðtekt á mannum eru þekkt sagnaminni hundsins:

Svo er trygð (*sic*) hundsins rík við húsbónda sinn, að þess eru dæmi, að hundar hafa ekki viljað lifa eftir húsbændur sína dána, en svelt sig í hel, en aðrir hundar hafa lagst á leiði húsbændna sinna, og ekki vikið þaðan til annars en að fá sjer (*sic*) mat, og biðið (*sic*) dauða síns á leiðinu. Mun ekki auðfenginn fegurri minnisvarði en hundur dauður eða lifandi, á leiði húsbóndans, og er vís vottur um trygð (*sic*) og vináttu, sem er of fátíð manna milli á þeirri trygðlausu (*sic*) öld, sem nú stendur yfir (Árni Árnason, 1925).

Samkvæmt Menache (2000) á viðhorfið til hundsins sem tryggðartákns rætur að rekja til evrópskrar riddaramenningar miðalda og endurspeglar í senn hollustu riddarans við konung sinn og hugrekki við veiðar. Ef rýnt er vandlega í sagnfræðilegar heimildir tengdar hundum má ekki aðeins sjá að hundahald hefur fylgt mannum í einhverri mynd og með ólíkum áherslum frá örófi alda heldur má einnig greina tilhneigingu mannanna til þess að yfirfæra þau gildi samfélagsins, sem höfð eru í heiðri innan þess á hverjum tíma, yfir á hundinn (Menache, 1998). Hundurinn er þannig hlutgerður og hafinn til vegs og virðingar sem táknmynd hins fullkomna og eftirbreytniverða sem mennirnir hafa að leiðarljósi og reyna að tileinka sér. Á þann hátt er hægt að ráða margt um samfélagsgerðina af því hvernig ritað og rætt er um hunda. Til dæmis var hundurinn tákn hugrekksis og dirfsku þegar mennirnir þurftu á aðstoð hans að halda við veiðar á miðöldum en fyrir hinn einmana stórborgarbúa nútímans er hann aftur á móti táknmynd ástúðar og öryggis (Menache, 1998, 2000).

Trygglyndi hundsins er gjarnan stillt upp á móti hverflyndi mannsins, þar sem sá fyrrnefndi verður bæði kennari og fyrirmynd hins síðarnefnda í siðferðislegri háttvísi og dyggðum. Til er saga af Schopenhauer og hundi hans, sem hann nefndi upp á sanskrít Atma, sem þýddi *heimssál*:

Þegar Schopenhauer gramdist mannlegir brestir í fari hundsins, kallaði hann seppa homo (þ.e. maður) í refsingarskyni („Frægir menn“, 1960).

Önnur fræg saga, sem teflir hverflyndi manna gegn trygglyndi hundsins, er af mjóhundinum Guinefort sem var í eigu riddara nokkurs. Einn dag þurfti riddarinn að ganga erinda utan kastalans og þar sem enginn var til að gæta barnsins skildi hann Guinefort eftir hjá vöggunni. Við heimkomuna kom riddarinn að Guinefort þar sem hann stóð, blóðugur um kjaftinn, yfir vöggu barnsins sem lá á hvolfi á gólfinu. Samstundis réðst riddarinn í örvæntingu að hundinum og felldi hann því hann var þess fullviss að hundurinn hefði grandað barninu. Þar sem riddarinn stóð yfir líki Guineforts heyrði hann barnið gráta undan vöggunni og um leið tók hann eftir líkamsleifum risastórs snáks sem lá þar hjá. Rann þá upp fyrir riddaranum að hann hafði sviðið hund sinn því hinn trygglyndi Guinefort hafði í raun bjargað lífi barnsins en fengið að launum óréttlátan dauðdaga. Varð hundurinn Guinefort upp frá því þekktur sem verndari (e. saint) barna (Kete, 1994:25-26). Slíkar sögur af ævarandi tryggð hundsins lýsa því vel hvernig hin angurværa táknmynd hundsvináttunnar er hafin til skýjanna svo mannleg vináttusambönd hreinlega fölna í samanburðinum:

vinátta hunds er tiltölulega auðunnin og hún er aldrei endaslepp á meðan líf treinist og er það meira en sagt verður almennt um mannlega vináttu (Hundavinur, 1936).

Í nærveru hunds finnst mörgum þeir geta slakað betur á og verið þeir sjálfir, án allra látalæta, því hundurinn gagnrýnir ekki, hann býður hvorki ráðleggingar né veitir manninum umvandanir (Levinson, 1969, 1972; Beck og Katcher, 1983; Siegel, 1962; sjá Robin og Bensel, 1985). Hin óyrta samskiptatengsl manns við góðan hund eru mörgum dýrmæt því í þeim felst sérstæði tengslanna sem hundaeigandinn túlkar ekki aðeins sem tákn um skilyrðislausu ást og viðtekt hundsins í sinn garð heldur einnig um skilning hundsins á því sem þeim fer á milli:

Tryggð hundsins er alkunn og manninum oft til huggunar og gleði i einstæðingsskap og sorgum. Kannski þá stundum betra að „tala við hann“ en nokkurn mann. Það getur verið róandi og göfgandi að eiga hund að féлага og hugleiða tilveruna í návist hans (Þórarinn Helgason, 1971).

Oft kemur túlkun hundaeigandans á líkamlegu fasi hundsins, upp um hans dýpstu óskir, þarfir og þrár sem hann á ef til vill óhægt með að deila með öðrum:

Þegar ég kem heim...þá ræðst konan á mig til að segja mér frá einhverju, sem hún hefur keypt og nú þarf að borga, börnin spyrja hvað ég hafi fært þeim. Enginn gleðst yfir komu minni nema hundurinn minn... („Ef þú átt“, 1978).

Samkvæmt Lorenz (1949/1953) á „fölskvalaus tryggð“ hundsins og fylgispekt hans við manninn upptök sín í eðlislægri hollustu við hópinn og í „hinu haldgóða, barnslega trúnaðartrausti, sem er afleiðing sambúðar hunds og manns“ (Lorenz, 1949/1953:173). Við ræktun hunda hefur maðurinn leitast eftir því að festa ákveðna barnslega eiginleika hundsins í sessi. Þeirra á meðal er hið sérstæða vináttuþel þeirra, hundsástin. Þegar hvolpar eru teknir frá móður sinni við upphaf tamningar yfirfæra þeir ástúðina í hennar garð yfir á mennskan húsbónda sinn og á aðeins nokkrum dögum „eru þau tryggðarbönd hnýtt, sem eru margfalt sterkari en nokkur slík tengsl milli vor mannanna“ (Lorenz, 1949/1953:171).

Táknmynd hundsins sem trygglynds vinar mannsins er í bland runnin undan rifjum manggervingaráratu okkar þar sem við gerum hundinum upp ýmsar dyggðir og kosti sem við teljum eftirsóknarverða án þess í rauninni að hafa nokkuð annað en líkamstjáníngu og nærveru hundsins fyrir okkur. Archer (1997) bendir í því tilliti til þess að manggerving (e. anthropomorphism) eigi stóran þátt í því hversu nálægt sér maðurinn hefur dregið hundinn og telur hana einnig ýta undir þá staðreynd að félagsleg staða margra gæludýra er nú orðin á pari við aðra heimilismeðlimi (Archer, 1997:252).

Hundar sem fjölskyldumeðlimir

Á milli áráanna 1980 og 1990 beindist rannsóknaráhugi fræðimanna í meira mæli að sambandi hunda og eigenda þeirra. Niðurstöður sýndu fram á að megin ástæða fólks fyrir hundahaldinu var einkum félagslegt gildi þess. Í dag telur mikill meirihluti eigenda hundinn sinn vera hluta af fjölskyldunni (Albert og Bulcroft, 1988; Hirschman, 1994; Beck og Katcher, 1996; Belk, 1996; Cohen, 2002; Franklin, 2007; Shir-Vertesh, 2012). Honum er leyft að valsa um alla kima heimilisins líkt og öðrum heimilismeðlimum og jafnvel sofa í rúmum þeirra (Franklin, 2007). Sem fjölskyldumeðlimir eru hundar innlimaðir inn í siði og hefðir fjölskyldunnar, til dæmis eru myndir af þeim í fjölskyldubúminu eða uppi á vegg, þeim eru gefnar jólagjafir og afmælisgjafir, á hátíðadögum fá þeir betri mat eins og aðrir heimilismeðlimir, þeim er sinnt umsvifalaust þegar þeir þurfa á læknishjálp að halda, þeir eru þvegnir og tannburstaðir reglulega og margir eigendur innrita þá á hundaleikskóla á meðan þeir eru sjálfir í vinnu

(Dresser, 2000; sjá Walsh, 2009; Franklin, 1999; „Hundaleikskóli“, 2003). Það eru því ýmis fríðindi sem felast í því fyrir hundinn þegar hann er innlimaður inn í fjölskylduna:

...hundaeigendur sem elska dýr sín eins og vini og féлага, telja ekki eftir sér þá fyrirhöfn að gæta þeirra af alúð og kostgæfni og hugsa um velferð þeirra í hvívetna. Þeir sjá um að venja hundana, svo að þeir verði ekki fólki til leiðinda og ama. Þeir líta á þá sem fjölskyldumeðlimi, en ekki leikföng („Blóðbað“, 1970).

Þegar hið nána samband manns og hunds er tekið til umfjöllunar í þeim tilgangi að skilja eðli þess og tilurð verður ekki hjá því komist að rýna í áhrif síbernsku (e. neoteny) og manggervingar (e. anthropomorphism). Archer (1997) styðst við kenningu Lorenz (1943) sem hélt því fram að barnslegt útlit ungvíðis, síbernska (e. neoteny), þ.e. ávalt höfuð, stórt enni, stór og möndlulaga augu, stuttir útlímur og klaufalegar hreyfingar, kalli fram krúttviðbrögð (e. cute response) hjá okkur mannfólkinu, sem verði til þess að ýta undir umönnunarhvöt okkar gagnvart þeim. Tók hann kjölturakka sem dæmi en ræktun smáhunda miðast aðallega við að viðhalda barnslegu útliti sem verður til þess að fólk er bæði jákvæðara í garð þeirra og líklegra til að koma fram við þá eins og börn (Archer og Monton, 2011). Til dæmis tala hundaeigendur oft við dýrin sín í hærri tóntegund en við aðra og nota einfaldari orð, sbr. hvernig sumar mæður babbla við ungbörn sín og er þessi hegðun algengari á meðal kvenkyns gæludýraeigenda (Mitchell, 2001; sjá Steiner, Silver, Hall, Downing, Hurton og Gray, 2013; Katcher, 1981). Einnig hafa rannsóknir á hormóninu oxytocin stutt við kenninguna, en oxytocin er tengslamyndandi hormón sem hefur róandi áhrif í gegnum nána snertingu, eins og faðmlög, brjóstagjöf eða nudd (Ellison og Gray, 2009; sjá Steiner o. fl., 2013).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að seytun hormónsins eykst við það þegar manneskja handfjatlar, klappar eða leikur við hund, og það sama gerist hjá hundinum sem á hlut í samskiptunum. Benda þessar niðurstöður til þess að sams konar snerting og venjulega er veitt ungabörnum eða nánnum ástvini, leysir úr læðingi lífefnafræðilega svörun sem ýtir undir umönnunarviðbrögð gagnvart öðrum dýrategundum og styrkir tengsl/samband á milli mannfólks og hunda (Ellison og Gray, 2009; sjá Steiner o. fl., 2013). Hinir barnslegu andlitsdrættir ýta einnig undir manggervingaráráttu okkar í garð gæludýranna okkar (Archer, 1997). Manggerving (e. anthropomorphism) er í stuttu máli sú tilhneiging mannanna til þess að ljá ómennskum fyrirbærum, hlutlægum og/eða huglægum, mannlega eiginleika, hvort sem þeir eru í formi hugsana (e. thoughts), tilfinninga (e. emotions), áhugahvatar (e. motivation) eða hyggju (e. beliefs) (Serpell, 2003). Í gegnum síbernsku og manggervingu öðlast hundurinn mannlegan sess innan sífjakerfis fjölskyldunnar álíkan þeim sem börn hafa (Beck

og Katcher, 1996; Shir-Vertesh, 2012). Hundurinn verður „strákurinn“ eða „stelpan“ í augum eigandans sem að sama skapi talar um sjálfan sig sem „mömmu“ eða „pabba“ hundsins. Börn tala um heimilishundinn sem „bróður“ eða „systur“ og jafnvel tala foreldrar hundaeigandans um sjálf sig sem „afa“ hundsins og „ömmu“ (Belk, 1996; Charles, 2014). Innan fjölskyldunnar getur heimilishundurinn verið eins og „límið“ sem heldur heildinni saman með því að gefa heimilismeðlimum tilefni til aukinna samskipta, samverustunda, leikja og hláturs (Cain, 1983; sjá Walsh, 2009:483). Sem fjölskyldumeðlimir og trúnaðarvinir geta hundar verið uppspretta félagslegs stuðnings með tilheyrandi alhliða heilsufarslegum ávinningi en einnig geta þeir auðgað þau sambönd sem fyrir eru á milli heimilisfólksins og jafnvel fært þeim nýja vini, eins og áður hefur komið fram.

Í samræmi við félagslega stöðu hundsins sem fjölskyldumeðlims getur fráfall hans valdið eigendum jafnmikilli hjartasorg og þeir myndu upplifa ef um náinn ættingja eða ástvin væri að ræða (Walsh, 2009; Charles, 2014). Margir hundaeigendur í Reykjavík lýstu því yfir að hundurinn væri eins og einn af fjölskyldunni og ef þeir neyddust til að láta hann af hendi, í samræmi við lög hundabannsins, þá væri það líkt og afhenda barn sitt („Hunda eða ekki“, 1969). Töldu sumir það hálfgerið hættuspil að stofna til tilfinningalegra tengsla við hunda undir bannlögunum:

Bæjarbúar ættu að fara varlega í það að hæna að sjer (*sic*) hunda. Mörgum þykir vænt um þá og segir lögregluþjónn, sem fjallar um þessi mál, að engu sje (*sic*) líkara stundum, þegar komið er að sækja hundana, en að verið sje (*sic*) að taka börnin af heimilunum („Hundahald er bannað“, 1947).

Það er því ljóst að í mörgum tilvikum áttu reykvískir hundaeigendur um sárt að binda í kjölfar þess þegar lögreglan gerði reglulegar rassíur í bænum til að fækka hundum með því að fjarlægja heimilishundinn og lóga honum:

Fjölskylda, sem bjó við sömu götu og ég, sýndi þessum forna vini mannanna mannsæmandi tryggð og hélt einn hund á heimili sínu. Börnin voru fjögur, indæl og vel uppalin og léku sér við litla fjörmikla hundinn sinn. Það var unun að horfa á gagnkvæma vináttuna. En skyndilega var gleðin úti. Geðill kona í næsta húsi...tók skyndilega að gjamma grimmdarlega að hundinum litla í hvert sinn, er hún sá hann. Í fyrstu lét hvutti eins og hann sæi ekki geltandi konuna, en er þessu hafði haldið linnulaust áfram um hríð tók honum að leiðast þófið og galti á móti í sömu tóntegund. Daginn eftir komu lögreglumenn í bíl og tóku — nei ekki kerlinguna, eins og maður hefði haldið — heldur hundinn. Ég hef aldrei séð eins mikla breytingu verða á litlum saklausum börnum. Veröldin hafði ekki aðeins svikið litla saklausa hundinn þeirra, hún hafði einnig sýnt börnunum allsnakið mannleysið í gervi stórra lögregluþjóna, sem kvökuðu um það, að þeir væru aðeins að gegna skyldu sinni (Guðmundur Þorsteinnsson, 1969).

Jakob Jónasson, geðlæknir, bendir á að afleiðingar nauðungarlógana heimilishunda geta skilið eftir varanleg sár á mannsálinni:

Í starfi mínu sem geðlæknir hefi ég oftsinnis sannreynt, að missir og nauðungalóganir hunda hafa valdið eigendum þeirra og unnendum þungum andlegum áföllum. Þeir eru tengdir hundunum sterkum tilfinningaböndum eins og hverjum öðrum fjölskyldumeðlimum eða ástvinum, og eru þessi áföll oft miklu alvarlegri og afdrifaríkari en almenningur gerir sér grein fyrir, bæði meðal barna og fullorðinna (Jakob Jónasson, 1970b).

Guðmundur [Hermannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn] tók það þó fram „að það væri engan veginn skemmtilegt verk fyrir lögregluna að taka hunda af fólki, því að í sumum tilvikum væri það eins og að taka börnin af fólkinu“ („Hundadagar“, 1970). Því sóttu þeir ekki eins hart fram og áður og gæfu nú fólki frest til að koma hundunum í annað bæjarfélag eða koma þeim af sér á annan hátt.

Réttindasjónarmiðið

Upp úr 1970 fór deilan um hundahaldið í borginni að snúast í auknum mæli um réttindi borgarbúa og fannst mönnum mikið misrétti felast í stöðu hundamála (Þórir H. Óskarsson, 1984; Valdemar Sörensen, 1982; „Dæmd í sekt“, 1983). Þeir sem voru andvígir hundahaldinu töldu sig eiga heimtingu á að borgaraleg réttindi þeirra væru virt. Þeir vildu geta sofið um nætur án þess að hundgelt truflaði ró þeirra, farið í göngutúr án þess að stíga í hundaskít, ræktað garðinn sinn og að börn þeirra gætu leikið sér úti óáreitt og örugg („Hundar verða hér“, 1962; Pétur Sigurðsson, 1969; Jakob, 1980; Sigurður Þórðarson, 1981; Íbúi í Norðurmýrarhverfi, 1982; Kona í Fossvogi, 1984; Benjamín H.J. Eiríksson, 1984). Í þeirra augum var hundurinn hvítleitt deiluefni á milli nágranna og gat sem slíkur valdið „algerum vinslitum í áður friðsömum hverfum“ (Bjarni Björnsson, 1970). Hundavinir töldu það hins vegar vera sjálfsögð mannréttindi og einkamál hvers og eins hvort þeir héldu hund eða ekki innan borgarinnar, svo framarlega sem það skaðaði engan og beittu fyrir sig tilfinningarökum („Bann hundahaldsins“, 1960; „Mesta hætta“, 1963; Ásgeir Guðmundsson, 1984; „Fögnum þessari“, 1984). Hundurinn var í þeirra augum besti vinurinn, fjölskyldumeðlimur, tryggur vinur og félagi barnanna (Sigrún Gísladóttir, 1984).

Bæjarbúar virtust allt frá upphafi vera á báðum áttum með hvort hundabannið væri í gildi eður ei, þar sem hundar sáust alloft á götum borgarinnar á tímabilinu í trássi við lög (Hermann við Hrístateig, 1944; „Hundar og lögreglusamþykkt“, 1945; „Lögreglan hefur“, 1954; „Hefur verið slakað“, 1970; Jónas Kristjánsson, 1984). Af þeim fjölda ólöglegu hunda sem

voru í bænum þrátt fyrir bannið sást best „að löngun manna til að eiga þessi dýr [var] sterkari en löghlýðni þeirra“ (Halldór Þorsteinsson, 1960:13). Enda voru hundaeigendur ítrekað kallaðir lögbrjótar og svo virtist á stundum sem ólöghlýðni þeirra færi meira í taugarnar á andstæðingum hundahaldsins en hundarnir sjálfir (Bjarni Björnsson, 1970; Þórður Einarsson, 1970; Jón Ásgrímsson, 1970; Guðjón V. Guðmundsson, 1975; Sigurgeir Jónsson, 1977). Ólafi Símonarsyni, lögregluþjóni, fannst Íslendingar til að mynda vera ólöghlýðnir með eindæmum:

Menn leggja ólöglega dag eftir dag, og virðast ekki kippa sér neitt upp við sektir. Hundahald er bannað í Reykjavík, en annar hver maður á hund. Gangandi fólk gengur yfir á rauðu ef mögulegt er. Og fleira mætti tína til („Hefur ekki misst“, 1983).

Fólk sá ekki hvaða tilgangi það þjónaði að halda uppi lögum sem ógerningur virtist vera að framfylgja:

Það er hverju þjóðfélagi skaðlegt að hafa þykjustu lög. Slíkt drepur virðingu fólks fyrir öllum lögum, því að ef sumum lögum á alls ekki að fullnægja, hvers vegna þá öðrum, eða hverjum öðrum? („Hófsamlegt hundahald“, 1970).

Og fólki blöskraði misréttið og tvískinningurinn sem einkenndu hundamál borgarinnar:

einn ráðherranna neitar að fylgja settum reglum í þessu máli og hundruðir annarra Reykvíkinga hafa hund án þess að yfirvöld gripi í taumana. Tvískinningur af þessu tagi leiðir af sér virðingarleysi gagnvart lögunum („Með ólögum“, 1984).

Lögregluþyriföldum var legið á hálsi fyrir að leyfa lögbrjótunum sem voru í minnihluta að vaða uppi og kúska meirihlutann, sem enga hunda vildi hafa í borginni, með því að framfylgja illa hundabanninu („Hundadagar“, 1970 ; „Ekki áhuga á“, 1971; Íbúi í Norðurmýrarhverfi, 1982; Ingimar Sigurðsson, 1983). Í anda lýðræðis átti meirihlutaöldmálið að ráða og þar sem meirihlutinn var andvígur hundahaldi var það skoðun manna að minnihlutinn ætti að virða það með því að láta af ólöglegu hundahaldi sínu og kröfum (Jón Ásgrímsson, 1970; Hjörtur Jónsson, 1984). Ennfremur höfðu ekki allir trú á því að hundaeigendur, sem hingað til höfðu brotið lög vísitandi og skammlaust, myndu allt í einu taka að virða strangar reglur hundahaldsins yrði það gefið frjálst (Ólafía Jónsdóttir, 1971). Engu að síður fannst mörgum skynsamlegri kostur að leyfa hundahald með ströngum skilyrðum fremur en halda uppi lögum sem augljóst var orðið að engin leið væri að framfylgja en tóku jafnframt fram að öllum réttindum fylgdu skyldur sem bæri að virða („Hófsamlegt hundahald“, 1970; „Blóðbað“, 1970; M. Skafftells, 1970; Jón Magnússon, 1983; Jóhann Helgason, 1983; Ásgeir Guðmundsson, 1984).

Hundaeigendur töldu að ríkjandi hundabann væri „smánarblettur á íslenskri löggjöf“ þar sem það bryti gegn 8. grein mannréttindasáttmála Evrópu, um friðhelgi einkalífsins og meinaði íslenskum hundaeigendum réttinda sem aðrar siðmenningarþjóðir veittu sínum þegnum (Jakob Jónasson, 1973). Gekk málið, eins og áður sagði, svo langt að það endaði fyrir álitsnefnd Mannréttindanefndar Evrópu, sem úrskurðaði sem svo að hundur gæti ekki talist hluti af einkalífi manns þar sem hann hefði áhrif á opinbert líf (e. public life) annarra einstaklinga, og því væru hundaeigendur í Reykjavík ekki verndaðir af 8. gr. Mannréttindasáttmálans (Björg Thorarensen, 2005:292). Málinu var þar með vísað á bug og auðséð að barátta hundaeigenda yrði ekki unnin með mannréttindasjónarmiðinu einu saman þar sem réttindi eins ná aðeins svo langt sem réttindi annars byrja. Sést það best á því að þrátt fyrir að hundahald sé nú leyfilegt í Reykjavík eru þess engu að síður dæmi um að hundar hafi verið dæmdir út af heimilum sínum í kjölfar þráláttra nágrannadeilna vegna lausagöngu og/eða ónæðis (Úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, 2009, 2012).

Davíð Oddsson, borgarstjóri, komst þannig að orði um muninn á löglegu og ólöglegu hundahaldi að það væri meira vesen að hafa það löglegt því þá þyrftu „hundaeigendur að standa í því að láta skrá hundana, tryggja þá, greiða af þeim alls konar gjöld og hreinsa þá árlega“ en væri hundahaldið ólöglegt væri það „ekkert vesen“ („Vesen eða“, 1984). Þar sem Davíð hefur verið þekktur fyrir að tala undir rós getur vel verið að hann hafi látið þessi ummæli falla í flimtingum. En þar sem öllu gamni fylgir nokkur alvara þá má velta því fyrir sér hvort ein ástæðan fyrir því að það dróst svo á langinn að leyfa hundahald með ströngum reglum hafi legið í því að borgaryfirvöld töldu málið hreinlega ekki hafa nægilegt pólitískt vægi til þess að taka það alvarlega og sinna því sem slíku. Það var ekki fyrr en einn úr æðstu embættisröðum, Albert Guðmundsson, var kærður og hótandi að flytja af landi brott, að borgaryfirvöld gerðu sér ljóst að þau kæmust ekki upp með það lengur að skirrast undan málefninu og fela sig á bak við rök sem flestir töldu tímaskekkju.

Kjartan Gunnar Kjartansson (1976) bendir á að boð og bönn sem miða aðallega að því að útiloka ýmis mannleg vandamál geta beinlínis verið skaðleg samfélaginu:

Með bönnum er oft verið að spara mönnum ómakið, að bregðast skynsamlega við ákveðnum aðstæðum, það er verið að draga úr ábyrgð þeirra. Eftir því, sem yfirvöld auka slík afskipti af mannlegum samskiptum, dregur úr nauðsyn einstaklinganna til að taka sjálfstæða ábyrga afstöðu. Hæfnin til þess þverr að sama skapi, og mannleg siðfræði breytist í ósjálfráða löghlýðni við valdboðunum (Kjartan Gunnar Kjartansson, 1976).

Með því að banna ýmis samfélagsleg fyrirbæri eru valdhafar ekki aðeins að skerða frelsi manna heldur einnig möguleika mannlegrar reynslu og þar með mannlegt líf (Kjartan Gunnar Kjartansson, 1976). Því verður að hafa í huga, þegar samfélagi eru sett lög, hvort lögín eru réttmæt eða ekki. Réttmæti banna fer eftir því hvort þeim takist að þjóna tilgangi sínum, þ.e. „hvort bannið útiloki fleiri neikvæð áhrif en jákvæð“ og hvort „þau vandamál, sem koma á í veg fyrir með banninu, séu raunveruleg vandamál, en ekki yfirskín fordóma og [þröngsýni]“ (Kjartan Gunnar Kjartansson, 1976). Miðað við hvernig talað var um hunda og hundaeigendur í verstu tilfellunum má velta því fyrir sér hvort andstaðan við hundahald í borginni hafi ekki að einhverju leyti stafað af fordómum og þröngsýni í garð hunda og hundaeigenda (Velvakandi, 1970; Bjarni Björnsson, 1970; „Albert einn“, 1970). Hvað varðar réttmæti hundabannsins var augljóst að um leið og hættan á sullaveikinni var liðin hjá komst ójafnvægi á milli neikvæðra og jákvæðra útilokunarþátta. Frá 1970 var hundurinn ekki lengur talinn argasti smitberi sullaveikinnar heldur fjölskyldumeðlimur með félagslegt stöðuígildi barna. Því var ekki furða að fólk átti erfitt með að skilja rök yfirvalda, sem sneru að sullaveikivörnum, því þeim fannst þau bersýnilega vera úr takti við nýja tíma. Í þessu samhengi er vert að rifja upp álit Jónasar Kristjánssonar sem taldi að sveitasamþykktir og lagaleg sektarákvæði væru gagnlítill verkfæri til að takast á við vandann sem fylgdi hundum og sullasmithættu. Samhuga vilji og fullkominn skilningur fólksins á eðli vandans væri sú lausn sem vænlegust væri til árangurs en ekki eintóm boð og bönn (Jónas Kristjánsson, 1925).

Halldór Þorsteinsson (1960) gerði sér ljóst fyrir rúmri hálfri öld að breytingar tækju langan tíma og í hans augum voru það kynslóðaskiptin sem voru drifkraftur sögulegra breytinga:

ráðamenn hér, sem eru flestir annað hvort fæddir upp í sveit eða ættaðir þaðan, álíta að engir hundar eigi tilverurétt nema fjárhundar. Í þeirra augum er kaupstaðurinn líka of fínn til þess að hér séu hafðir hundar. Þess vegna er það mikil bjartsýni að halda, að það verði leyft fyrir en sveitamanablóðið (*sic*) í æðum bæjarfulltrúanna er komið niður fyrir einn desilíttra og fleiri götur hafa verið malbikaðar og það verður í fyrsta lagi um næstu aldamót (Halldór Þorsteinsson, 1960:13).

Líklegt er að þau hafi átt stóran hlut að máli en sjálfsagt var um samanlögð áhrif fleiri þátta en malbiks og sveitamannablóðs að ræða. Hins vegar reyndist Halldór sannspár þegar hann sagði að hundahald yrði ekki leyft fyrir en í fyrsta lagi um aldamótin síðustu, en eins og komið hefur fram var hundahald fyrst gert leyfilegt árið 2006.

Samantekt

Þeir sem voru andvígir hundahaldi í borginni studdust helst við neikvæðari hliðar heilbrigðis- og hreinlætissjónarmiðsins sem voru einkum lausir hundar, ónæði, hætta, óþrifnaður og smithætta. Svo virðist sem hundaeigendur hafi ekki gætt þess sem skyldi að hafa hunda sína í taumi utanhúss en kvartanir vegna lausagöngu hunda voru að koma fram alveg til 1982, og jafnvel lengur. Þó nokkuð var um það í byrjun hundabannsins að kvartað væri yfir því að börnum hafi staðið stuggur af lausum hundum og þorðu mörg þeirra ekki út að leika sér af ótta við hundana. Einnig hafði fólk áhyggjur af því að ónæði vegna hunda yrðu fljótt að deilum á milli nágretta og hafa slæm áhrif innan hverfa.

Þá tókust hundavinir og andstæðingar hundahaldsins á um hver réttur staður hundsins væri. Andstæðingum fannst hundurinn vera náttúrudýr sem þyrfti frelsi sveitarinnar til að líða vel og töldu það jafnast á við dýranið að tjóðra hunda innan lítilla garðreita eða halda þeim fönnum innan heimila. Rétti staður hundsins að þeirra mati var í sveitinni þar sem hann gat notið víðáttu náttúrunnar og hefði þar nytjahlutverki að gegna við að reka búfé í og úr haga. Hundaeigendur og –vinir svöruðu því viðhorfi með því að benda á að hundurinn væri fyrst og fremst félagsdýr sem ætti sér mörg þúsund ára sögu um samlífi með mannum og gæti illa unað sér án hans. Rétti staður hundsins væri því fyrst og fremst við hlið mannsins, hvort sem það væri í sveit eða borg.

Á sjötta áratugnum fer að gæta þess viðhorfs að hundar væru hollir og góðir félagar fyrir börnin, sem yrðu að betri manneskjum fyrir vikið. Hundar voru ekki lengur ógn heldur höfðu þeir uppeldisgildi og eflað þroska barna á fjölmörgum sviðum, andlegum og félagslegum.

Á áttunda áratugnum fer að bera á hugmyndum fólks um að þörf fólks fyrir að halda hunda væri byggð á annarlegum hvötum. Hundahald var fyrir þá sem voru einmana, þá sem skorti félagslega færni til að afla sér mannlegra vina, þá sem gátu ekki eignast börn og þá sem vildu einhvern í kringum sig til að drottna yfir og kúga. Hundar voru félagslegir staðgenglar vina, maka og barna.

Frá miðjum fjórða áratugnum og allt til ársins 1984 var það viðhorf hundaeigenda að hundurinn væri einn af fjölskyldunni. Því tók fólk það afskaplega óstinnt upp þegar lögreglan fór að heimta hunda af heimilum til lógunar og margir upplifðu sorg og söknuð í kjölfarið, líkt og þeir hefðu misst ástvin úr mannheimum. Sérstaklega var mikil áhersla lögð á hundinn sem fjölskyldumeðlim og besta vininn frá 1970, auk þess sem heilsufarslegur ávinningur hundahaldsins var vel metinn af hundaeigendum. Á tímum óróa og spennu í þjóðfélaginu var

hundurinn besta mótefnið því hann tengdi manninn við náttúruna og þar með sitt upprunalega eðli.

Þegar kom fram á áttunda áratuginn fór að bera á mannréttindasjónarmiðum, bæði hjá fylgjendum og andstæðingum hundahalds í borginni. Þeir sem voru andvígir hundahaldinu töldu það borgaralegan rétt sinn að fá svefnfrið fyrir hundgá, að geta gengið um götur án þess að stíga í hundaskít og að börnin þeirra og garðræktunin fengi frið fyrir hundum. Fylgjendur hundahaldsins töldu það vera sín mannréttindi að halda hund innan heimilisins svo framarlega sem það skaðaði ekki náungann.

Andstæðingar hundahaldsins létu það enn fremur fara fyrir brjóst sér hvað hundaeigendur voru óskammfeilnir við að brjóta lögin og töldu ekki koma til greina að borgaryfirvöld færu að verðlauna lögbrotana með leyfilegu hundahaldi. Ítrekuðu þeir að Ísland væri lýðræðisríki þar sem meirihlutalögmálið réði og þar sem meirihluti borgarbúa væri mótfallinn hundahaldi ættu hundaeigendur að sjá sóma sinn í því að láta af hundahaldi sínu og temja sér löghlýðnara líferni.

NIÐURSTÖÐUR

Í upphafi rannsóknarinnar á sögu hundahalds í Reykjavík á bannárum þess var lagt upp með þrjár rannsóknarspurningar. Sú fyrsta miðaði að því að kanna ástæður þess að hundahald var upphaflega bannað árið 1924: *Af hverju var banni við hundahaldi komið á í Reykjavík 1924? Hvers vegna varð það eins langt og raun bar vitni?*

Í upphafi hundabannsins voru hundar og sullaveiki nátengd fyrirbæri, eins og áður hefur verið lýst. Söguleg nálægð við hættu sullaveikinnar var nægilega mikil til þess að fólk skildi tilgang hundabannslaganna og svo virðist sem flestir hafi fylgt þeim eftir, ef marka má það sem komið hefur fram hér áður um að hundar hafi verið svo sjaldséðir í borginni undir lok sjötta áratugarins að börnin þekktu ekki lengur þennan besta vin mannsins. Smám saman dró úr þessari nálægð samfara minnkandi sauðfjárrækt innan borgarinnar og eftir því sem leið á tuttugustu öldina komu fram kynslóðir borgarbúa sem voru í sífellt minni tengslum við sögu sullaveikinnar. Það var aðallega að fólk tengdi hana við sveitalíf og sauðfjárrækt, hvort tveggja samfélagsþættir sem búið var að úthýsa úr borginni árið 1970. Samfara veru hans í borginni fór hlutverk hundsins að breytast, hann gegndi ekki lengur nytjahlutverki heldur fyrst og fremst selskapshlutverki innan heimila borgarbúa.

Önnur ástæðan fyrir því að hundabanni var komið á í Reykjavík var vegna þess að lausir hundar voru orðnir félagslegt vandamál. Þeir hlupu um götur bæjarins, geltandi og glefsandi á eftir gangandi vegfarendum sem stóð stuggur af þeim. Sérstaklega börnum, sem voru bæði bitin og hrelld af óvöndum hundum sem hlupu gjarnan saman í hópum um göturnar. Það var því ekki aðeins í

forvarnarskyni vegna sullaveikinnar að hundabanni var komið á í kaupstaðnum heldur einnig vegna þess að bæjarbúar voru búnir að fá nóg af ófriðnum, óþrifunum og ógninni sem lausir hundar ollu. Svo vel gekk að fækka hundum í borginni að á sjötta áratugnum voru þeir orðnir sjaldséð sjón. Eftir 1960 tók hundum að fjölga hratt í Reykjavík þrátt fyrir bann en nú voru allt aðrar áherslur lagðar í hundahaldið. Sauðfjárræktin var deyjandi búgrein innan borgarmarkanna og fólk sóttist nú eftir því að halda heimilishunda í selskapsskyni. Eftir því sem dró í sundur með sauðfé og hundum í borginni minnkaði smithætta sullaveikinnar. Sullaveikinni hafði verið útrýmt á þessum tíma en þó fundust einstök tilfelli af og til í sveitum landsins. Hundaeigendur í Reykjavík töldu flestir að forsendur hundabannsins frá 1924 væru brostnar og árið 1970 fóru þeir fram á það við borgaryfirvöld að þau tækju lögin um hundahald til endurskoðunar, með það að markmiði að gera það leyfilegt með ströngum skilyrðum. Þrátt fyrir að borgin væri breytt og íbúar hennar tekið upp nútímalegri lífsstíl virtust yfirvöld vera treg til þess að slaka á reglum um hundahald. Einkum voru það heilbrigðisyfirvöld sem töldu fulla ástæðu til þess að vera á varðbergi gagnvart sullaveikinni og notuðu þau rök alveg fram á níunda áratug tuttugustu aldarinnar, en af því sem komið hefur fram er ljóst að fordómar lituðu afstöðu heilbrigðisyfirvalda. Einnig litu þau til erlendra stórborga þar sem reynslan af hundahaldi var í þeirra augum síður en svo ákjósanleg fyrir íslensku höfuðborgina. Óttast var að ef hundahald yrði gert leyfilegt myndi hundum í borginni fjölga til muna og í kjölfarið myndu kvartanir og nágrannaerjur aukast. Borgarstjórn bar við meirihlutalýðræði og þar sem meirihluti borgarbúa var á móti hundahaldi í borginni taldi hún ekki stætt á því að fara gegn vilja meirihlutans.

Hundabanninu var því komið á upphaflega til að fækka hundum og draga þannig úr smithættu sullaveikinnar og því var viðhaldið eins lengi og raun bar vitni vegna ótta og hræðslu yfirvalda við að sullaveikin eða aðrir smitsjúkdómar tækju sig upp auk þess sem bæði yfirvöld og andstæðingar hundahalds í borginni virtust hafa áhyggjur af því að leyfilegt hundahald myndi aðeins leiða til félagslegrar upplausnar. Ennfremur höfðu borgaryfirvöld lýðræðissjónarmið að leiðarljósi vegna þrýstings meirihlutans sem vildi banna hundahald í borginni.

Önnur rannsóknarspurningin miðaði að því að kanna viðhorf þeirra sem voru á móti hundahaldi í borginni: *Hver voru helstu rök þeirra sem voru á móti hundahaldi í borginni? Hvaða viðhorf til hunda og hundahalds voru áberandi? Hvernig þróuðust þessi viðhorf?*

Líkt og yfirvöld, báru andstæðingar hundahalds í Reykjavík einkum fyrir sig heilbrigðis- og hreinlætisrökunum. Hundar í borgum voru að þeirra mati gjörsamlega óþarfir, af þeim stafaði smithætta, hætta á bitum og slysum, börnin voru ekki örugg á götum úti fyrir lausum hundum, gelt og gjamm raskaði ró manna í íbúðahverfum og mönnum hryllti við því að götur borgarinnar tækju að fyllast af hundaskít ef hundahaldið yrði gefið frjálst. Þessi viðhorf voru allsráðandi í rökum andstæðinga hundahalds allt tímabilið og breyttust lítið. Ef til vill hafði það neikvæð áhrif að hundaeigendur borgarinnar virtust margir hverjir ekki virða taumskyldu sem skyldi og var verið að kvarta yfir lausagangi hunda alveg fram til 1984. Þegar kom fram á sjöunda áratuginn hafði borgin tekið miklum breytingum, mannfjölgunin hafði verið hröð og borgin þandist út. Þá tók að bera á

dýraverndunarsjónarmiðum þeirra sem voru á móti hundahaldi. Sögðust þeir margir hverjir ekki vera á móti hundum heldur þvert á móti væru þeir miklir hundavinir og þess vegna gætu þeir ekki fallist á það að hundar væru haldnir innan borgarinnar eins og fangar, lokaðir inn í litlu rými heimilanna og úr öllum tengslum við sitt upprunalega eðli sem sveitadýra. Fannst mörgum hundahald í borgum jafnast á við dýraníð og rétti staður hundsins var í sveitinni þar sem hann gæti hlaupið um frjáls um tún og haga. Andstæðingar hundahaldsins beittu auk þess fyrir sig þeim viðhorfum að það væri skringileg áráttá hjá fólki að sækjast eftir því að halda hund í þéttbýli. Var reynt að gera lítið úr félagsfærni hundaeigenda og látið í veðri vaka að þeir væru á einhvern hátt frábrugðnir öðrum íbúum borgarinnar. Um 1970 tóku viðhorfin til hundahaldsins að litast af hugmyndum um réttindi og skyldur borgarbúans. Andstæðingar hundahaldsins töldu það vera borgaraleg réttindi sín að þurfa ekki að umbera ógn við öryggi sitt og ýmis vandamál sem stafað gátu af hundum, sérstaklega lausum hundum. Töldu þeir hundaeigendur vera lögbryóta sem ógnuðu samfélagsáttmálanum með ólöghlýðni sinni og því bæri yfirvöldum ekki að verðlauna þann minnihluta með því að verða við kröfum þeirra um leyfilegt hundahald.

Þriðja og síðasta rannsóknarspurningin vék að fylgjendum hundahaldsins: *Hver voru helstu rök þeirra sem voru fylgjandi hundahaldinu? Hvaða viðhorf til hunda og hundahalds voru áberandi? Hvernig þróuðust þessi viðhorf?*

Hundaeigendur og aðrir sem voru fylgjandi hundahaldi í Reykjavík báru einkum fyrir sig tilfinningarökum sem voru hluti af *innri aðstæðum* fólksins og birtust í hugmyndum þeirra um félagslegt og andlegt mikilvægi hundsins. Hundarnir voru sítryggir vinir þeirra, félagar og fjölskyldumeðlimir með sína sérstöðu innan heimilisins. Einnig litu margir á hundana sína sem hálfgerð börn. Um 1960 fundu margir áhyggjuefni í því hvað borgarbörnin virtust vera að fara á mis við náttúruna og í kjölfarið fór umræðan um hunda og börn að taka breytingum. Börnum stóð ekki lengur stuggur af hundum heldur var þeim talið nauðsynlegt að vera í tengslum við dýr svo þau myndu læra að huga að þeim sem voru minni máttar. Návist hunda á heimilunum hafði jákvætt uppeldisgildi fyrir börn sem urðu að betri manneskjum fyrir vikið.

Fylgjendur hundahaldsins voru ósammála rökum andstæðinganna um að rétti staður hundsins væri til sveitar. Töldu þeir að hundarnir í Reykjavík væru flestir þeirrar tegundar sem væru ekki eins harðgerir og íslenski fjárhundurinn, enda hundar sem höfðu vanist hlýjum húsakynnum frá upphafi auk þess sem persónuleg vinátta var talin mikilvægari fyrir borgarhundana en sveitarakkana. Þar sem hundurinn þurfti aðeins á nálægð við húsbónda sinn að halda fyrir andlega velferð þá var augljóst að rétti staður hundsins var við hlið mannsins, hvort sem hann væri í borg eða sveit.

Þá tefldu fylgjendur hundahaldsins fram þeim rökum að náíð samneyti við hunda væri heilsusamlegt nútímamanninum sem, í hraða nútímalífsins, átti á hættu að missa jarðtenginguna og verða furringu og streitusjúkdómum að bráð. Varð þetta viðhorf sérstaklega áberandi í lok sjöunda áratugarins og hélst það í hendur við gífurlegar þjóðfélagsbreytingar sem höfðu orðið á stuttum tíma í Reykjavík. Það var ekki laust við að borgarbúar, margir hverjir, upplifðu aukið öryggisleysi innra með

sér í kjölfar allra breytinganna. Fyrir vikið varð fólki tíðrætt um tryggð og vináttu hundsins sem var jafnan lofuð að því marki að hún tók mannlegri vináttu fram. Aukinn einmanaleiki var talinn fylgifyskur borgarlífsins og fátt var betra fyrir þá sem voru einmana en vináttusamband við hund. Hundurinn hafði þá kosti að vera alltaf til staðar, hann gagnrýndi hvorki né veitti ráðleggingar og hann geymdi það sem honum var sagt í trúnaði með sjálfum sér.

Á sjöunda áratugnum fór að kræla á mannréttindasjónarmiðinu í rökum hundavina en þau urðu sérstaklega áberandi í umræðunni sem hófst fljótlega upp úr 1970. Aukinn samtakamáttur fyrir tilstilli Hundavinafélagsins og Hundaræktarfélags Íslands hafði þau áhrif að hundaeigendur fóru að mynda samstöðu sín á milli um málstaðinn og gátu beitt auknum þrýstingi á yfirvöld fyrir vikið. Hins vegar virtist það ekki nægja því hundaeigendur voru ávallt í miklum minnihluta gagnvart þeim sem voru á móti hundahaldi í borginni.

Viðhorf þeirra sem voru fylgjandi hundahaldinu, til hunda og hundahalds í borginni, þróuðust almennt í takt við breytta tíma og endurspegluðu gjarnan þau viðhorf sem fólk hafði gagnvart samtímanum hverju sinni. Einnig höfðu vísindalegar rannsóknir erlendis frá, á sambandi manns og hunds, áhrif á viðhorf þeirra til hundahaldsins og þar með sjálfs sín, því góður hundur var talinn endurspegla góðan eiganda.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

